# FRÉTTABLAÐIÐ

267. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 14. NÓVEMBER 2015




# Borgarkynslóðin

Það er ódýrara, umhverfisvænna og skemmtilegra, segja félagar í Græna hlunkinum, en saman deila þeir og fjölskyldur þeirra einum bíl. Skipulagsfræðingur segir nýja kynslóð vera að líta dagsins ljós, borgarkynslóðina, sem kjósi í meira mæli að leggja einkabílnum. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Henrý Steinn gengur með stúlku →36



Stimpluð drusla →28



Hernámið endalausa →32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Norðlæg átt** 5-13 metrar á sekúndu í dag. Él um landið norðan- og vestanvert og sums staðar skúrir við ströndina. Stöku skúrir eða él suðaustanlands, en annars víða þurrt og bjart veður. Vægt frost til landsins, en annars 0 til 5 stiga hiti. SJÁ SÍÐU 48

# Rannsókn fer fram í erfiðum aðstæðum

**SLYS** Mennirnir tveir sem létust í flugslysinu suðvestur af Hafnarfirði í gær hétu Hjalti Már Baldursson og Haukur Freyr Agnarsson. Mennirnir voru einir um borð og voru úrskurðaðir látnir á vettvangi.

Hjalti Már var á fertugsaldri og lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn. Haukur Freyr var á þrítugsaldri, barnlaus og ógiftur. Boðað hefur verið til samverustundar í Vídalínskirkju í Garðabæ á morgun.

Báðir voru þeir kennarar við Flugskóla Íslands og felldi skólinn, sem og Tækniskólinn sem Flugskólinn heyrir undir, alla kennslu niður í gær. Þá var öllum nemendum sem töldu sig þurfa boðið upp á áfallahjálp.

Vettvangsrannsókn rannsóknarnefndar samgönguslysa og rannsóknardeildar lögreglunnar hófst í gær í hrauninu þar sem vélin brotlenti. Aðstæður í hrauninu eru erfiðar og er ekki fært þangað nema með þyrlu sem torveldar rannsóknina.

Flugvélin sem fórst var af gerðinni Tecnam og var ein af fimm nýjum vélum Flugskóla Íslands sem komu til landsins í upphafi mánaðarins. Fyrir átti skólinn þrjár vélar sömu tegundar.

Tilgangur flugsins var þjálfun annars flugkennarans í flugi þessarar flugvélartegundar. Flak flugvélarinnar verður flutt í flugskýli rannsóknarnefndarinnar þegar rannsókn á vettvangi lýkur.

Búist er við því að rannsókn á tildrögum slyssins taki langan tíma. **– þea**

**» Vélin sem fórst var ein af fimm nýjum vélum Flugskóla Íslands.**

## Einbeitingin í hámarki



**Keppt um Evrópumeistaratitilinn** Firnasterkar skákkonur etja kappi á Evrópumóti landsliða í skák í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skólastjórar sömdu til 2019

**KJARAMÁL** Skólastjórafélag Íslands hefur samþykkt nýjan kjarasamning félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samninginn samþykktu 249 félagsmenn með 70 prósentum greiddra atkvæða.

Meginmarkmið samninganna var að hækka laun deildarstjóra, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra í smærri skólum. Sú hækkun var í raun á kostnað þeirra sem stýra stærri skólum, en þeir voru þó ekki að bera minna úr býtum.

Dregið hafði í sundur með hópunum í kjörum og hefur sá munur nú verið leiðréttur að einhverju leyti.

Samninganefnd félagsins skrifaði undir samning þann 4. nóvember síðastliðinn eftir langt og strangt samningaferli.

Á kjörskrá voru 511 manns. Atkvæði greiddu 354 og eins og áður sagði samþykktu 249 samninginn. 87 höfnuðu honum og auðir seðlar voru 18. Samningurinn gildir til 31. mars 2019. **– snæ**






# Bónda gengur illa að verjast rjúpnaskyttum

**Gunnar Björnsson, bóndi í Sandfellshaga í Öxarfirði, segir suma rjúpnaveiðimenn hvorki virða eignarrétt bænda né lögmæta veiðidaga. Veiðimenn á þessu svæði haga sér náttúrlega eins og barbarar, segir lögregluvarðstjóri á Húsavík.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var orðið eins og á Sýrlandi,“ segir Gunnar Björnsson, bóndi í Sandfellshaga í Öxarfirði, sem lengi hefur varist ásókn rjúpnaveiðimanna sem virða ekki eignarrétt, reglur um rjúpnaveiðidaga eða akstur utanvega.

Gunnar segir að á miðvikudag í síðustu viku hafi hann frétt af tveimur mönnum sem festu bíl sinn inni á Búrfellsheiði. Hann hafi grennslast fyrir og heyrt að þeir væru stórtækir rjúpnaveiðimenn frá Húsavík. „Mér var sagt að þeir væru þekktir fyrir það að fara um allt á bíl og virða hvorki eignarlönd né rjúpnadaga,“ segir Gunnar sem viðurkennir að snúið gæti verið að sanna að mennirnir hafi verið á veiðum. Hins vegar hafi þeir skilið bíl sinn eftir þar sem hann bilaði utanvegar.

„Ef bíllinn var utan slóða þá hefði verið hægt að sanna að þeir hafi verið í utanvegaakstri. Og það er miklu meiri sekt við því heldur en að vera tekinn ólöglegur á veiðum,“ segir Gunnar. Hann hringdi í lögregluna og bauðst til að vísa á bílinn. „En daginn eftir hringdi lögreglumaður í mig og sagðist ekki hafa fengið fjárveitingu í þessa ferð.“

Bóndinn rifjar upp dæmi af rjúpnaskyttum sem hann kærði fyrir nokkrum árum. „Ég fékk bréf frá ríkissaksóknara um að málið væri fellt niður vegna þess að sektin væri svo lítil miðað við fyrirhöfnina. Erum við ekki komin í svolítið skrítið þjóðfélag?“ spyr hann.

Langflestir rjúpnaveiðimenn fara að sögn Gunnars eftir reglum. Það séu þó ávallt nokkrir sem svari fullum hálsi ef gerðar eru athugasemdir við ólöglegar veiðar. „Það hefur verið stríð um rjúpnalandið hér uppi á heiðinni í áratugi. Landið er þannig að það er hægt að keyra um allt og menn fara á rjúpu án þess að fara út úr bílnum heldur senda bara hundinn eftir veiðinni,“ segir Gunnar. Um daginn hafi hann hringt í veiðimann sem ekki hirti um að fá leyfi. „Hann sagði mér bara að halda kjafti.“

Hreiðar Hreiðarsson, lögregluvarðstjóri á Húsavík, kveðst ekki þekkja tilvikið sem Gunnar nefnir en segir lögregluna algerlega meðvitaða um slík mál og fara í eftirlitsferðir eins og hægt sé. „En það er kannski einn maður vakt og það skilar engu,“ bendir hann á.



**Sumir veiðimenn aka utan vegar og skjóta út um bílglugga.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Hann sagði mér bara að halda kjafti.**
>
> Gunnar Björnsson,
> bóndi í Sandfellshaga

Hreiðar segir veiðivörslu fyrir rjúpnabændur ekki í verkahring lögreglu frekar en við laxveiðiár. „Bændur þurfa að verða sér úti um sína veiðigæslu sjálfir, afla sönnunargagna og hreinlega mynda menn við veiðar. Þá geta þeir lagt fram kæru,“ segir Hreiðar.

Varðstjórinn tekur undir með Gunnari bónda um framgöngu rjúpnaveiðimanna. „Veiðimenn á þessu svæði austur á Öxarfjarðarheiði haga sér náttúrlega bara eins og barbarar. Sú hegðun þar er alveg stórmerkileg og sér á parti,“ segir Hreiðar og nefnir, eins og Gunnar, veiðar út um bílglugga.

„Menn fara á bílum eins og þeir mögulega geta og keyra upp í hvert gilið á fætur öðru til að leita að rjúpum. Sumir skjóta út um gluggana og fara ekki fimmtíu metra frá bíl. Og þeir sem ætla að fara gangandi til rjúpna snúa bara við því að þeir fá bíl fram úr sér eftir hálftíma labb,“ segir varðstjórinn á Húsavík. **gar@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN | blómaval

FROST

# SAMTENGJANLEGAR
## LED SERÍUR, MARGIR LITIR

Samtengjanlegar LED seríur sem þola íslenskt veður og henta fyrir heimili, fyrirtæki og bæjarfélög.

FROST seríurnar fást eingöngu í Húsasmiðjunni.

Tengdu margar seríur saman á eina kló. Samtengjanlegar í allt að 2000 ljós! 4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð og marglit.

33% afsláttur

**3.990kr** ~~5.990kr~~

SAMTENGJANLEGAR LED ÚTISERÍUR
100 LED

**Seríuráðgjöf í Skútuvogi**
Sérfræðingar í seríum veita ráðgjöf.

# SERÍUR

Allt að 40% afsláttur

## Ótrúlegt úrval af LED seríum á lægra verði

**990kr** ~~1.990kr~~
LED úti og inniséría
Úti og inni, 40 LED.
hlý hvít

FROST
**6.990kr** ~~8.990kr~~
33% afsláttur
SAMTENGJANLEGAR
Samtengjanleg LED útiseríunet
Samtengjanleg, 120 LED, 2 x 2 m, 4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð, marglit
14500300-3

SIRIUS
30% afsláttur
**5.990kr** ~~8.590kr~~
SAMTENGJANLEGAR
Oskar, LED
10 ljósa sería samtengjanleg allt að 10 seríur sem gera 100 LED ljós.

FROST
**599kr** ~~799kr~~
25% afsláttur
LED innisería
20 LED, 3 litir: hvít, rauð, marglit
Til með snúru eða rafhlöðu

LATIBÆR SKEMMTIR KL 14:30

23% afsláttur
Jólagjöf
**9.900 kr**
FULLT VERÐ: 12.990
Remington rakvél
Rotary
1804547

40% afsláttur
Jólagjöf
**8.870 kr**
FULLT VERÐ: 14.790
Kaffivél Russell Hobbs
Stál, 10 bollar.
1840125

Jólagjöf
**9.995 kr**
FULLT VERÐ: 13.995
Hleðsluborvél EPC12CAB
12V, 2 rafhlöður
5245999
28% afsláttur

Jólastjarna
**999kr** ~~1.990kr~~

### DAGSKRÁ Í SKÚTUVOGI LAUGARDAG

**14:30-15:00 Latibær**
Íþróttaálfurinn, Solla og Siggi sæti skemmta

**13:00-16:00 Gefum ís**
Allir krakkar fá gefins barnaís í Kaffi Garði

**13:00-16:00 Seríuráðgjöf**
Sérfræðingar í seríum veita ráðgjöf við val á LED seríum

**13:00-16:00 Osram kynning**
Sérfræðingur frá Osram kynnir úrval valkosta í stað hefðbundinna glópera. 20% afsláttur

26% afsláttur
Jólagjöf
**6.995 kr**
FULLT VERÐ: 9.495
Verkfærakista Neo
63x40x35.5 cm
5024813

25% afsláttur
Jólagjöf
**12.490 kr**
FULLT VERÐ: 16.688
Blandari Russell Hobbs
Illumina
1840078

Matarstell 30 stk
Fyrir 6 manns
2000419
Jólagjöf
**5.999 kr**
FULLT VERÐ: 7.990
25% afsláttur

**1.199kr** ~~1.990kr~~
40% afsláttur
Aðventuljós
7 arma, 4 litir.
14500400-403

**Tilboð gilda til 15. nóvember á meðan birgðir endast.** Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 9.11.2015 - 15.11.2015

**1.050 tonn**

af innfjarðarrækju verður heimilt að veiða á næsta fiskveiðiári.

**750 farþegar**

komast til Tenerife og 550 til Kanaríeyja í upphafi næsta árs; tvöfalt fleiri en á sama tíma í ár.

**60 fyrirtæki**

skuldbundu sig í vikunni til að setja sér markmið í loftslagsmálum.

**7,7 milljarðar króna**

runnu í ríkiskassann í formi veiðigjalda á síðasta ári.

**100 vísindamenn**

frá 26 löndum komu að verkefninu FutureVolc.

**220 lögregluþjóna**

þarf til starfa til að mæta lágmarksþörf að mati ríkislögreglustjóra.

**13 föld**

er notkun geðlyfja á Íslandi samanborið við árið 1975.

**40% nýrra bíla**

sem keyptir hafa verið í ár fara til bílaleiga.

## Þrír í fréttum
## Sunddrottning, Samfylking og hatursglæpir



Sundkonan **Kristín Þorsteinsdóttir** setti tvö heimsmet og tíu Evrópumet á Evrópumeistaramóti alþjóðasundsambands fólks með Downs-heilkenni. Kristín vann til fimm gullverðlauna auk þess sem hún hlaut ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun. Í lokahófi fékk Kristín viðurkenningu fyrir bestu frammistöðu mótsins í kjöri þjálfara, fararstjóra og annarra liða!



**Össur Skarphéðinsson**, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, sagði flokkinn skorta kraft og áræði. Í viðtali við Fréttablaðið sagði Össur að ekki væri hægt að setja stöðu flokksins alla á herðar Árna Páli. Síðustu átján mánuðirnir í lífi ríkisstjórnar Jóhönnu ættu mikinn þátt í núverandi stöðu. Össur kvaðst tilbúinn í hvaða veðmál sem væri um að núverandi ríkisstjórn félli í næstu kosningum.



**Eyrún Eyþórsdóttir** lögreglufulltrúi verður tengiliður til þeirra hópa í samfélaginu sem hatursglæpir beinast gegn. Hún tekur við nýrri stöðu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir áramót og rannsakar hatursglæpi. Eyrún segir þessa glæpi hafa verið tekna föstum tökum í Evrópu og að þeirri þróun sé fylgt hér á landi.

# Verkfallsboðun virðist hafa komið hreyfingu á viðræður

Skriður er kominn á viðræður prófessora og háskólakennara við ríkið. Funda næst á mánudag og formaður Félags prófessora er bjartsýnn. Nemendur eru áhyggjufullir. Yrði fjórða verkfallið á þremur önnum.

**KJARAMÁL** „Það er kominn gangur í þessar viðræður núna og þar held ég nú að atkvæðagreiðslan [um verkfallsaðgerðir] hafi hjálpað til,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, formaður Félags prófessora við ríkisháskóla, um yfirstandandi kjaraviðræður félagsins og Félags háskólakennara við ríkið. Fundað var í vikunni og boðað til nýs fundar í deilunni á mánudag.

Prófessorafélagið boðaði undir lok október undirbúning aðgerða í desember. Í vikunni var svo samþykkt með 85 prósentum atkvæða verkfall 2. til 18. desember náist ekki samningar.

„En núna er sem betur fer komin töluverð hreyfing á málin,“ segir Rúnar og segir samninganefndina alltaf leyfa sér að vera vongóða um að saman náist. Fundurinn á mánudag sé hins vegar mjög mikilvægur og ráði töluverðu um framhaldið.

„Það vill enginn stefna háskólastarfinu í upplausn eins og ef verst færi. Það myndum við síst vilja.“ Hins vegar hafi verið „ótrúlegur dráttur og tregða“ í viðræðunum. Félögin hafi fallist á að bíða bæði eftir niðurstöðu í deilu BHM og hjúkrunarfræðinga sem endaði með gerðardómi og svo eftir niðurstöðu SALEK-hópsins. Þó hafi viðræður lítið þokast áfram þegar þau mál lágu fyrir, þrátt fyrir að gefið hafi verið í skyn að samningar yrðu greiðari þegar þau mál leystust.

„En ég leyfi mér að vera bjartsýnn og trúi ekki öðru en að ríkið vilji koma til móts við sanngjarnar kröfur félagsins,“ segir Rúnar, en það vilji verja kaupmátt prófessora. „Og það má ekki gerast að þeir dragist aftur úr öðrum á vinnumarkaði.“ Þar fyrir utan þurfi að horfa á málið í alþjóðlegu samhengi því um sé að ræða hóp sem geti fengið vinnu um allan heim. „Og lætur auðvitað ekki bjóða sér hvað sem er hér heima.“

**olikr@frettabladid.is**



**Háskólanemar eru langþreyttir á truflun sem ítrekaðar verkfallsaðgerðir hafa á nám þeirra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **En ég leyfi mér að vera bjartsýnn og trúi ekki öðru en að ríkið vilji koma til móts við sanngjarnar kröfur félagsins.**



Rúnar Vilhjálmsson formaður Félags prófessora við ríkisháskóla

## Örlar á reiði hjá nemendum

Háskólanemar hafa þungar áhyggjur af boðuðu verkfalli prófessora og segir Aron Ólafsson, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands, örla á reiði meðal nemenda. Þeir séu langþreyttir á sífelldum verkfallshrinum. Jólapróf falla niður ef af verkfallinu verður.

„En við vonum innilega að það verði leyst úr þessum málum,“ segir Aron. Áhrifin á nemendur geti hins vegar orðið töluverð. Þannig fái nemendur sem taki námslán hjá LÍN ekki lán sín greidd út nema að þeir ljúki tilskildum einingafjölda. Þá yrði þetta í fjórða skiptið á þremur önnum sem verkfall yrði í Háskólanum.

Verði af verkfalli þá nær það til Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla. Þá myndu öll námskeið sem prófessorar hafa umsjón með frestast eða falla niður, eða um helmingur allra prófa. **– sks**





# Fangelsisfrumvarp viðhaldi vandanum

**STJÓRNMÁL** „Við bentum á það að frumvarpið er samið að mestu leyti af Fangelsismálastofnun um Fangelsismálastofnun. Svo bentum við á það að Íslendingar eru ekki komnir með betrunarstefnu, heldur erum við með refsikerfi,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga.

Frumvarp til laga um fullnustu refsinga var lagt fram á Alþingi í vikunni. Afstaða hafði gert athugasemdir við drög frumvarpsins í júní en lítur svo á að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra.

„Það eru fjögur atriði sem eru rosalega góð: Lenging á samfélagsþjónustu, lenging á rafrænu ökklabandi, reynslulausn fyrr fyrir unga afbrotamenn og fjölskylduleyfi fyrir langtímafanga. En þau eru gagnslaus í raun og veru,“ segir Guðmundur.

„Þó þú takir einhverja konfektmola úr lögum Norðurlandanna þá er það gagnslaust ef þú tekur ekki allt betrunarkerfið. Við í dag eigum enga sérfræðinga í betrun, enga þekkingu, menntun og reynslu.“

> **Við í dag eigum enga sérfræðinga í betrun, enga þekkingu, menntun og reynslu.**



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga

Guðmundur segir að allt bendi til þess að annar hver fangi komi aftur í fangelsin og sextíu prósent fanga útskrifist sem öryrkjar. „Þetta er bara erfiður staður. Málið er að fangelsiskerfi virkar ekki nema það sé gulrótarkerfi. Í dag eru svo fá úrræði og þú þarft að bíða svo lengi að menn geta bara haldið áfram að haga sér eins og hálfvitar allan tímann, verið í agaviðurlögum og neyslu en það skiptir engu máli.“ **– snæ**



**Allt bendir til að annar hver fangi komi aftur í fangelsin.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Komdu í vetrarfönn hjá Toyota í Kauptúni í dag kl. 12-16. Sjáðu hvernig landið liggur hjá samningsliprum sölumönnum okkar. Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum á sýningunni og glæsilegir aukahlutapakkar með völdum bílum. Að auki færðu 25% afmælisafslátt af vetrarvörum í verslun okkar. Sjáðu hvaða ævintýri bíða þín í vetur. Við hlökkum til að sjá þig.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ Sími: 570-5070






FÍR

**Framhaldsaðalfundur Félags íslenskra rafvirkja**

*Framhaldsaðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn mánudaginn 16. nóvember kl. 18 að Stórhöfða 27 1.hæð, í sal Rafiðnaðarskólans. Gengið inn Grafarvogsmegin*

***Dagskrá***

- *Venjuleg aðalfundarstörf*
- *Lagabreytingar*
- *Önnur mál*

*Veitingar verða í boði frá 17.45. Mætum öll með félagsskírteini.*

***Félag íslenskra rafvirkja***



**Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins**

**Verður haldinn laugardaginn 14. nóvember frá kl. 13-16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.**

**Á boðstólum verða fallegar handunnar prjónavörur, munir sem tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar tertur.**

**Allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til mannúðarmála, innanlands.**

**Allir hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.**

**Nánari upplýsingar á www.raudikrossinn.is/reykjavik**



Rauði krossinn Reykjavík-Kvennadeild


## Þessa leið, kæri kollegi



**Opinber heimsókn** Forsætisráðherra Indlands, Narendra Modi, og forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, sjást hér á leið í göngutúr í garði þess síðarnefnda í Buckinghamskíri. Það er engu líkara en Cameron biðji Modi um að vara sig á þrepinu sem hann stígur af eða jafnvel biðji hann um að fylgja sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samskipti eftir ofbeldi geta haft áhrif á ákæru

**Vararíkissaksóknari segir að ef sönnun sé veik í kynferðisbroti geti jákvæð samskipti þolanda og geranda í kjölfar brotsins skapað málinu erfiða stöðu. Sálfræðingur segir mikla skömm geta fylgt samskiptunum þegar unnið er úr broti.**

**SAMFÉLAG** „Ég kyssti hann á munninn með bros á vör þegar ég kvaddi hann – með hnút í maganum og illt alls staðar.“ Svona lýsir kona hegðun sinni eftir nauðgun undir myllumerkinu #eftirkynferðisofbeldi í Facebook-hópnum Beauty Tips í gær.

Konan er ein hundraða kvenna sem hafa sagt frá viðbrögðum sínum skömmu eftir nauðgun sem svar við ummælum Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, verjanda í Hlíðanauðgunarmálinu, á vef Stundarinnar á fimmtudag. Þar lét hann hafa eftir sér: „Það er fráleitt að nokkur eigi svona broskalla- og gleðisamskipti við einhvern mann sem er nýbúinn að nauðga henni.“

Þær spurningar vöknuðu í samfélagsumræðu gærdagsins hvort hegðun eftir nauðgun gæti haft áhrif á ákæruferli eða sakfellingu fyrir dómi.

„Ef sönnun um brot er veik, þá styrkist hún ekki við það ef samskiptin á milli fólks eftir atvikin bera það ekki með sér að neitt hafi í skorist,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari. „Hins vegar ef sönnun er sæmilega góð þá stoppar það ekki neitt. En þetta getur komið inn í heildarmat ef staðan er mjög veik sönnunarlega.“

Hann segir að öfugt við það sem margir haldi þá séu líkamlegir áverkar eftir kynferðisbrot ekki endilega algengir. Horfa þurfi heildstætt á myndina, en fyrst og fremst atvikið sjálft og aðdraganda þess.

Þá geti verjendur rakið samskipti þolanda og geranda af nákvæmni fyrir dómi. „Verjendur myndu náttúrulega reifa það að þetta hafi verið svona og að hún hafi ekki kært fyrr en eftir langan tíma. Það getur auðvitað verið bent á að það sé ekki venjan að fólk eigi í vinsamlegum samskiptum eftir nauðgun.“

Þóra Sigfríður Einarsdóttir, sálfræðingur hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni, segir þolendur spyrja sig að því hvers vegna þeir brugðust svona við brotinu. „Þetta verður hluti af skömm í kjölfar kynferðisbrots. Fólk á erfitt með að trúa því að það hafi orðið fyrir kynferðisbroti og spyr hvort það hafi boðið upp á þetta. Það eru dæmi um að þolendur sendi skilaboð eftir á um að brotið hafi verið allt í lagi.“

Þá verði að hafa í huga að í einhverjum tilfellum búi þolendur og gerendur saman. „Fólk heldur oft áfram að umgangast eftir svona brot, stundum er það óhjákvæmilegt en stundum vegna þess að fólk hefur eðlilega þörf fyrir að afneita því sem kom fyrir,“ segir Þóra.

snaeros@frettabladid.is

**Þetta getur komið inn í heildarmat ef staðan er mjög veik sönnunarlega.**



Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari

# TAX FREE
# DAGAR



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **SNYRTIVÖRUM, LEIKFÖNGUM, BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI, GJAFAVÖRU OG GARNI**
DAGANA 12.-16. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Á fimmta tug myrt í Líbanon



Starfsmenn Beirút, höfuðborgar Líbanons, hreinsa brak af götum borgarinnar í kjölfar tveggja sprengjuárása í sunnanverðri borginni. 44 féllu í árásunum og samkvæmt tilkynningu Rauða krossins særðust 239 þar að auki. Vígamenn Íslamska ríkisins lýstu yfir ábyrgð sinni á árásunum tveimur. Árásirnar eru hinar blóðugustu í höfuðborginni í mörg ár. NORDICPHOTOS/AFP

## Talið að enskumælandi rödd ISIS hafi verið felld

**SÝRLAND** Enskumælandi talsmaður Íslamska ríkisins (ISIS), Mohammed Emwazi, oft kallaður Jihadi John, var að öllum líkindum felldur í drónaárás Bandaríkjahers í sýrlensku borginni Raqqa í gær. Frá þessu greindi varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna.

Talsmaður hersins sagði á blaðamannafundi að árásin hefði hæft skotmarkið en ekki væri hægt að staðfesta hvort Emwazi hafi fallið að svo stöddu.

Emwazi var fæddur í Kúveit en fluttist sex ára að aldri til Bretlands. Fyrir tveimur árum gekk hann hins vegar til liðs við ISIS í Sýrlandi. Síðan hefur hann birst á upptökum þar sem breskir ríkisborgarar hafa verið hálshöggnir.

David Cameron, forsætisráðherra Breta, sagði árásir sem þessar hæfa ISIS í hjartastað. „Slíkar árásir sýna þeim sem vilja skaða Bretland að armur Bretlands nær langt. Við erum áræðin og munum aldrei gleyma okkar eigin fólki,“ sagði Cameron í gær. **– þea**



> Við erum áræðin og munum aldrei gleyma okkar eigin fólki.
>
> David Cameron, forsætisráðherra Breta

## Lýðræðisfylking Suu Kyi vann stórsigur í kosningum

**BÚRMA** Lýðræðisfylkingin, stjórnmálaflokkur Nóbelsverðlaunahafans Aung San Suu Kyi, hefur þegar tryggt sér tvö af hverjum þremur mögulegum þingsætum á þjóðþingi Búrma í kjölfar kosninga sem haldnar voru á sunnudag.

Fréttastofa BBC greindi frá því í gær að þegar hefði verið tilkynnt um skipan áttatíu prósenta sæta á þinginu sem kosið var um. Sætin á þinginu eru alls 664 en samkvæmt lögum skipar herinn í fjórða hvert sæti.

Fyrir kosningarnar, fyrstu opnu kosningar í ríkinu í 25 ár, var ljóst að Lýðræðisfylkingin þyrfti að fá tvo þriðju allra sæta á þinginu svo flokkurinn fengi einn að velja forseta ríkisins og binda enda á áratugalanga herforingjastjórn.

Suu Kyi sagði við fjölmiðla eftir að úrslitin voru ljós að hún myndi þó sýna fullan samstarfsvilja og að ríkisstjórn Lýðræðisfylkingarinnar myndi taka tillit til annarra flokka sem og hersins. Þá hafa fráfarandi forseti, Thein Sein og höfuðsmenn hersins lýst því yfir að þeir muni una niðurstöðu kosninganna.

Þrátt fyrir mikinn meirihluta Lýðræðisfylkingarinnar hefur herinn enn nógu mörg þingsæti til að geta beitt neitunarvaldi á allar stjórnarskrárbreytingar. Þar að auki getur Suu Kyi sjálf ekki sest í stól forseta þar sem hún á börn með erlendum maka. **– þea**



**Stuðningsmaður Lýðræðisfylkingarinnar stendur fyrir framan mynd af Aung San Suu Kyi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**»** Kosningarnar á sunnudag voru fyrstu opnu kosningarnar í Mjanmar í 25 ár.




# VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi inn upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **1. desember 2015**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

# OPEL **VEISLA**




## BÍLABÚÐ BENNA **40 ÁRA**

# KÍKTU Í KAFFI OG KÖKU Í DAG!

Bílabúð Benna er 40 ára. Opel-veislan heldur áfram og við bjóðum veglegan afmælispakka með öllum nýjum Opel bifreiðum. Velkomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð pakkann.

**Toyo**
harðskeljadekk

**Eldsneytisinneign**
200 lítrar

**Löður Gullþvottur**
þvottakort - 5 skipti

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Reykjanesbær | Opið virka daga frá 9 til 18 |
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík |
| 590 2000 | 420 3330 | Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ |

OPEL

Wir leben Autos.



Sjókvíar Fiskeldis Austfjarða verða í Berufirði og Fáskrúðsfirði. MYND/FISKELDI AUSTFJARÐA

# Norskir kaupa í laxeldi á Austurlandi

**Norska eignarhaldsfyrirtækið MNH Holding AS kaupir 50% í Fiskeldi Austfjarða. Stefnt á stóraukið eldi á laxi í sjókvíum í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Stefnt er að 24.000 tonna framleiðslu á næstu árum.**

**FISKELDI** Eigendur þriggja norskra fiskeldisfyrirtækja hafa í gegnum sameiginlegt eignarhaldsfyrirtæki, MNH Holding AS, keypt 50 prósent í Fiskeldi Austfjarða hf. (Ice Fish Farm). Fjárfesting Norðmannanna tengist þeim áformum beint að auka umsvif fyrirtækisins mikið við að ala lax í sjókvíum á Austfjörðum.

Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Fiskeldis Austfjarða hf., segir fjárfestana standa að baki 30.000 tonna eldi í Noregi. Aðkoma þeirra sé rökrétt skref til að koma að þeirri uppbyggingu sem fyrirtækið hefur stefnt að frá stofnun 2012. Norðmennirnir komi með aukið fjármagn og mikla reynslu inn í fyrirtækið. Til marks um hversu alvarlega Norðmennirnir taki verkefnið hyggst stjórnarformaður MNH Holding, Roald Dolmen, hætta störfum í Noregi og einbeita sér alfarið að uppbyggingu laxeldis fyrir austan.

Í viðtali við norska fiskeldisvefinn iLaks segir Dolman að íslenskt laxeldi sé á sama stað og norskt laxeldi var fyrir tíu til fimmtán árum. Í því felist áskoranir en ekki síður mikil tækifæri fyrir eldismenn sem vilja taka þátt í uppbyggingu laxeldis á Íslandi.

Fiskeldi Austfjarða hf. er í dag með 11.000 tonna framleiðsluleyfi í Berufirði og Fáskrúðsfirði, ásamt því að eiga 50 prósent eignarhlut í seiðastöðinni Ísþór í Þorlákshöfn og fiskvinnslunni Búlandstindi sem er á Djúpavogi. Fyrirtækið er með rúm 2.000 tonn af fiski í sjó og um tvær milljónir seiða í uppvexti.

Fyrirtækið hefur sótt um leyfi til framleiðslu á 24.000 tonnum af eldislaxi á Austfjörðum, sem gefur mynd af þeim hugmyndum sem eru í farvatninu varðandi uppbyggingu á allra næstu árum.

Í tilkynningu fyrirtækisins segir að fyrirtækið stefni að því að vera leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu á laxfiski og hefur fengið umhverfisvottunina AquaGap, sem er staðfesting á umhverfisvænni eldisstefnu félagsins.

Við þessa breytingu á eignarhaldi fyrirtækisins er ráðgert að starfsmönnum muni fjölga á næstu árum, en Guðmundur bendir á mikilvægi þess í sambandi við fráhvarf sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis frá Djúpavogi, en aðstaða Fiskeldis Austfjarða er einmitt fyrrum vinnsluhús Vísis.

Veruleg framleiðsluaukning hefur orðið í íslensku fiskeldi á síðustu árum, en þó er áætluð framleiðsla á öllum tegundum ekki nema svipað magn og Fiskeldi Austfjarða hefur leyfi til að framleiða af laxi – rúm 11.000 tonn. Á þessu ári er áætlað að framleidd verði um 5.500 tonn af laxi í sjókvíum.

Á fundi Landssambands fiskeldisstöðva í vor kom fram að frekari uppbygging væri háð erlendu fjármagni, enda væru erlendir fjárfestar að baki fyrirtækjum eins og Fjarðalaxi, Arnarlaxi og Dýrfiski – sem hafa dregið vagninn undanfarin ár á Vestfjörðum. svavar@frettabladid.is

## Tvær milljónir seiða í kvíum

- Fiskeldi Austfjarða hf. er með 11.000 tonna framleiðsluleyfi á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði.
- Fyrirtækið á 50% eignarhlut í seiðastöðinni Ísþór í Þorlákshöfn og fiskvinnslunni Búlandstindi sem er á Djúpavogi.
- Fyrirtækið er með rúm 2.000 tonn af laxfiski í kvíum og um tvær milljónir laxaseiða í uppvexti.
- Horft er til markaða fyrir lax í Kína og Bandaríkjunum.
- Starfsmenn Fiskeldis Austfjarða eru 12 og starfsmenn dótturfélaga 45.

**» Fiskeldi Austfjarða stefnir að því að vera leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu á laxfiski.**


STÖÐUPRÓF - PLACEMENT TESTS 25.11. og 26. 11. 2015

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

- Miðvikudaginn 25. nóvember kl. 17:00 *í ensku.*
- Fimmtudaginn 26. nóvember kl. 17:00 *í amharísku, dönsku, frönsku, ítölsku, norsku, spænsku, sænsku og þýsku.*

Placement tests (for Secondary School credit) will be held in the following languages on:

- Wednesday November 25th at 5 pm *in English.*
- Thursday November 26th at 5 pm *in Amharic, Danish, French, German, Italian, Norwegian, Spanish and Swedish.*

Frekari upplýsingar - More information **www.mh.is**

***Rektor.***

Sæll er sá sem sinnir bágstöddum, á mæðudeginum bjargar Drottinn honum...

www.versdagsins.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is















## Nýr Volkswagen Caddy

Velkomin á frumsýningu á nýjum og glæsilegum Volkswagen Caddy **í dag** milli klukkan **12 og 16.**
Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár.
Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Við bjóðum þér að líta við í **sýningarsal VW Atvinnubíla** og kynnast honum betur.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá: **2.760.000 kr.** (án vsk. 2.225.806 kr.)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**www.volkswagen.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is




Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. NORDICPHOTOS/AFP

## Herða aðgerðir gegn flóttamönnum

**DANMÖRK** Danska stjórnin leggur til að lögreglunni verði heimilt að leita í farangri flóttamanna og leggja hald á peninga og önnur verðmæti þeirra vegna kostnaðar við dvöl þeirra í Danmörku. Danskir fjölmiðlar greindu frá þessu að loknum fréttamannafundi Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, í gær.

Forsætisráðherrann kynnti aðgerðir í 34 liðum sem stemma eiga stigu við flóttamannastrauminum til Danmerkur en í ár hafa komið þangað um 15 þúsund flóttamenn.

Ríkisstjórn Danmerkur boðar að reistar verði tjaldbúðir í Danmörku þegar í næstu viku. Stjórnarandstaðan og yfirmaður Rauða krossins gagnrýna þetta harðlega. – **ibs**




Sex þúsund norskir lögreglumenn verða afvopnaðir á næstunni. NORDICPHOTOS/AFP

## Fá ekki lengur að bera vopn

**NOREGUR** Norska lögreglan fær ekki lengur að bera vopn. Það er mat norsku öryggislögreglunnar að hættuástand sé minna nú en fyrir ári. Líkurnar á hryðjuverkum hafi minnkað. Vegna þessa verða sex þúsund norskir lögreglumenn afvopnaðir á næstunni.

Landssamband lögreglumanna í Noregi gagnrýnir harðlega þessa ákvörðun. Talsmenn sambandsins segjast ekki sjá að ógnin gegn lögreglu hafi minnkað nógu mikið til að réttlæta breytingar á tímabundnum vopnaburði. – **ibs**

### Sala á samfélagsmiðlum á einum mánuði

**70** FACEBOOK-SÍÐUR

**2.200** MEÐLIMIR Í STÆRSTA HÓPNUM

**500** NOTENDA-NÖFN

**160** ÞEKKTIR SÖLUMENN

**Lagt hefur verið hald á 50 kíló af kannabis á árinu 2015**

### Hinn dæmigerði ræktandi

- Karlmaður
- 25-35 ára
- Atvinnulaus

- Ekki neytandi sjálfur
- Áberandi lífsstíll
- Mikið reiðufé
- Með aðgang að rafvirkja eða smið



# Neytendur látnir taka sökina

**Framboð af kannabis er gríðarlega mikið á Íslandi og þekkt að neytendur séu látnir taka á sig sökina í ræktun plantnanna. Börn og unglingar geta hæglega fengið heimsendingu á kannabisefnum af Facebook.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við höfum miklar áhyggjur af neytendum, sér í lagi þegar við sjáum að það er verið að misnota neytendur. Þeir sem eru hærra settir nýta þá til að hjálpa til við framleiðsluna eða söluna," sagði Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn sem fjallaði um kannabismarkaðinn á Íslandi út frá sjónarhorni lögreglu á fræðslumálþingi á vegum samtakanna Fræðsla og forvarnir. „Við leggjum ekki áherslu á neytendur, það er okkar markmið að stemma stigu við framleiðslunni og hafa þannig áhrif á framboðið."

### Gjaldeyrishöft og kannabis

Aldís fjallaði um þróun kannabismarkaðarins á Íslandi fyrir hrun og eftir hrun. Kannabisræktun fyrir hrun hafi einkennst af viðvaningslegri tilraunastarfsemi og ræktun í smáum stíl. Eftir hrun hafi margir hins vegar séð atvinnutækifæri í ræktun kannabisefna. „Hrunið hafði ekki bara áhrif á hinn vinnandi mann, það hafði líka áhrif á þá sem eru í þessum bransa. Þarna sáu menn mikil atvinnutækifæri. Það voru gjaldeyrishöft og mun erfiðara að fjármagna innflutning á harðari efnum," sagði Aldís þegar hún rakti ástæður þess að kannabisræktun eftir hrun varð stórfelldari en áður í íslensku samfélagi. „Þarna fóru líka að spretta upp sérverslanir með búnað, lampa, tjöld, fræ," sagði Aldís og að eftir hrun hefði komist upp um mjög stórar ræktanir, með allt að tvö hundruð plöntum.

### Útreiknað eftir áhættu

Aldís sagði ræktanir smærri í dag, þær væru útreiknaðar eftir áhættu og ávinningi. „Verkaskipting er orðin mjög skýr, það eru þrír til fjórir saman um eina ræktun og búið að ákveða fyrirfram hver tekur á sig sökina ef þeir nást. Þarna erum við einmitt að sjá að það er verið að nota neytendur og þá sem eru í neyð til að taka á sig sökina."

Aldís sagði aldursdreifinguna mikla, allt frá 17 ára til 71 árs. „Langflestir eru 25 til 35 ára en það vekur athygli að sakborningar verða sífellt yngri."



Lögreglumenn leggja hald á kannabisplöntur í kannabisverksmiðju á Kjalarnesi árið 2009 þar sem voru um eitt þúsund plöntur. Nú eru ræktanir minni í sniðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Hrunið hafði ekki bara áhrif á hinn vinnandi mann, það hafði líka áhrif á þá sem eru í þessum bransa. Þarna sáu menn mikil atvinnutækifæri.**

Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn



### Hinn dæmigerði ræktandi

Aldís greindi frá því hver hinn dæmigerði kannabisræktandi er samkvæmt greiningu lögreglunnar. Sá sem stendur í raun og veru fyrir ræktuninni.

„Þessi týpíski ræktandi er karlmaður, hann er 25-35 ára, atvinnulaus eða á bótum, jafnvel á hann eða er skráður fyrir einhverju ehf. eða nokkrum. Hann er ekki neytandi sjálfur, það er nánast regla. Það er það sem við höfum áhyggjur af. Þetta er atvinnumaður. Þessir hafa áberandi lífsstíl og eru með mikið reiðufé á milli handanna. Eru oft handlagnir eða hafa aðgang að rafvirkja eða smið."

### Börn fá heimsent kannabis

Aldís greindi frá áhrifaríku verkefni lögreglunnar þar sem gerð var tilraun til að kortleggja sölu vímuefna á samfélagsmiðlum.

„Ein úttekt sem við gerðum í febrúar sýndi gífurlegt framboð og aukinn sýnileika. Það er mjög auðvelt fyrir börn og unglinga að nálgast efni. Þetta er ný áskorun. Eftir þennan eina mánuð sáum við sjötíu síður þar sem verið var að selja fíkniefni. Í sumum hópum eru allt að 2.200 meðlimir. Við fundum 500 notendanöfn, þau geta verið fleiri eða færri. Við gátum greint 160 sölumenn," sagði Aldís og sýndi dæmi um hversu auðvelt aðgengi að kannabisefnum er til að mynda fyrir börn og unglinga. Þau geti sent sms í númer án þess að vera með inneign og fengið heimsendingu á kannabisefnum. **kristjanabjorg@frettabladid.is**


Byggðu upp þinn sjóð með reglubundnum sparnaði

**Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir** í áskrift er góð leið til að byggja upp eignasafn.

Lágmarksupphæð aðeins 5.000 kr. á mánuði.

100% afsláttur af upphafsgjaldi í áskrift í sjóðum.

Enginn fjármagnstekjuskattur greiddur fyrr en við innlausn.*

*Skattameðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíð.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA


SPORTLEG ÁHRIF Í STERKUM LÍNUM
KAUPTÚNI Í DAG
F SPORT
ÍSLENSKA/SIA.IS/LEX 77171 11/15
NX 300h F-Sport
CT 200h Sport
IS 300h F-Sport
SJÁÐU SPORTLEGU BREIDDINA HJÁ LEXUS
Glæsileg sölusýning í Kauptúni 6 í dag kl. 12–16.
Skoðaðu rennilegar sportútgáfur af Lexus NX 300h, IS 300h og CT 200h á sýningunni.
Komdu, sjáðu og reynsluaktu.
Sjá nánar á lexus.is
TE & KAFFI
Kaffibarþjónar frá Te & Kaffi bjóða sýningargestum upp á ilmandi hressingu.
STÓRSÝNING
LEXUS
AMAZING IN MOTION

# Tvær nýjar
## komnar til landsins





## iMac

Í sama tækinu er afburða skjár, afkastamikill örgjörvi og notadrjúg gagnageymsla.

Með nýju 2015 gerðinni er stigið stórt skref fram á við. iMac eru ekki bara nýjar tölvur, heldur ný sýn á viðfangsefnið."

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# fjölskyldur

## iPad Pro

Öll smáatriði eru úthugsuð og valin saman, til að tryggja hámarks afköst og orkunýtingu."

"Með stóra 12.9" Retina skjánum, A9X örgjörva með vinnslugetu á við góða borðtölvu, er iPad Pro sá allra magnaðasti iPad sem Apple hafa framleitt."



Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

# Heppin með Pírata



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Uppgangur óhefðbundinna stjórnmálaafla víða um lönd er afleiðing efnahagshamfaranna sem hófust 2008, og þeirrar staðreyndar að stjórnvöld virtust ekki í stakk búin að taka á vandanum.

Svona mætti draga saman niðurstöður Lars Christensen, hagfræðings, í grein sem hann skrifaði í Markaðinn í vikunni.

Lars ber ástandið saman við það sem ríkti eftir kreppuna miklu, þegar stjórnmál og alþjóðasamskipti hafi einkennst af lýðskrumi, ofstæki, útlendingahatri, verndarstefnu og stríði.

Meðal þeirra stjórnmálamanna sem Lars telur upp eru repúblikaninn Donald Trump og Jeremy Corbyn í breska Verkamannaflokknum. Hann gengur svo langt að segja að ef við mótmælum ekki rasisma og verndarstefnu Trumps og efnahagslegum hugarórum Corbyns þá munum við tapa frelsi okkar.

Ljóst er að þeir félagar Corbyn og Trump myndu vart taka undir með Lars, og líklega svíða það að vera kenndir við öfgastefnur, í það minnsta Corbyn. Einnig er mikilvægt að setja þann varnagla að sennilega er ólíklegt að þeir hljóti kosningu þótt þeir verði frambjóðendur sinna flokka þegar kemur að kosningum. Í hvorugu tilvikinu er útséð með það, en til þess þarf Trump að vinna prófkjör og Corbyn að sitja sem fastast fram að næstu kosningum árið 2020.

Breskir kjósendur að minnsta kosti eru vanir að taka praktíska afstöðu eins og sást í síðustu kosningum þegar íhaldsmönnum var óvænt umbunað fyrir góða efnahagsstjórn.

Eitt er víst að þegar kemur að „óhefðbundnum“ stjórnmálaöflum, þá erum við Íslendingar tiltölulega heppnir með okkar Besta flokk, og nú síðast Pírata. Við hefðum til dæmis getað lent í Svíþjóðardemókrötum eða Ungverjanum Jobbik.

Píratar eru öfgalaus stjórnmálaflokkur, að undanskilinni afstöðu í höfundaréttarmálum, og skipaður skynsömu fólki sem ber gæfu til að taka afstöðu til mála á grundvelli staðreynda og málefnalegra umræðna.

Jafnvel þótt Píratar fái ekki hátt í fjörutíu prósenta fylgi eins og skoðanakannanir gefa til kynna, hafa þeir þegar haft jákvæð áhrif á íslensk stjórnmál. Þar munar mestu um fordæmið um góð og öfgalaus samskipti, og ekki síður að hafa sýnt rótgrónari stjórnmálaflokkum að ýmis stefnumál sem áður þóttu frjálslynd eru nú sjálfsagt mál. Það sást vel á nýlegum landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem ungliðar höfðu forystu um að hreyfa fjölmörgum málum í átt til frjálslyndis.

> **Eitt er víst að þegar kemur að „óhefðbundnum“ stjórnmálaöflum, þá erum við Íslendingar tiltölulega heppnir með okkar Besta flokk, og nú síðast Pírata.**

Svo við víkjum að kenningu Lars um að efnahagsleg óstjórn hafi fóðrað uppgang óhefðbundnari stjórnmálaafla, þá er áhugavert að spyrja hvort efnahagsástandið á Íslandi í dag eigi ekki að telja núverandi stjórnvöldum til tekna. Þjóðarbúið er á finni siglingu, með lækkandi skuldum, hagvexti og auknum kaupmætti. Nú sér líka fyrir endann á uppgjöri bankanna og afnámi gjaldeyrishafta.

Því verður fróðlegt að sjá útkomuna að átján mánuðum liðnum. Geta Píratar haldið þessari siglingu, eða, líkt og gerðist í Bretlandi, leita kjósendur í faðm þess sem þeir þekkja þegar á hólminn er komið?




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Beinagrind í blautbúningi og bleikir snjógallar

Það er 2. janúar 2015. Morgunninn er kaldur á suðurströnd Noregs og öldurnar brotna harkalega á hvössum hömrunum. Gamall arkitekt klæðir sig í vaðstígvél og heldur niður í fjöru. Hann sér glitta í eitthvað í flæðarmálinu. Loftið lyktar af þangi og sjávarseltu – og einhverju klígjulega sætu.

Blautbúningur sem fannst í Lista í Noregi í upphafi árs vakti furðu. Innan í honum voru brot úr beinagrind af manni. En engin mannshvörf höfðu verið tilkynnt lögreglu. Einskis var saknað.

Þótt ólíklegt teldist að ráðgátan yrði nokkurn tímann leyst gekk blaðamaður Dagbladet, Anders Fjellberg, í málið. Heppnin var með honum. Hann fékk veður af því að sams konar blautbúningi hefði skolað á land á hollensku eyjunni Texel. Hollenskum rannsóknarlögreglumanni hafði tekist að rekja raðnúmer á búningnum til verslunar í Calais í Frakklandi. Í ljós kom að búningarnir höfðu báðir verið keyptir klukkan 20:03 þann 7. október 2014.

Anders fór til Calais og heimsótti verslunina. Í fyrstu vildi starfsstúlkan ekki tala við hann. En svo hvíslaði hún: „Ég man eftir þeim. Tveir ungir menn, rúmlega tvítugir. Þeir voru úr flóttamannabúðunum.“ Anders spurði hana hvað þeir hefðu við blautbúninga að gera. „Sumir segja að flóttamenn syndi út á haf þar sem bíða þeirra gúmmíbátar sem ferja þá til Englands.“

Anders lagði næst leið sína í „Frumskóginn“, hinar martraðarkenndu flóttamannabúðir í Calais þar sem 2.000 flóttamenn víða að úr heiminum hírast án vatns, hita, rafmagns eða þaks yfir höfuðið. Þar var fátt um svör. En aftur var heppnin með Anders. Starfsmaður hjálparsamtaka í Calais fékk veður af málinu. Hún sagðist vera í sambandi við Sýrlending sem byggi á Englandi og leitaði ákaft að ungum frænda sínum sem hafði dvalið í flóttamannabúðunum en skyndilega horfið sporlaust.

### Horft yfir Ermarsundið

„Ég sé England,“ hafði hinn 22 ára Mouaz al-Balkhi skrifað frænda sínum í textaskilaboðum þar sem hann stóð á ströndinni í Calais og horfði yfir Ermarsundið á Hvítukletta í Dover á Suðaustur-Englandi. Hann velti fyrir sér hvort hann ætti að synda yfir.

„Nei, ekki, synda,“ svaraði frændi hans á Englandi og útskýrði fyrir piltinum að Ermarsundið væri eins og Marmarahafið í Tyrklandi: þótt maður sjái glitta í land hinum megin er vegalengdin löng. „Feldu þig í vörubíl.“

Sama kvöld sendi Mouaz fjölskyldu sinni textaskilaboð: „Ég sakna ykkar.“ Tæpum tveimur klukkustundum síðar voru tveir blautbúningar seldir í sportverslun í Calais. Fjölskylda Mouaz heyrði aldrei frá honum aftur.

Anders hafði uppi á fjölskyldu Mouaz. Hún var stödd í Jórdaníu eftir að hafa flúið Sýrland. Hann talaði við mömmu hans gegnum Skype og kom í kring DNA-prófi. Loks fengi fjölskyldan svör.

Mouaz átti ekki blautbúninginn sem skolaði á land í Noregi. Líkamsleifar hans fundust hins vegar í þeim í Hollandi. Mouaz al-Balkhi var grafinn í ómerktri gröf í kirkjugarðinum í Texel.

### Tveir bleikir snjógallar

Ljósmynd í íslenskum fjölmiðlum af sýrlensku systrunum Joulu og Jönu sem tekin er af þeim á leikskólanum þeirra Drafnarsteini þar sem þær klæðast bleikum snjógöllum og skarta breiðu brosi hefur varla farið fram hjá neinum.

Ímyndum okkur að í framtíðinni finni blaðamaður tvo bleika snjógalla í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann fer á stúfana. Hver viljum við að sagan sem blaðamaðurinn púslar saman verði?

Snjógallar Joulu og Jönu eru þeirra blautbúningar. Rétt eins og Mouaz og fjórar milljónir flóttamanna frá Sýrlandi hrökkluðust þær frá heimili sínu vegna borgarastyrjaldar og hrekjast nú um kaldranalega veröld sem tekur þeim af tómlæti. Og för þeirra er hvergi nærri lokið. Með pennastriki sem dregið var í hlýrri skrifstofu í friðsömu landi vísuðu íslensk yfirvöld þeim aftur á vergang. Hvar þær mun daga uppi veit enginn. Það gæti allt eins verið á kaldri strönd Noregs eða í ómerktri gröf í Hollandi. Viljum við hafa það á samviskunni?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

PIPAR\TBWA • SÍA

# Netsala Módern er hafin

**15-30%**
**AFSLÁTTUR**

af öllum gjafavörum
**til 18. nóvember** ef verslað er á modern.is

AÐEINS Í VEFVERSLUN MÓDERN*



Ultima Thule 2 stk. / Verð áður frá 4.490 kr.
Verð á netsölu 3.817 kr



Omaggio vasar / Verð áður frá 3.890 kr.
Verð á netsölu 3.307 kr.



Cono kertastjakar / Verð áður 3.390 kr.
Verð á netsölu 2.882 kr.



City vasar/kertastjakar / Verð áður frá 4.990 kr.
Verð á netsölu 4.242 kr.



Aalto trébretti / Verð áður frá 7.990 kr.
Verð á netsölu 6.792 kr.



Kastehelmi krukkur / Verð áður frá 3.890 kr.
Verð á netsölu 3.307 kr.



Manhattan ullarteppi / Verð áður 18.900 kr.
Verð á netsölu 15.120 kr.



Hammershoi vasar/kertastjakar / Verð áður frá 3.590 kr.
Verð á netsölu 3.052 kr.



Fornasetti ilmkerti / Verð áður frá 19.900 kr.
Verð á netsölu 13.930 kr.



Essence glös 2 stk / Verð áður frá 4.900 kr.
Verð á netsölu 4.165 kr.



Cucu klukka / Verð áður frá 12.900 kr.
Verð á netsölu 10.320 kr.



Urbania kertahús / Verð áður frá 5.290 kr.
Verð á netsölu 4.497 kr.



Ananas / Verð áður 14.990 kr.
Verð á netsölu 12.742 kr.

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Hlíðasmára 1.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

# Ný náttúruverndarlög í víðtækri samvinnu



Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Það eru mikil tímamót að tekist hefur að leiða til lykta vinnu við endurskoðun náttúruverndarlaga og munu nýju lögin taka gildi á morgun, 15. nóvember. Það er jafnframt afar ánægjulegt að þverpólitísk samstaða náðist milli allra stjórnmálaflokka á Alþingi við að ljúka þessu máli í sátt eftir áralangar umræður og deilur.

Þau lög sem nú hafa verið samþykkt eru afrakstur mikillar vinnu sem staðið hefur lengi við að endurskoða núgildandi lög frá 1999. Hef ég lagt mikla áherslu á framgang þessa máls frá því ég tók við starfi umhverfis- og auðlindaráðherra og átti ráðuneytið ítarlegt samráð við fjölmarga hagsmunaaðila, stofnanir ráðuneytisins og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem að þessu hafa komið og lagt hafa hönd á plóg við endurskoðun laganna.

Vinnan við endurskoðun laganna hafði það skýra markmið að efla náttúruvernd í landinu og framkvæmd hennar, skýra betur leikreglur um hvers konar framkvæmdir og nýtingu sem áhrif hafa á náttúruna og ná um þær víðtækri samstöðu. Með samþykkt frumvarpsins og gildistöku nýrra náttúruverndarlaga er því tekið veigamikið skref til að styrkja vernd og bæta umgengni um náttúru landsins og útfæra þær reglur sem lúta að nýtingu hennar til framtíðar.

**Stýring ferðaþjónustunnar**

Í framhaldinu verður frekari vinna tengd nýju lögunum sett af stað í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samstarfi við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti vegna bráðabirgðaákvæðis sem varðar einn mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar, ferðaþjónustuna. Þar segir til um að vinna skuli frekar að ákvæðum er taki á stýringu ferðaþjónustunnar með hliðsjón af reglum almannaréttar á grundvelli náttúruverndar og nauðsynlegrar auðlindastýringar sem nýting ferðaþjónustunnar á náttúrunni hefur óhjákvæmilega í för með sér.

Við búum vel að því að eiga sérstæða og mikilfenglega náttúru, sem er samofin sögu okkar og menningu. Hún er jafnframt gjöful og er vaxandi ásókn í að njóta og nýta hvers konar gæði hennar. Með sanni má segja að íslensk náttúra og gæði hennar séu undirstaða velferðar í landinu, ekki síst núna með sívaxandi ferðamannastraumi. Með nýjum náttúruverndarlögum verða fjöldamargar umbætur til að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu náttúrugæða til framtíðar.

# Hvernig tökum við mikilvægar ákvarðanir?



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Mikil verðmæti eru fólgin í nýtingu á endurnýjanlegri orku á Íslandi, fyrir Ísland og ekki síður heimsbyggðina. Ef rétt er á haldið geta orkuauðlindir verið undirstaða bættra lífskjara íslensku þjóðarinnar um ókomna tíð. Hagsmunir alls mannkyns eru að færa sig yfir í endurnýjanlega orkugjafa til að spyrna gegn þeirri þróun sem á sér stað í loftslagsmálum.

Orkuvinnsla og náttúruvernd geta átt góða samleið. Mögulegt er að auka orkuvinnslu umtalsvert og vernda um leið flest mikilvægustu svæðin. Vinnsla okkar á endurnýjanlegri orku er einnig sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Stóra spurningin er: Hvernig tökum við sem þjóð mikilvægar ákvarðanir um nýtingu eða vernd auðlinda? Hvernig sköpum við sem breiðasta sátt? Auðvitað þarf að vega og meta hag af náttúruvernd á móti hag af nýtingu. Til þess höfum við komið okkur upp ítarlegu ferli – rammaáætlun. Þar fer fram faglegt mat mismunandi kosta, með ítarlegu umsagnarferli og aðkomu almennings og allra hagsmunaaðila. Þessu ferli lýkur með pólitískri ákvörðun, sem æskilegt er að um náist breið sátt.

Eftir rammaáætlun tekur við umhverfismat, þar sem reynt er að lágmarka óæskileg áhrif einstakra framkvæmda. Loks er ákveðið hvort ráðist verður í framkvæmdina.

**Rammaáætlun er líka verndaráætlun**

Rammaáætlun er jafnt verndaráætlun sem nýtingaráætlun. Hún snýst um vernd eða nýtingu vatnsfalla eða háhitasvæða. Því er óhjákvæmilegt að þar sé fjallað um kosti sem fara í verndarflokk. Það er því ekki þannig að orkufyrirtækin áformi 54 virkjanir. Hið rétta er að 54 kostir eru til umfjöllunar í rammaáætlun – annaðhvort til nýtingar eða verndar.

Í umræðunni hefur verið vikið að kostum sem enginn ágreiningur er um að vernda, t.d. Aldeyjarfoss, Dettifoss, Þjórsárver og Langasjó. Engar virkjanahugmyndir eru til umfjöllunar í rammaáætlun sem áhrif hefðu á Dettifoss, Langasjó eða Þjórsárver.

Í umræðu um náttúruvernd hafa komið fram áhyggjur af því að skoðaður sé möguleiki á sæstreng til Bretlands. Almennt eru erlend náttúruverndarsamtök hlynnt samtengingu orkukerfa. Með henni minnkar þörf fyrir orkuver vegna bættrar nýtingar og mögulegt er að auka nýtingu á vind- og sólarorku. Samtenging orkukerfa er talin einn mikilvægasti þátturinn í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**Því hefur aldrei verið haldið fram að markmiðið með sæstreng væri að leysa alla orkuþörf Breta. Það væri enda aldrei hægt.**

Því hefur aldrei verið haldið fram að markmiðið með sæstreng væri að leysa alla orkuþörf Breta. Það væri enda aldrei hægt. Þær frumhugmyndir sem eru með til skoðunar miða hins vegar við að 5 teravattstundir (Twst) yrðu fluttar út um sæstreng að meðaltali, sem yrðu líklega um 20% af orkugetu íslenska raforkukerfisins. Þar af mætti vinna um 2 Twst með bættri nýtingu á núverandi orkuvinnslusvæðum. Til viðmiðunar nýtir áliðnaðurinn á Íslandi um 12,5 Twst á ári. Í þingsályktun sem var afgreidd á síðasta kjörtímabili voru um 9 Twst í nýtingarflokki rammaáætlunar. 5 Twst myndu svara til um 1,5% af raforkunotkun Bretlands.

Eitt mikilvægasta velferðar- og hagsmunamál okkar snýst um að nýta náttúruauðlindir á sem ábyrgastan og hagkvæmastan hátt, þannig að komandi kynslóðir fái í senn að njóta náttúruauðæfa og bættra lífskjara. Vonandi berum við gæfu til að finna hið rétta jafnvægi og sátt sem nær þessum markmiðum á svipaðan hátt og Norðmönnum hefur tekist.



# Hálendið er hjarta Íslands



**Stefán Jón Hafstein**
í áhugahópi um sjálfbæra þróun og auðlindir í þjóðareign

Traustið á valdastofnunum og valdsmönnum er í réttu hlutfalli við skynsemina sem ræður gjörðum þeirra: Nú erum við í þeirri fáránlegu stöðu að þurfa að rökræða „hvort“ hálendið verði þjóðgarður í staðinn fyrir að rökræða af krafti og sköpun: „Hvernig“ þjóðgarður.

Reikult og ráðvillt Alþingi með 18% traust tekur ekki föstum tökum mál sem stór meirihluti þjóðarinnar styður, en sjáum þó til, tveir flokkar hafa nú í haust lagt fram þingsályktunartillögur um Hálendisþjóðgarð. Fólkið sem talaði háðslega um „fjallagrasastefnu“ þegar deilur um hina óarðbæru Kárahnúkavirkjun stóðu sem hæst er enn við sama horn, þau sem fyrir 10 árum fóru með skop um „eitthvað annað“ tillögur þeirra sem vildu ekki sökkva náttúruverðmætum í drullufen verða nú að viðurkenna að þetta „eitthvað annað“ er stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar, skapar tekjur upp á 400 milljarða árlega og 80% þeirra sem koma til landsins með gjaldeyri sem forðaði okkur frá gjaldþroti tala um að „óspillt náttúra“ sé meginaðdráttaraflið. Þessi ósigur rökræðunnar er á stærð við fall Sovétríkjanna í íslensku samhengi.

**Að hafa efni á?**

Í bók sem ég gaf út í fyrra, „Afríka, ást við aðra sýn“, er kafli um hvernig fátækar þjóðir eins og Namibía, Botswana og Malaví hafa brugðið hlífiskildi yfir risavaxin landsvæði til að vernda villta náttúru. Ég nefndi tvö náttúruundur sem nú njóta verndar: Ókavangó-óshólmana í Kalahari-eyðimörkinni og Etosha-garðinn í Namibíu sem reyndar hefur verið friðlýstur í meira en öld. Eitt fátækasta ríki í heimi, Malaví, friðlýsti Nyikahásléttuna löngu áður en nokkrum datt í hug Vatnajökulsþjóðgarður. Í langflestum tilvikum hefði mátt „virkja“ þessar lendur fyrir nautgriparækt, maísakra, hrísgrjón eða uppistöðulón. En þessi fátæku ríki hafa staðið við sitt á vakt fyrir mannkyn allt, enda svæði sem eiga sér hvergi líka.

Á Íslandi eru svæði sem frömuðir eins og Guðmundur Páll Ólafsson og Ómar Ragnarsson hafa bent á að í samfelldri heild sinni eru stórkostleg auðævi, ekki aðeins fyrir Ísland heldur allt mannkyn. Þökk sé Landvernd og náttúruverndarsamtökum, hugsjónafólki eins og Björk, Andra Snæ og mörgum öðrum að þessi mál eru nú komin í fremstu víglínu stjórnmálanna. Því þar eru þau. Hálendið verður ekki aftur heimt sé því spillt. Í þessum hópi eru ekki bara einhverjir ljóðaraulandi aular, Styrmir Gunnarsson og Vigdís Finnbogadóttir eru þarna líka. Höfum við efni á því að vernda hálendið? Í bók minni áðurnefndri sýndi ég kort sem dregur upp útlínur tveggja merkra þjóðgarða í Afríku, Etosha og Ókavangó, í samanburði við hálendi Íslands. Stærðin er nánast sú sama. Og þarna stendur: „Okkar megin miðbaugs, þar sem auður og völd eiga griðlönd, er enn rætt um orkuver á hálendinu, risastór burðarvirki þar yfir og upphækkaða vegi sem skera auðnina og skipta í vinnubúðareiti“.

**Þetta er úrslitamál**

Spurningin um hálendi Íslands er ekki einhver suðandi dægurfluga sem þagnar þegar næst er keppt í Júróvisjón. Þetta er úrslitamál um það hvernig þjóð við ætlum að vera og í hvernig landi við ætlum að búa. Í sumar skrifaði ég grein, framtíðarspá gamals manns sem horfir um öxl á dánarbeði eftir 30 ár. Hana má finna á www.stefanjon.is og í henni stendur meðal annars þetta um það sem gerist á næstunni:

„Leiti maður að einstökum atburðum sem mörkuðu straumhvörf tel ég að sigurinn í baráttunni um hálendið hafi ráðið mestu. Við eigum nú stærstu ósnortnu víðerni í Evrópu, reyndar þau einu. 40.000 ferkílómetra af friði og ró ... Þessi barátta gerði ekki bara það að tryggja okkur þessa fögru auðn um aldur og ævi, sem þó var ærið verkefni í hugum margra. Sigurinn knúði allan orkugeirann til að endurhugsa gömlu góðu leiðina. Þessi deild í íslenska rányrkjubúinu neyddist til að hætta að kreista sífellt fleiri megavött úr landinu og finna leiðir til að kreista fleiri dollara úr megavöttunum ...

Orkumöguleikarnir voru ekki endalausir og nýting varð kjörorð. Rafvæðing á öllum samgöngum landsins á landi og sjó var miklu ábatasamari en stóriðja, alþjóðleg útboð á lausri orku snarhækkuðu verðið til atvinnuvega sem engin atvinnuveganefnd hafði látið sér detta í hug ...

Ég kalla þennan sigur Straumhvörf því sigurinn um hálendið markaði annað fráhvarf Íslendinga frá rányrkjustefnu síðan land byggðist – hitt var þegar við hættum að reyna að drepa alla fiskana í sjónum.“

Látum þetta verða orð að sönnu eftir þrjátíu ár.

**Samanburður** Ókavangó-óshólmarnir í Kalahari-eyðimörkinni og Etosha-garðurinn í Namibíu í samanburði við hálendi Íslands




> **Spurningin um hálendi Íslands er ekki einhver suðandi dægurfluga sem þagnar þegar næst er keppt í Júróvisjón. Þetta er úrslitamál um það hvernig þjóð við ætlum að vera og í hvernig landi við ætlum að búa.**

8 tíma vaktir – breyting til batnaðar

Í kjölfar nýrra kjarasamninga hjá Fjarðaáli skapast tækifæri til að taka upp nýtt vaktakerfi. Frá 1. mars 2016 verður unnið á 8 tíma vöktum í álveri Alcoa Fjarðaáls í stað 12 tíma vakta áður. Þannig minnkum við vinnuálag og auðveldum starfsmönnum að ná jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Við breytinguna fjölgar starfsfólki í framleiðslu og viðhaldi og vaktahópur bætist við. Því viljum við ráða öflugt fólk til starfa á skemmtilegum og fjölskylduvænum vinnustað.

Alcoa Fjarðaál hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Þannig tryggjum við að framúrskarandi rekstrarárangur og eftirsóknarvert starfsumhverfi fari ávallt saman.

**Fyrir samfélagið og komandi kynslóðir.**



FJARÐAÁL
alcoa.is
ALCOA

## Góð byrjun dugði ekki til í Varsjá



**Frábær vítaspyrna Gylfi Þór Sigurðsson kom Íslandi yfir í vináttulandsleik gegn Póllandi í gær með marki úr vítaspyrnu strax á fjórðu mínútu. Spyrna Gylfa var einkar glæsileg, í slána og inn. Strákarnir gengu til búningsklefa með 1-0 forystu en leikur íslenska liðsins hrundi í síðari hálfleik. Robert Lewandowski, leikmaður Bayern München, skoraði tvívegis og tryggði Pólverjum 4-2 sigur.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Spennandi tímar hjá KKÍ

**Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir sambandið vera að taka rétt skref fram á við með nýjum samningi við Craig Pedersen. Framtíðarsýnin er skýr og Evrópuævintýrið kom út í plús þó dýrt væri.**

**KÖRFUBOLTI** „Við erum klárlega að taka næsta skref fram á við með þessum samningi,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, en sambandið gerði í gær nýjan samning við landsliðsþjálfara karla, Craig Pedersen.

Nýi samningurinn er til haustsins 2017 með möguleika á framlengingu til 2019. Craig hættir að þjálfa danska liðið Svendborg Rabbits og mun koma meira að starfi körfuboltans hér heima. Hann verður einnig tengiliður KKÍ við skólana í Bandaríkjunum þar sem íslenskir landsliðsmenn spila.

Það fylgir þessum nýja samningi eðlilega aukinn kostnaður en er þá peningakrísu KKÍ lokið?

„Nei, svo sannarlega ekki og mun væntanlega ekki ljúka á næstu árum. Þetta heitir á góðri íslensku að þetta reddist. Við þurfum samt meiri peninga og meira í afrekssjóðinn svo hægt sé að gera þessa hluti svo vel sé,“ segir Hannes og hlær létt. KKÍ hefur efni á því að gera aðeins betri samning við þjálfarann þó svo það drjúpi nú ekki smjör af hverju strái hjá Körfuknattleikssambandinu.

„Þetta er að kosta meira. Fleiri ferðir og aðeins meira í útborguðum launum. Við teljum okkur aftur á móti þurfa að gera þetta til að halda áfram að stíga fram á við. Það er til að mynda mjög jákvætt að Craig mun vinna með landsliðsþjálfara kvenna og yfirþjálfara yngri landsliða til þess að móta starfið og stefnuna.“

KKÍ er búið að gera upp EM-ævintýrið og tókst KKÍ að komast út úr því verkefni án þess að tapa peningum.

„Árið hjá karlaliðinu kostaði í kringum 40 milljónir króna og okkur tókst að klára það verkefni réttu megin við núllið,“ segir formaðurinn sem horfir björtum augum til framtíðarinnar.

„Við munum leggja mikið á okkur til þess að komast aftur inn á EM með karlaliðið árið 2017. Svo ætlum við að reyna að festa okkur í sessi sem eitt af 32 bestu liðum Evrópu því þá erum við í A-deild og eigum möguleika á því að komast á stórmót. Ef við föllum í B-deildina þá verður það mjög erfitt enda aðeins keppt þar um að komast í A-deild. Stefnan með kvennaliðið er að komast á EM ekki síðar en 2021 en vonandi tekst það fyrr. Það eru spennandi tímar fram undan hjá KKÍ.“

**henry@frettabladid.is**



**Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







## Nýjast

**Vináttulandsleikur í fótbolta**

**Pólland 4–2 Ísland**
0-1 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (4.), 1-1 Kamil Grosicki (52.), 2-1 Bartosz Kapustka (67.), 2-2 Alfreð Finnbogason (69), 3-2 Robert Lewandowski (76.), 4-2 Robert Lewandowski (80.).

Eftir fínan fyrri hálfleik hrundi leikur Íslands í þeim síðari. Ísland mætir Slóvakíu ytra á þriðjudag.

**Domino's-deild karla**

**ÍR - Haukar 57-109**
Stigahæstir: Jonathan Mitchell 15 (12 frák.) – Stephen MAdison 24, Haukur Óskarsson 20 , Kristinn Marinósson 15.

**Grindavík - Keflavík 94-101**
Stigahæstir: Jón Axel Guðmundsson 19 (10 frák., 8 stoðs.) – Earl Brown 28 (13 frák.), Guðmundur Jónsson 19, Reggie Dupree 19.

Keflavík er enn ósigrað á toppnum með fullt hús stiga. ÍR átti aldrei möguleika gegn sprækum Haukum.

**Olísdeild karla**

**Haukar - Valur 25-22**
Markahæstir: Janus Daði Smárason 13/4 (18/5) – Daníel Ingason 7 (12), Guðmundur Hólmar Helgason 7/1 (14/1)

Haukar minnkuðu forystu Vals á toppnum í tvö stig. Aðeins Haukar hafa unnið Valsmenn í haust.

### TVÖ MET HJÁ HRAFNHILDI



Hrafnhildur Lúthersdóttir bætti tvö Íslandsmet á fyrsta keppnisdegi Íslandsmótsins í 25 m laug. Fyrst í 100 m bringusundi og svo 200 m fjórsundi, þar sem hún stórbætti gamla metið um 1,5 sekúndur. Keppt verður áfram um helgina en mótið fer fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði.

### VERJA STELPURNAR GULLIÐ?



Norðurlandamótið í hópfimleikum fer fram í Vodafone-höllinni um helgina en þar taka þátt sterkustu hópfimleikalið heims. Norðurlandamótið er ólíkt Evrópumótinu að því leyti að NM er félagsliðamót en EM er landsliðamót. Keppendur fyrir Íslands hönd eru í kvennaflokki Íslandsmeistarar Stjörnunnar og ríkjandi Norðurlandameistarar Gerplu. Í flokki blandaðra liða keppa Selfoss og Stjarnan fyrir Íslands hönd. Í karlaflokki er Gerpla eini fulltrúi Íslands.

## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| 15.50 | **Formúla 1 tímataka** | Sport 3 |
| 16.20 | **Stjarnan - Snæfell** | Sport 4 |
| 16.50 | **Úkraína - Slóvenía** | Sport |
| 18.00 | **OHL Classic** | Golfstöðin |
| 18.25 | **Barcelona - Vardar** | Sport 3 |
| 19.40 | **Svíþjóð - Danmörk** | Sport |
| 03.00 | **UFC 193** | Sport |
| 17.00 | **Hamar - Keflavík** | Hveragerði |
| 17.30 | **Stjarnan - Selfoss** | TM-Höllin |
| 17.30 | **KA/Þór - Afture.** | KA-heimilið |
| 18.00 | **ÍA - Fjölnir** | Norðurálsv. |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| 13.45 | **Celje - Veszprem** | Sport |
| 15.30 | **Formúla 1 Brasilía** | Sport |
| 18.00 | **OHL Classic** | Golfstöðin |
| 19.35 | **Ungverjal. - Noregur** | Sport 3 |
| 21.20 | **NFL: Giants - Patriots** | Sport |
| 17.00 | **Valur - Grindavík** | Vodafone |


Jólaævintýri Marentzu
Einstök jólaupplifun í Flórunni Grasagarðinum.
Úrval skandinavískra jólarétta að hætti Marentzu Poulsen.
Hörpuleikarinn Monika Abendroth leikur fyrir matargesti.
Borðapantanir í síma 553 8872 og tölvupósti info@floran.is.
Frekari upplýsingar og matseðil má finna á www.floran.is
KJARNAFÆÐI
FLÓRAN
CAFÉ / BÍSTRÓ
Tilda



Á myndinni má sjá Rakel Sif, Eydísi P. Blöndal, Heiði Önnu, Sunnu Ben, Berglindi Pétursdóttur, Önnu Fríðu, Nönnu Hermannsdóttur og Hildi Kristínu, hluta úr hópi kvenna sem kynntust á Twitter. Á myndina vantar meðal annars Unu Hildardóttur í VG og Áslaugu Örnu úr Sjálfstæðisflokknum og því má sennilega búast við nokkrum pólitískum átökum á fatamarkaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vinsælir tístarar selja spjarirnar

## Nítján stelpur kynntust á Twitter og hittast nú mánaðarlega. Í dag halda þær risafatamarkað á Lofti hosteli klukkan 11.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Hópurinn samanstendur af 19 stelpum sem kynntust á Twitter. Ein í hópnum kvartaði yfir því á Twitter að vera aldrei boðið í matarboð og fannst hún vera að missa af miklu. Þetta vatt einhvern veginn upp á sig og allt í einu var ég búin að bjóða öllum heim til mín í mat,“ segir Berglind Pétursdóttir, betur þekkt sem Berglind Festival. „Ég var stressuð eins og ég væri að fara á fyrsta stefnumót, hafði nefnilega eiginlega ekki hitt neina af þeim í raunheimum áður, allavega ekki heilsað þeim eða þannig,“ segir Berglind og hlær.

„Fólk sem segir að maður eigi ekki að hitta fólk sem maður kynnist á netinu veit greinilega ekkert hvað það er að tala um. Við erum orðnar mjög góðar vinkonur og hittumst mánaðarlega allar saman og höldum matarboð eða partí.“ Berglind segir þetta fyrst og fremst góðan félagsskap og tengslanet. „Svo er gaman að hitta nýjan hóp af fólki sem er að hanga jafn mikið á netinu og maður sjálfur.“

Hugmyndin um fatamarkað kom til því Berglind er að fara til Englands í mastersnám. „Ég ætla að selja allar mínar veraldlegu eigur og fara þangað með bara nesti, nýja skó og tölvu. Svo það var tilvalið að kalla til allar þessar tískuskvísur,“ heldur hún áfram. Ásamt Berglindi er í hópnum að finna vinsæla tístara og jafnvel pólitíska andstæðinga á borð við Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur, nýkjörinn ritara Sjálfstæðisflokksins, og Unu Hildardóttur, nýkjörinn gjaldkera VG. Þá er í hópnum Steiney Skúladóttir Reykjavíkurdóttir og Hildur Ragnarsdóttir, eigandi Einveru, svo einhverjar séu nefndar.






Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 7.090.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is





## DC3600
Þriggja sæta sófi með savoy/split leðri. Litir: Svart, brúnn og koniak. Fáanlegur tveggja sæta.
Stærð: 202 x 80 x 80 cm

**266.121 kr.** ~~329.990 kr.~~

## MASSIMO
Þriggja sæta sófi. Nettir armar og situr einstaklega vel. Litur: Divine antrazit.
Stærð 195 x 92 x 81 cm.

**209.669 kr.** ~~259.990 kr.~~

IDdesign



## ELLY
Þriggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, gráblár, sandbleikur og dustygrænn. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~



## VESTA
Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár.
Stærð: 295 x 94/160 x 80 cm

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~

F furninova



## UMBRIA
Tungusófi XL, hægri eða vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 × 163 × 78 cm
Aukahlutir á mynd:
Hnakkapúði og armpúðar.

IDdesign

**217.734 kr.** ~~269.990 kr.~~

## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm



**241.927 kr.** ~~299.990 kr.~~




**Full búð af spennandi gjafavöru**









**Þú finnur nýju jóla- og sófa-taxfreeblöðin okkar á www.husgagnahollin.is**



## CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~

* **Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.** Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar. Gildir ekki á Kamma afmælissófanum.

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# Bíllaus í bílaborginni miklu

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Skipulagsfræðingur segir æ fleiri kjósa að fara ferða sinna án þess að notast við bíl. Gengur upp að vera bíllaus í borginni – notast við almenningssamgöngur, hjóla eða ganga? Þessi láta á það reyna.

## Fóru hringinn með strætó og rútu

**Eva Björk Benediktsdóttir** og fjölskylda hafa verið bíllaus í fjögur og hálft ár. Þau segja lítið mál að sleppa því að vera á bíl.



Fjölskyldan ferðast mikið með strætó en líka hjólandi og fótgangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mörgum finnst við vera alveg klikkuð að vera ekki á bíl, að fimm manna fjölskylda geti ekki verið bíllaus,“ segir Eva Björk Benediktsdóttir. Fjölskylda hennar, sem samanstendur af henni sjálfri, eiginmanni hennar og þremur börnum þeirra; 7, 10 og 17 ára, hefur verið bíllaus í fjögur og hálft ár. Þau fluttu heim frá Danmörku 2011 þar sem þau höfðu verið bíllaus í nokkurn tíma. „Við ákváðum að láta reyna á þetta og sjá hvort þetta gengi ekki hérna í Reykjavík. Við höfum ekki séð eftir því.“

Fjölskyldan fer fótgangandi, hjólar eða notar almenningssamgöngur til þess að komast leiðar sinnar og fær stundum lánaðan bíl hjá foreldrum Evu.

Eva segir að skipulag skipti miklu máli. Auk þess hjálpi það að hafa góða matvörubúð rétt hjá en fjölskyldan býr í Árbænum. Sjálf er hún í námi á Bifröst en maðurinn hennar vinnur í Skeifunni. „Hann hjólar yfir sumarið og tekur svo strætó yfirleitt yfir veturinn. Ég var kannski ekki að gera mér þetta auðveldara með því að velja mér nám á Bifröst en ég hef fengið far með öðrum nemendum upp eftir,“ segir hún.

„Ef ég þarf að kaupa mikið inn þá fæ ég oft að fara með mömmu í Bónus ef hún er að fara. Reglan er síðan þannig hjá okkur að börnin mega vera í þeim frístundum sem þau vilja en ef það er utan hverfisins þá þurfa þau að vera nógu stór til að koma sér þangað sjálf,“ segir hún og bætir við: „Reyndar er ein undantekning á því, en stelpan okkar sem er sjö ára vildi fara að æfa ballett sem er rétt hjá Smáralind. Við hjálpum henni að komast þangað.“

Fjölskyldan lætur bílleysið ekki aftra sér frá því að ferðast um landið. „Síðasta sumar fórum við í samfloti með foreldrum mínum sem eiga tvo bíla. Sumarið á undan fórum við hringinn með strætó og rútum. Það er ekki hægt að fara allan hringinn með strætó þannig að við tókum rútu þar sem strætó fer ekki. Þetta var mjög skemmtilegt ferðalag og fríið byrjaði um leið og við settumst upp í strætóinn. Krökkunum fannst þetta frábært, við höfðum meiri tíma til að sinna þeim, gátum spilað og svona sem við hefðum ekki getað ef við værum í bíl að keyra.“

Eva segir þau sjaldan sakna þess að eiga ekki bíl en það sé þó helst þegar veður er vont. Þau spari mikið á því að reka ekki bíl og hafi meiri tíma. „Það kemur upp hjá manni ef það er mikil rigning og rok eða mjög kalt að það væri gott að setjast upp í heitan bíl. En maður sleppur við að skafa og bíllinn er líka yfirleitt ískaldur á morgnana.“

## Borgarkynslóðin

**Guðmundur Kristján** segir fleiri kjósa bílleysi.

Það er dýrt að reka bíl og þeir menga. Mér fannst áhugavert að sjá hvort hægt væri að lifa bíllausum lífsstíl í bíladrifinni borg eins og Reykjavík,“ segir Guðmundur Kristján Jónsson skipulagsfræðingur. Í byrjun þessa árs ákvað hann að selja bílinn sinn. Eftir að hann stofnaði ráðgjafarfyrirtækið Borgarbrag er hann með vistvænan fyrirtækisbíl sem hann notar þó mestmegnis vinnutengt.



Guðmundur fer flestra sinna ferða á hjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðmundur segir vel hægt að vera án bíls í Reykjavík. „Það er hægt en er erfitt. Almenningssamgöngur eru ekki nógu tíðar. Hjólareiðasamgöngur hafa stórbatnað en eru ekki orðnar alveg nógu góðar. Svo er borgin einfaldlega of dreifð,“ segir Guðmundur.

Margir finna bíllausum lífsstíl það til foráttu að almenningssamgöngur séu ekki nógu góðar. „Strætókerfið er mun betra en fólk segir, en það er aðallega um helgar og seint á kvöldin sem ferðunum fækkar.“

Guðmundur segir að bæta þurfi aðgengi fyrir þá sem kjósa bílleysi. „Það þarf að fjölga hjólastígum, hjólandi fólk þarf að fá meira vægi í umferðinni. Þar sem eru hjólastígar er verið að leggja þvers og kruss yfir þá. Svo þurfa fleiri að taka þetta skref heilt yfir til þess að almenningssamgöngur komi meira til móts við þennan hóp. Svo er auðvitað lítil hjólreiðamenning þannig að margt hjólreiðafólk veit ekki hvernig það á að haga sér í umferðinni. En þetta er allt á réttri leið.“

Guðmundur segist þó halda að mun fleiri vilji vera án bíls nú en áður. „Það er að koma upp borgarkynslóð. Fólk sem vill ekki eiga bíl og hefur ekki tekið bílpróf. Það er orðið mun algengara.“

Guðmundur reynir að fara flestra sinna ferða á hjóli og segir það lítið mál yfir vetrarmánuðina. „Það eru bara nagladekk á hjólið og góð úlpa.“

## Tóku bíl saman á leigu

Félagar í **Græna hlunkinum** skipta bílnum á milli sín með hjálp Excel.

Ég er búin að vera alveg bíllaus, eða frjáls, í þrjú ár en var mikið á hjóli áður,“ segir Margrét Marteinsdóttir. „Þetta byrjaði þannig að ég fór að skilja bílinn eftir heima, hjóla meira og fór í leiðinni að skipuleggja lífið öðruvísi. Núna skipulegg ég innkaupin miklu betur og nýti tímann til þess að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir hún.

Margrét tók samt eftir að gott væri að hafa bíl til umráða stundum án þess þó að standa í því að vera ein að reka bíl. Því brá hún á það ráð í vor að leita að bílavinum sem væru í sömu hugleiðingum. Fyrir tveimur mánuðum tók hún í félagi við þrjár aðrar, þær Margréti Kristínu Blöndal, Rósu Birgittu Ísfeld og Sigríði Ástu Árnadóttur, bíl á rekstrarleigu. Bílnum deila þær svo á milli sín. „Við erum með bílafélagið Græna hlunkinn en nafnið var valið af því liturinn á bílnum er eins og á grænum frostpinna. Við fáum bílinn fjóra daga í senn hver og svo rúllar þetta bara.“ Fyrir bílinn greiða þær ellefu þúsund á mánuði hver en inni í því er allur kostnaður, svo sem tryggingar og allar viðgerðir komi til þeirra. „Við erum með þetta í Excel-skjali og svo erum við með Facebook-hóp líka. Þar ætlum við að byrja að setja inn tilkynningar ef sú sem er með bílinn er að fara í Sorpu eða Bónus og einhver vill fljóta með,“ segir Margrét sem er himinlifandi með fyrirkomulagið. „Svo er miklu meiri spenna þegar maður er á bílnum og maður nýtir það vel. Þá er hátíð í bæ.“



Bílaklúbburinn Græni hlunkurinn, Margrét, Rósa, Magga Stína og Sigríður, í bílnum sem þær deila. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét segir fáa ókosti við bílleysið en að kostirnir séu margir. „Ég tek mjög sjaldan leigubíl en nota strætó, hjóla eða labba. Ég slepp við líkamsræktarstöðvarnar því samgöngur eru mín líkamsrækt.“

Margrét mælir sérstaklega með því að fólk deili bíl með öðrum. Það sé umhverfisvænt og gott fyrir budduna. „Þetta er eitthvað sem við þurfum öll að hugsa um að gera á ákveðnum tímapunkti. Við erum að drepa okkur á neyslu. Jörðin þolir þetta ekki og þar með ekki við. Það er stóra málið. Þetta er ekki spurning um einhvern svalan lífsstíl heldur að taka ábyrgð og reyna sitt til að gera líf barna framtíðarinnar bærilegt. Bara við getum séð til þess að það verði lífvænlegt á jörðinni. Ekki næsta kynslóð. Bara við. Núna.“




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Drusla Almannagjá Skækja Dræsa Hóra

**Það muna flestir eftir að minnsta kosti einni stelpu frá unglingsárunum með harkalegt viðurnefni og orðspor. Oftast er því slegið fram sem léttu gríni og fæstir gera sér grein fyrir því að viðurnefnið geti setið í stelpunum lengi og verið þeim þungbært um margra ára skeið.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



> MANNORÐSMORÐ VÆRI STERKT TIL ORÐA TEKIÐ EN ENGU AÐ SÍÐUR UPPLIFA SUMIR ÞAÐ ÞANNIG.
>
> Sjöfn Evertsdóttir sálfræðingur

> FÓLK SEGIR „AH, HÚN ER DRUSLA“ VEGNA ÞESSA EINA ATVIKS SEM HENTI MIG OG ÞAÐ ER ERFITT ÞVÍ ÉG MUN ÞURFA AÐ LIFA MEÐ ÞVÍ ÞAÐ SEM EFTIR ER ÆVI MINNAR.
>
> Paris Hilton

FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA

## Allt látið flakka á samfélagsmiðlum

**Ítrekað kemur upp neikvæð umræða á netinu um konur í tengslum við komu þekktra karla hingað til lands. Þegar Justin Bieber söngvari var hér á landi í september síðastliðnum fór mikill fjöldi á samfélagsmiðla og gerði grín að stúlkum sem fóru á hótelherbergi kappans. Þá skrifuðu miðlar á netinu fréttir af því að þessar stúlkur hefðu „riðið“ honum.**

Kópavogurinn eins og hann leggur sig á húð og kyn í dag #bieberinn

HEY @justinbieber MY MAN @Marteinnm HIT IT FIRST THOUGH!!

Hey @justinbieber, Where are u now kviðmágur?

Afhverju heldur þú að þessi gella hafi riðið honum nema einmitt til þess að geta sagt frá því.



**Konur hafa líka fengið að kenna á því vegna nýlegra kynferðisbrota og í tengslum við HIV-málið í sumar:**

Íslenskar konur hafa orð á sér fyrir að vera lauslátar druslur. Fyrirtæki hafa markaðssett Ísland út á þetta. Það eru auðvitað ekki allar íslenskar konur lauslátar druslur en orðsporið er þannig. Ekki hægt að neita því, nýjasta er að þær séu feitar lauslátar druslur en það er álit útlendinga og endurspeglar ekki mitt álit. Þannig að fólk ætti að róa sig í umræðunni um meintar nauðganir íslenskra stráka og horfa aðeins heildstætt á myndina.

Síðan getið þið ekki horfst í augu við þá staðreynd að Druslustimpill sem íslenskar konur hafa áunnið sér á meðal erlendra karlmanna er algjörlega réttmættur eins og dæmin sanna.

Það kemur dökkur flóttamaður í hælisleit til landsins á bátum og konurnar leggjast flatar.

## Konum leyfist minna

„Það virðist vera sem konur hafi ekki sama leyfi og karlar og drengir til að vera kynverur og allra síst á sínum eigin forsendum,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur og baráttukona. „Ef stelpa ákveður að stunda kynlíf eða standa í einhvers konar kynferðislegum samskiptum þá er henni oft refsað fyrir það félagslega á miklu djúpstæðari hátt en drengjum. Þetta erum við að sjá staðfest með afskaplega skýrum hætti í til dæmis hrelliklámi. Þar sjáum við mjög afdráttarlaust hvernig stúlkur eru í raun auðmýktar, kallaðar nöfnum og mannorðsmyrtar á netinu.

Það eru jákvæð tákn á lofti engu að síður. Mér finnst sú kynslóð sem núna er farin að láta í sér heyra, unga fólkið sem er í fararbroddi umræðunnar, í raun vera að skera upp herör gegn þessari skömm, með því að nota #freethenipple átakið og fleiri leiðir til að segja „ég má vera kynvera, ég má eiga mig sjálf, án þess að það sé í lagi að dæma mig fyrir það“,“ segir Þórdís.



> ÞAÐ VIRÐIST VERA SEM KONUR HAFI EKKI SAMA LEYFI OG KARLAR OG DRENGIR TIL AÐ VERA KYNVERUR.
>
> Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur og baráttukona

➜




# NÝ BÓK YRSU!

VERÖLD



Álfheiður Marta Kjartansdóttir er fyrst núna að byrja að tala um eineltið sem hún varð fyrir í framhaldsskóla. Svo virðist sem tilviljun ein hafi ráðið því að hún var tekin fyrir en ekki einhver önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kölluð sjálfsalinn af samnemendum

**Álfheiður Marta** var ein af mörgum sem voru teknar fyrir í skólablaði MH og stimplaðar druslur. Hún fyllist kvíða þegar hún hittir þá sem höfðu sig mest í frammi en skilur nú að hún átti stimpilinn ekki skilið.

Við upphaf skólagöngu sinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð var Álfheiður Marta Kjartansdóttir tekin fyrir í fréttablaði nemendafélagsins, Fréttapésa, og stimpluð drusla. Hún var sextán ára gömul og hafði sér það til saka unnið að kyssa stráka í nemendafélagsferð skólans. Stimpillinn átti eftir að loða við hana út skólagönguna. „Á þessum tíma hafði ég eiginlega ekki verið með neinum strák. Ég var bara saklaus sextán ára stelpa og það höfðu eldri strákar áhuga á mér, strákar sem ég leit upp til."

Álfheiður hafði verið valin sem busi inn í myndbandaráð skólans. Ferðinni var heitið í nemendafélagsferð sem hefur orð á sér fyrir að vera rosaleg. „Ég var eina stelpan í ráðinu og bað strákana um að kaupa handa mér einn vodkapela. Það endaði með því að ég drakk tvo þriðju af pelanum og man lítið af því sem gekk á þarna. Þetta var eitt af fyrstu fylleríunum mínum og ég kyssti fjóra stráka. Það er kannski ekki eitthvað sem ég myndi gera í dag en þannig var bara stemningin. Það voru til dæmis bókstaflega allir í sleik á böllum," segir Álfheiður.

„Einn þeirra fór með mig afsíðis til að passa upp á mig, að eigin sögn því ég var orðin svo full. Meira að segja hann byrjaði að kyssa mig. Ég bað hann að hætta og hann baðst afsökunar. Svo er þessi strákur partur af vinahópnum sem tók mig frekar mikið fyrir."

**„Sleikti stráka í stórfélagi"**

Ekki löngu eftir nemendafélagsferðina birtist mynd af Álfheiði á nemendafélagssíðu skólans. Það var í fyrsta sinn sem hún var kölluð sjálfsalinn. „Ég skildi ekkert hvað þetta var. Vinur minn kommentar svo undir að ég hafi ekki gert neitt af mér á þessu balli og það skapast miklar umræður við myndina. Einhver segir að ég sé enginn sjálfsali en þá kemur athugasemd frá nemendaráði í skólanum sem segir: „Nei, maður setur pening í sjálfsala.""

Stuttu eftir þetta kemur svo út fyrrnefndur Fréttapési. „Þar er mynd af mér þar sem ég er að kyssa strák með fyrirsögninni „Sjálfsalinn fær sér eina með öllu". Í blaðinu voru líka jólasveinavísur og ein var um mig:

*Sjálfsalan sú fyrsta*
*Safarík og meir*
*Sleikti stráka í stórfélagi*
*Níu voru þeir*

Það héldu allir að ég hefði gert eitthvað meira en að kyssa þessa stráka. Áður en ég vissi af voru farnar að ganga sögur um að ég hefði sofið hjá þessum og hinum sem ég gerði alls ekki."

> ÉG UPPLIFÐI BARA AÐ ÉG ÆTTI ÞETTA NÆSTUM SKILIÐ.

**Starað á göngunum**

„Ég man eftir því að hafa gengið á göngunum og fólk horfði á mig. Á þessum tíma skammaðist ég mín viðbjóðslega og mér leið hræðilega. Þetta var svo sárt því ég kom inn í skólann og þekkti ekki marga. Ég vissi ekkert hver ég var og hvað ég vildi," segir Álfheiður.

Fréttapési hafði orð á sér fyrir að láta allt flakka. Á heimasíðu nemendafélagsins í dag segir að blaðið sé slúðurblað MH-inga sem sé gefið út nokkrum sinnum á önn. Aðgát skuli höfð í nærveru þeirra sem gefa blaðið út hverju sinni. Á meðal annars efnis í blaðinu í gegnum árin var stelpa sem var sögð hafa svo stór brjóst að þau væri hægt að nota sem kodda og stúlka með höfuð fest á ryksugu. Það þarf ekki mjög þróað ímyndunarafl til að skilja myndlíkinguna.

Það sem virtist vera svæsið grín í byrjun vatt upp á sig og lét Álfheiði ekki í friði næstu árin. „Það leið langur tími þar til ég gat verið með einhverjum strák aftur. Og í hvert sinn sem ég var með einhverjum fékk ég samviskubit því ég væri drusla. Ég mátti líka bóka að ef ég eignaðist kærasta, einhverjum árum seinna, þá myndi hann frétta af þessu fljótlega. Vinkonur vinkvenna minna, sem ég hafði aldrei hitt og voru í öðrum skólum, voru að spyrja þær hvort ég væri ekki algjör drusla."

**Skömmin gríðarleg**

„Ég upplifði bara að ég ætti þetta næstum skilið. Ég talaði aldrei um þetta við neinn og hristi þetta af mér en fyrst núna er ég að skilja hvað þetta hafði mikil áhrif á mig. Ég hef aldrei getað talað um þetta því ég finn svo mikla skömm enn þá."

Álfheiður upplifði meðal annars að vera læst inni á klósettbás á balli af eldri stelpum sem sögðust ekki „hleypa litlum druslum út". Hún segir að í raun hafi aldrei neinn komið henni til varnar.

„Ef ég var með einhverjum strákum þá fóru þeir með mig afsíðis svo enginn sæi að þeir væru að kyssa sjálfsalann. Meira að segja strákurinn sem var hrifinn af mér á þessum tíma gat varla talað við mig á göngunum."

„Ég skil eiginlega ekki enn þá af hverju það var ég sem var tekin svona rosalega fyrir. Ég er alltaf að hugsa um að gera ekki eitthvað vitlaust svo fólk fari ekki að tala um mig. Alltaf á varðbergi. Ég man hvernig þetta fólk horfði á mig á göngunum þótt það sé löngu búið að gleyma því."

Það var svo í #freethenipple-flóðbylgjunni sem Álfheiður setti inn mynd af sér og skrifaði við „kveðja, Sjálfsalinn" og fékk mikil viðbrögð frá fyrrverandi skólafélögum. Einhverjir báðu hana afsökunar á eineltinu, nú sex árum síðar. „Ég er ekki reið við neinn í rauninni. Ég veit að þau voru alveg jafn ung og vitlaus og ég. En ég þarf alltaf að segja sjálfri mér að þetta hafi ekki átt rétt á sér. Að ég hafi ekki átt þetta skilið."



Sjöfn Evertsdóttir segir að fólk sem sé veikara fyrir félagslega eigi erfiðara með að vinna úr stimplun.

## Stimplun veldur kvíða og einangrun

„Ef við fáum mjög ung einhvern neikvæðan stimpil á okkur getur það haft alvarlegar afleiðingar," segir Sjöfn Evertsdóttir, sálfræðingur hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni. „Það má líkja þessu við alvarlega aðför að mannorði manneskju. Mannorðsmorð væri sterkt til orða tekið en engu að síður upplifa sumir það þannig."

Sjöfn segir að í raun sé um ákveðið form af einelti að ræða. „Það koma fram alvarleg streitukennd einkenni, svo sem kvíði, forðun, depurð og félagsleg einangrun, sem jafnvel geta í alvarlegustu tilfellum stuðlað að sjálfsvígi eða annarri sjálfskaðandi hegðun. Hvernig gengur að vinna úr þessu fer svolítið eftir því hversu góðum bjargráðum manneskja býr yfir. Hvort hún geti tjáð sig um þetta, hvort hún geti stoppað það eða hvort hún muni bera þetta viðurnefni alla ævi.

Stundum verður þetta þannig að fólki finnist það eiga þetta skilið á einhvern hátt og leitast við að normalísera ástandið. Sálrænar afleiðingar geta verið gríðarlega miklar. Stundum fer fólk að reyna að segja að það eigi ekki neitt betra skilið, „ég er hvort eð er þessi drusla eða þessi týpa", og fer jafnvel að hegða sér á annan hátt."

## Rík og fræg drusla

Paris Hilton er ein frægasta kona í heimi sem hefur fengið druslustimpilinn á sig. Árið 2004, þegar hún var tvítug og ferill hennar var við það að takast á flug, var klukkutíma löngu kynlífsmyndbandi af henni og Rick Salomon pókerspilara lekið á netið. Milljónir horfðu á myndbandið og það reyndist mest selda klámmynd þess árs.

Paris vann málaferli vegna lekans en segist aldrei hafa fengið krónu vegna myndbandsins.

Í viðtali við CNN árið 2011 sagði Paris: „Fólk segir „Ah, hún er drusla" vegna þessa eina atviks sem henti mig og það er erfitt því ég mun þurfa að lifa með því það sem eftir er ævi minnar og útskýra þetta fyrir börnunum mínum. Þetta er eitthvað sem hefur breytt lífi mínu að eilífu og ég mun aldrei geta þurrkað út."

Hún hefur sagt að leki myndbandsins sé það vandræðalegasta og mest auðmýkjandi sem hafi nokkru sinni hent hana.








**COLUMBIA** LAY 'D' DOWN DÚNÚLPA
Stærðir XS–XL
**39.992 KR.**
VERÐ: 49.990 KR.



**COLUMBIA** ALPINE BARNAÚLPA
Stærðir XXS–XL
**12.632 KR.**
VERÐ: 15.790 KR.



**COLUMBIA** MINI LAY 'D' DOWN BARNA DÚNÚLPA
Stærðir XXS–XL
**15.992 KR.**
VERÐ: 19.990 KR.



**COLUMBIA** CONSPIRACY III
Stærðir 36–46
**18.392 KR.**
VERÐ: 22.990 KR.



**COLUMBIA** BUGABOO KULDABUXUR
Stærðir S–XXL
**15.992 KR.**
VERÐ: 19.990 KR.



**COLUMBIA** GLOBAL GÖNGUBUXUR
Stærðir 36–42
**15.832 KR.**
VERÐ: 19.790 KR.



**COLUMBIA** SWEET AS SOFTSHELL
Stærðir XS–XL
**19.992 KR.**
VERÐ: 24.990 KR.



**COLUMBIA** BARLOW PASS 550 TURBODOWN™
Stærðir S–XXL
**47.992 KR.**
VERÐ: 59.990 KR.



**COLUMBIA** TRASK MOUNTAIN ÚLPA
Stærðir XS–XL
**27.992 KR.**
VERÐ: 34.990 KR.



**COLUMBIA** LEWIS KULDASKÓR
Stærðir 32–39
**8.792 KR.**
VERÐ: 10.990 KR.



**COLUMBIA** WINTER HÚFA
**2.792 KR.**
VERÐ: 3.490 KR.



**COLUMBIA** SNUG GALLI
Stærðir 68–86 | Ýmsir litir
**10.312 KR.**
VERÐ: 12.890 KR.



**COLUMBIA** PEAKFREAK GÖNGUSKÓR
Stærðir 41–47
**15.992 KR.**
VERÐ: 19.990 KR.



**COLUMBIA** FLASH ÚLPA
Stærðir S–XXL
**23.992 KR.**
VERÐ: 29.990 KR.



**COLUMBIA** SNOWSLOPE
Stærðir 80–130
**11.192 KR.**
VERÐ: 13.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Aðskilnaðarmúrinn sem hlykkjast á milli byggða Ísraela og Palestínumanna með alls kyns krókum utan um landtökubyggðirnar. Þessi mynd var tekin í útjaðri Jerúsalemborgar fyrir nokkrum árum. NORDICPHOTOS/AFP

# Tveggja sendiherra sýn

Stundum er eins og Ísraelar og Palestínumenn búi ekki í sama heiminum. Ofbeldið væri þá eini snertiflöturinn. Sendiherrar Ísraels og Palestínu voru báðir í heimsókn hér á landi nýverið.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Meira en tuttugu ár eru liðin frá því Palestínumenn og Ísraelar undirrituðu friðarsamninga í Ósló. Enn bólar þó ekkert á friði.

Sendiherrar Palestínu og Ísraels, þeir Mufeed Shami og Raphael Schutz, voru báðir í heimsókn hér á landi nýverið. Ekki kemur á óvart að himinn og haf sé á milli þess, hvernig þeir sjá ástandið fyrir sér.

Þegar sest var niður til að ræða við þá, hvorn í sínu lagi reyndar, kom þó í ljós að báðir segjast þeir enn halda í vonina um að tveggja ríkja lausnin, sem gengið var út frá í Óslóarsamningunum, verði einhvern tíma að veruleika.

**Draumurinn eyðilagður**

Palestínumaðurinn Shami segir samt að vonir Palestínumanna um þetta hafi dvínað jafnt og þétt með árunum. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hafi beinlínis unnið markvisst að því að gera Óslóarsamningana að engu.

„Núna nýlega efndu Ísraelar til kosninga, af mörgum ástæðum, og harðlínumenn fengu sigur. Herra Netanjahú fer enn með völdin. Og þá langar mig til að minna á að þegar ísraelska þingið samþykkti og fullgilti Óslóarsamninginn, þá var Netanjahú á móti. Hann steig í ræðustól á þinginu og fór með mjög stutta ræðu: Við erum andvíg þessum samningi, sagði hann. Og hann sagði að þegar hann og flokkur hans tækju við ríkisstjórn í framtíðinni, þá mundi hann gera alla þessa samninga að engu. Og maðurinn stóð við þetta loforð sitt,“ segir Shami.

» **ÍSRAELSRÍKI VAR STOFNAÐ 1948 UM LEIÐ OG UMDÆMISSTJÓRN BRETA Í PALESTÍNU VAR LÖGÐ NIÐUR.**

„Í síðustu kosningabaráttu sagði hann svo skýrt og greinilega að Palestínuríki myndi ekki verða að veruleika. Allt alþjóðasamfélagið, þar á meðal þetta land og Palestínumenn, eru fylgjandi tveggja ríkja lausninni. Að Ísrael og Palestína búi hlið við hlið í friði og samlyndi. Þessi ríkisstjórn og þessi forysta Ísraels er í raun og veru að drepa þennan draum og drepa þetta land.“

**Eina lausnin samt**

Ísraelsmaðurinn Schutz segir samt að tveggja ríkja lausnin, þar sem Palestínumenn fái sitt sjálfstæða ríki við hlið Ísraels, sé eina lausnin í boði.

„Ef við skoðum þetta landsvæði, þar sem í dag búa kannski um 6,5 milljónir gyðinga og kannski 5,5 milljónir Palestínumanna, þá er það bæði mín trú og svo sýnir sagan líka að það geti aldrei gengið upp að búa til eitt ríki með tveimur þjóðum.“

Hann vísar til reynslunnar frá Júgóslavíu og Kýpur: „Þegar Júgóslavía leystist upp kostaði það blóðbað allt þangað til allir hóparnir fengu sitt eigið ríki. Á Kýpur er engin formleg lausn orðin til, en eyjan er samt skipt milli tveggja hópa og sú skipting stöðvaði blóðbaðið þar. Þannig að eina lausnin er að aðskilja gyðinga og Palestínumenn eins og hægt er.“

Hann rifjar upp að gyðingar eru um 77 prósent af íbúum Ísraels en Palestínumenn um það bil 20 prósent.

„Þetta hlutfall gerir það að verkum að Ísrael getur áfram verið ríki með traustum meirihluta gyðinga, eins og það var upphaflega hugsað í ályktun Sameinuðu þjóðanna árið 1947. Ef það ætti að breyta þessu hlutfalli í 50 á móti 50, eða eitthvað þar nálægt, þá myndi það ekki standast.“

**Landtökubyggðirnar**

Helstu kröfur Palestínumanna ganga út á að losna við hernámið og þann yfirgang sem því fylgir, ekki síst af hálfu

## Friðarviðræður og -samningar

**1978**



**Camp David-samkomulagið** milli Ísraels og Egypta var tímamótasamkomulag, sem tryggt hefur frið milli landanna. **Á myndinni** *Anvar Sadat Egyptalandsforseti, Jimmy Carter Bandaríkjaforseti og Menachem Begin, forsætisráðherra Ísraels.*

**1993**



**Óslóarsamkomulagið** þar sem PLO-samtökin viðurkenndu tilvist Ísraelsríkis gegn brotthvarfri ísraelska herliðsins frá herteknu svæðunum. Palestínumönnum var jafnframt lofað sjálfstæðu ríki. **Á myndinni** *Jitsak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, Bill Clinton Bandaríkjaforseti og Jasser Arafat, leiðtogi PLO-hreyfingarinnar.*

**2000**



**Camp David-viðræðurnar** sem slitnaði upp úr þegar nokkur stór atriði voru enn ófrágengin. **Á myndinni** *Ehud Barak, forsætisráðherra Ísraels, Bill Clinton Bandaríkjaforseti og Jasser Arafat, leiðtogi Palestínumanna.*

**2003**



**Vegakortið** sem alþjóðlegur „kvartett“ Bandaríkjanna, Rússlands, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna dró upp til viðmiðunar. Enginn merkjanlegur árangur varð af því. **Á myndinni** *Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, tekur við „vegakortinu“ frá fulltrúum Sameinuðu þjóðanna.*

**2007**



**Annapolis-viðræðurnar** George W. Bush, Bandaríkjaforseti, gerði tilraun seint á seinna kjörtímabili sínu til að fá Ísraela og Palestínumenn til að komast að samkomulagi. **Án árangurs.** **Á myndinni** *Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, George Bush Bandaríkjaforseti og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar.*

**2010**



**Washington-viðræðurnar** Barack Obama gerði einnig tilraun, þegar hann var nýlega tekinn við embætti, til að endurræsa viðræður Ísraela og Palestínumanna. **Án árangurs.** **Á myndinni** *Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Barack Obama Bandaríkjaforseti.*



netto
markhönnun ehf
DANSKIR DAGAR
KJÖTSEL
BAYONNESKINKA
VERÐ ÁÐUR
1.996 KR/KG
50% AFSLÁTTUR
998 KR KG
KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ ÁÐUR
1.798 KR/KG
39% AFSLÁTTUR
1.097 KR KG
FERSKT LAMBA PRIME
VERÐ ÁÐUR
3.998 KR/KG
25% AFSLÁTTUR
2.999 KR KG
GRÍSALUNDIR
VERÐ ÁÐUR
1.998 KR/KG
30% AFSLÁTTUR
1.399 KR KG
FERSKUR GRÍSABÓGUR
VERÐ ÁÐUR
829 KR/KG
40% AFSLÁTTUR
497 KR KG
ANANAS DEL MONTE
VERÐ ÁÐUR
389 KR/KG
50% AFSLÁTTUR
195 KR KG
Del Monte
ANTON BERG STANGIR
149 KR STK
MERRILD KAFFI
500 G
VERÐ ÁÐUR
729 KR/PK
699 KR PK
Merrild
MALAÐ KAFFI
KIMS SNAKK
10% AFSLÁTTUR
KiMs
ALL IN
CHIPS
JOLLY COLA
33 CL
99 KR STK
Jolly cola
Tilboðin gilda 5. – 15. nóvember 2015
netto.is | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



OG ER LÍF PALESTÍNUMANNA EITTHVAÐ BETRA MEÐ FÁNA HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM?

Raphael Schutz, sendiherra Palestínu
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HERNÁMIÐ HEFUR NÚ VARAÐ Í 48 ÁR, ÞETTA ER LENGSTA HERNÁM SÖGUNNAR NÚ Á TÍMUM.

Mufeed Shami, sendiherra Ísraels
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

landtökufólksins sem sölsar undir sig hús og jarðir á herteknu svæðunum.

Ísraelinn Schutz lítur hins vegar öðru vísi á þetta, rétt eins og flest annað í þessum langvinnu deilum. Hann segir að landtökumálið hafi verið blásið út og gert að aðalatriði deilunnar algerlega að óþörfu.

„Á árunum sem liðin eru frá því að Óslóarsamningarnir voru gerðir hefur bæði Ísraelum og Palestínumönnum orðið ljóst að varanleg tveggja ríkja lausn myndi fela í sér að skipst yrði á landsvæðum, þannig að hinar stóru landnemabyggðir verði áfram undir ísraelskum yfirráðum en væntanlegu Palestínuríki yrði bætt það upp með öðrum landsvæðum í staðinn.

Sagan sýnir líka að við Ísraelar höfum rýmt landnemabyggðirnar þegar við sömdum um frið við Egypta. Við rýmdum þær þegar við fórum frá Gasasvæðinu árið 2005, þannig að við höfum sýnt það í verki að við getum tekist á við landnemabyggðirnar og að þær eru ekki hindrun í vegi fyrir samkomulagi.“

## Lagatúlkanir Ísraela

Schutz neitar því einnig að landnemarnir hafi lagt undir sig landsvæði sem var í einkaeigu Palestínumanna, nema í undantekningartilfellum sem ísraelskir dómstólar hafi leiðrétt þegar til þeirra hefur verið leitað. Máli sínu til stuðnings vísar hann í lagatúlkanir.

„Almenna túlkunin er að vísu sú að landnámsbyggðirnar séu ólöglegar samkvæmt alþjóðalögum. En án þess að þreyta þig með löngum fyrirlestri um lagatúlkanir, þá er engu að síður til sú túlkun, sem ég viðurkenni að er í minnihluta í dag. Meirihlutatúlkunin er byggð á Genfarsáttmálunum, þar sem er að finna bann við því að fólk sé flutt inn á hertekin svæði. En þeir sem aðhyllast minnihlutatúlkunina segjast geta sýnt fram á að þarna sé átt við nauðungarflutninga, sem ekki er tilfellið því landtökumennirnir hafa farið inn á þessi svæði af fúsum og frjálsum vilja.“

Hann segir einnig mega draga í efa þá túlkun að svæði Palestínumanna séu hernumin svæði.

„Hér er einnig hægt að vera með aðra nálgun, sem vísar til þess að þessi svæði hafi alls ekki verið partur af öðru ríki áður fyrr. Palestína hafi sem sagt ekki verið til sem ríki. Auk þess er til samningur milli Ísraels og Palestínumanna, Óslóarsamningurinn, sem gefur þessu landsvæði sérstöðu. En þetta eru allt saman lagatúlkanir,“ segir Schutz, „og ég viðurkenni að meirihlutatúlkunin lítur á þetta sem hernumin svæði.“

Samt sem áður talar hann sjálfur um landtökuna sem „hið svokallaða landnám“.

## Átökin magnast

Átökin hafa harðnað á síðustu vikum, eina ferðina enn. Palestínumenn hafa tekið upp á því, sumir hverjir, að beita hnífum gegn Ísraelum af handahófi á götum úti. Aðrir safnast saman og kasta grjóti í ísraelska hermenn.

Frá því í byrjun október hafa hnífaárásirnar kostað tugi manna lífið. Ísraelar hafa að venju brugðist við af fullri hörku. Árásarfólkið er skotið samstundis og fyrir utan að senda her og lögreglu á vettvang, þá hefur borgarstjórinn í Jerúsalem, Nir Barkat, hvatt Ísraela til þess að vera vopnaðir dagsdaglega. Sjálfur tók hann riffil með sér þegar hann skrapp yfir í austurhluta Jerúsalemborgar nýverið.

„Því miður hafa margir þættir átt hlut að því að þetta hefur verið að magnast upp og átök Ísraels og Palestínu eru komin á nýtt stig,“ segir Shami.

„Hernámið hefur nú varað í 48 ár, þetta er lengsta hernám sögunnar nú á tímum. Þar að auki hefur Ísrael gefið landtökumönnum lausan tauminn. Þeir eru að taka land eignarnámi, byggja á þessu landi, sem þeir hafa lagt undir sig, og stækka landnámið, og þeir hafa frjálsar hendur til að gera hvað sem þeim sýnist, ráðast á þorp, brenna fólk og landtökumennirnir hafa hreinlega fengið leyfi til að drepa. Allir þessir þættir hafa hlaðist upp og átt hlut að því að leiða til þess að átökin hafa harðnað nú nýlega.“

Upphaf nýjustu átakanna má reyndar rekja til aðgerða Ísraela við Al Aksa-moskuna í Jerúsalem, sem múslimar segja þriðju helgustu mosku sína í heimi, næst á eftir Mekka og Medína í Sádi-Arabíu.

„Í Palestínu höfum við aldrei átt í neinum trúarbragðadeilum. Hin ólíku trúarbrögð hafa búið saman átakalaust. En að vanrækja eða gleyma því að þetta er einn af allra helgustu stöðum múslima, taka hann yfir og reyna að skipta honum niður eða jafnvel reyna að eyðileggja hann, það mun leiða til þriðju heimsstyrjaldarinnar. Enginn mun fallast á það, hvorki múslimar né kristnir menn á okkar svæði.“

## Alþjóðasamfélagið verður að grípa inn í

„Við höfum ekki hugmynd um hvað nú tekur við,“ segir Shami. „Yngri kynslóðirnar, meira að segja þær kynslóðir sem eru fæddar eftir að Óslóarsamningarnir voru gerðir, þær eru að missa vonina. Þeir sem útskrifast úr háskóla finna ekki starf, þeir geta ekki átt sér eðlilegt líf.“

Sjálfur hefur Shami áhyggjur af börnum sínum, sem búa í Ramallah. Vonir þeirra um eðlilegt líf séu harla litlar. Hann segir tíma kominn til þess að alþjóðasamfélagið grípi inn í. Að öðrum kosti sjái Palestínumenn enga von.

„Ef hernám Ísraela heldur áfram, þá er líklegt að ofbeldið haldi áfram. Landtökufólkið gerir árásir á Palestínumenn, tekur land þeirra eignarnámi og leyfir ekki bændum að tína uppskeruna þegar ólífutíminn kemur. Hvernig eiga Palestínumenn að geta fengið von frá Ísrael? Það verður að gera eitthvað mjög hratt.“

## Nýja leiðin

Friðarviðræður hafa í raun legið niðri árum saman, en Palestínumenn hafa í staðinn farið þá leið að leita til Sameinuðu þjóðanna til að styrkja stöðu sína.

Árangurinn er meðal annars sá að nú viðurkenna 134 ríki tilvist Palestínuríkis. Palestína er auk þess komin með áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og hefur þar með réttindi til þess að gerast aðili að alþjóðastofnunum á vegum þeirra.

Þar á meðal er Alþjóðasakadómstóllinn í Haag, sem hefur það hlutverk að rannsaka stríðsglæpi. Palestínumenn vonast til þess að geta dregið Ísraelsríki fyrir þann dómstól vegna hernámsins og hernaðarins á Gasa.

## Áhyggjuleysi Ísraels

Ísraelsmaðurinn Schutz segist hins vegar engar áhyggjur hafa af slíkum málaferlum.

„Við teljum okkur hafa þar sterkan málstað. Við fylgjum lögum og gerum okkar besta til að fara eftir alþjóðasamningum. Í síðasta stríði milli Ísraels og Hamas voru Ísraelar sakaðir um að hafa beitt óhóflegu valdi.“

Og svo vill hann að gagnrýnendur Ísraels geri samanburð á mannfalli, bæði meðal hermanna eða annarra bardagamanna og svo meðal almennra borgara, í stríðinu á Gasa annars vegar en hins vegar í hernaði NATO og Bandaríkjanna á Balkanskaga og í Afganistan.

## Leiksýningin

Schutz segir reyndar að sett hafi verið á svið leiksýning, sem íbúar á Vesturlöndum fylgist með af ákafa.

„Þetta er leikrit þar sem allir hafa sitt hlutverk. Ísrael er vondi kallinn, sá svarti, volduga hernámsveldið, en Palestínumenn eru fórnarlömbin, hinir veiku, hvíti kallinn. Þetta er alveg eins og í bandarískum vestrum, að hér í þessu leikriti eru öll smáatriðin sem passa ekki inn í staðalímyndirnar þögguð niður, hunsuð eða afbökuð. Það þykir ekki pólitískt rétt í dag að segja: Hei, Palestínumenn eru ekki að gera það sem þeir eiga að gera. Þeir eru ekki einu fórnarlömbin, og á meðan þetta er sviðsmyndin þá er ég hræddur um að það verði mjög erfitt að finna lausn vegna þess að Palestínumönnum finnst þeir ekki bera neina ábyrgð í þessu öllu.“

## Heppnir með nágranna

Schutz gefur ekki heldur mikið fyrir vegferð Palestínumanna hjá alþjóðastofnunum undanfarin ár.

„Þetta hefur skilað þeim einhverjum táknrænum árangri, fána og viðurkenningu hjá Sameinuðu þjóðunum. En þegar á reynir eru þeir ekkert komnir nær ríkisstöðu en þeir voru fyrir sex árum, og það er ekki Ísrael að kenna heldur stafar það af því að þeir neita að tala við okkur. Og er líf Palestínumanna eitthvað betra með fána hjá Sameinuðu þjóðunum? Nei. Líf Palestínumanna mun batna þegar þeir tala við okkur, þegar við náum varanlegri lausn.“

Og hér segir Schutz nauðsynlegt að horfa á hlutina í víðara samhengi: „Ég leyfi mér og voga mér að segja, þótt það falli ekki alls staðar í kramið, að líf Palestínumanna, sérstaklega á Vesturbakkanum en líka á Gasa, leyfi ég mér að segja, er mun betra en líf flestra íbúa arabaríkja í Mið-Austurlöndum. Þegar allt kemur til alls eru þeir mjög heppnir með nágranna. Að nágranni þeirra skuli vera Ísrael en ekki Íslamska ríkið, og þetta er nokkuð sem þarf að segja.“

## Kúgarinn og hinn kúgaði

Palestínumaðurinn Shami segir fráleitt að líta svo á að hin hertekna þjóð standi í einhverjum skilningi jafnfætis hernámsveldinu.

„Þeir geta ekki jafnað kúgaranum við hina kúguðu þjóð. Ég meina, þeir eru að taka öryggi frá mér. Þeir eru að hernema mig. Hunskist héðan og látið mig vera,“ segir Shami

„Því miður er það svo að Bandaríkin vilja tveggja ríkja lausnina en gera ekki neitt til þess að sú lausn verði að veruleika. Þetta eru átök sem eru löngu fallin á tíma. Ég lofa ykkur því að um leið og þeir láta okkur í friði og við fáum viðurkennd landamæri, þá mun hver Palestínumaður sem rýfur landamærin setja þjóðaröryggi okkar í hættu. Þannig að við munum þá takast á við hann eða hana.“

## Stimplaðir sem hryðjuverkamenn

Shami segir Ísraela almennt og Benjamín Netanjahú forsætisráðherra ekki síst vera í herferð gegn Palestínumönnum og forystumönnum Palestínu.

„Þeir vilja stimpla okkur sem hryðjuverkamenn. Þeir reyna að sannfæra heiminn um að við séum í flokki með hryðjuverkamönnum og séum ekki þátttakendur í friðarviðleitni. Þetta er nokkuð sem við getum ekki fallist á. Ef Ísrael þarf öryggi þá þurfum við öryggis enn frekar við,“ segir Shami.

„Á sínum tíma var Palestína raunar eina landið í heiminum sem opnaði faðminn og opnaði hliðin til að bjarga gyðingum. Og nú eru þeir að ásaka okkur vegna þess að við björguðum þeim. Við tókum við þeim og veittum þeim skjól. Þeir fundu skjól í Palestínu, þeir gátu hvergi annars staðar fundið skjól nema í Palestínu, og nú eru þeir að ásaka okkur.“


Það á að gefa börnum brauð…




ÖFLUG OG FALLEG BRAUÐRIST

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HUNDAGLEÐI

**Hundasýning HRFÍ fer fram í reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Ein þeirra sem tekur þátt er Mikkalína Mekkín með hundinn sinn Pollý en hún er af sjaldgæfri terrier-tegund.**
**Síða 6**








# ELDRA FÓLKI HALDIÐ Í FÁTÆKRAGILDRU

*STÓRAFMÆLI Guðrún Ásmundsdóttir leikkona er ekki af baki dottin þótt hún fagni áttatíu ára afmæli á fimmtudaginn. Hún er enn að vinna af fullum krafti og fagnar því að hafa góða heilsu til þess. Guðrún hefur hins vegar miklar skoðanir á framkomu stjórnvalda við eldri borgara þessa lands.*

Guðrún segist þegar vera búin að halda upp á stórafmælið. Það hafi hún gert í sumar. „Börnin mín buðu bestu vinkonu minni til landsins. Hún er ensk og við kynntumst í leiklistarskóla í Englandi fyrir fimmtíu árum. Ég hélt fjögurra daga hátíð eins og gerðist í fornsögunum. Það var rosalega gaman,“ segir Guðrún. „Börnin leigðu fyrir okkur gistiheimili á Stokkseyri í fallegu umhverfi. Þegar maður opnaði út á svalir blasti Atlantshafið við. Það var stórkostlegt. Mér fannst ekki hægt að halda betur upp á afmælið,“ segir Guðrún. „Ég heimsæki alltaf þessa vinkonu mína þegar ég fer til Bretlands, síðast í vor þegar barnabarn mitt, Rakel Mjöll Leifsdóttir, útskrifaðist úr listaháskóla í Brighton.“

### AÐ LÚRA LENGUR

„Það er margt gott við að eldast,“ segir Guðrún og finna má kaldhæðni í röddinni. „Ég hef alla mína tíð unnið eins og brjálæðingur. Ég hitti skólabróður minn um daginn og við ræddum hversu dásamlegt það væri að verða gamall. Hann sagðist hafa vaknað þennan morgun, snúið sér að eiginkonunni og sagt: „Heyrðu elskan, hvað eigum við að gera í dag? Eigum við að fara í sund eða lúra svolítið lengur?“ Konan leit á hann og svaraði. „Við skulum lúra svolítið lengur.“

**ALLTAF Á FULLU** Það er nóg að gera hjá Guðrúnu Ásmundsdóttur þótt hún haldi upp á 80 ára afmælið á fimmtudaginn.
MYND/ANTON


**JÓLAHLAÐBORÐ**
**1.990 kr.**

Jólahlaðborð Minna manna hafa verið vinsæl síðustu ár, enda ódýr en einstaklega girnileg. Þau eru sérsniðin til að bjóða upp á í jólagleðinni á vinnustaðnum, heima eða í veislusal án nokkurrar fyrirhafnar.

**Verðið hefur verið það sama árum saman – aðeins 1.990 kr. á mann!**

**Pantanir hjá:**
**Magnúsi Inga Magnússyni í síma 696-5900 og á magnusingi@gmail.com.**



**HEITT OG KALT JÓLAHLAÐBORÐ**
- Síldarréttir
- Djúpsteiktar rækjur
- Kjúklingur
- Purusteik
- Hangikjöt
- Heit sósa
- Brúnaðar kartöflur
- Kartöflujafningur
- Fjölbreytt grænmeti
- Brauðkossar
- Súrsæt sósa

**1.990 kr. á mann**

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar á minirmenn.is og á Facebook**














Við skólasystkinin litum hvort á annað og sögðum: Mikið er það nú dásamlegt að við sem alltaf vorum í stressinu getum lúrað aðeins lengur," segir Guðrún og hlær að þessari staðreynd en bætir síðan við: „Þótt við fáum að lúra aðeins lengur þá er ekkert skemmtilegt að okkur skuli vera úthlutað einhverjum lúsarlaunum til að lifa af. Við þurfum ekkert endilega að fara til útlanda eða leyfa okkur eitthvað skemmtilegt, við viljum einungis fá að lifa með reisn, geta gefið gjafir og þess háttar," segir hún.

## SÆLT AÐ VERA FÁTÆKUR

„Í þessu þjóðfélagi er okkur úthlutað hungurlús til að lifa á og ef við erum svo töff, áttræð að aldri, að geta unnið okkur smá aukapening þá er passað vel upp á að skerða lúsarlaunin. Ætli sé ekki heilt ráðuneyti í vinnu við að fylgjast með þessu," segir hún. „Þannig erum við, gamla fólkið, sett í fátækragildru. Ég og nokkrir jafnaldrar mínir ætlum að stofna félag út frá texta Davíðs Stefánssonar úr laginu Dalakofinn, Á meðan blómin anga og sorgir okkar sofa er sælt að vera fátækur, elsku Dísa mín.

Við ætlum að leggja út frá Davíð og byggja okkur í lyngholti lítinn dalakofa. Síðan þurfum við að ræða við yfirvöld um að fá lóð undir svona dalakofa. Það væri auðvitað gott að hafa heita potta og þá getum við gamlingjarnir orðið hamingjusamir. Svo lifum við bara á skáldskap og sauðaþjófnaði," segir Guðrún og hlær en segist alls ekki nenna í einhverja pólitík.

## Í FALLEGRI DALABYGGÐ

Þegar hún er spurð hvort það sé kvíðvænlegt að eldast, svarar hún því neitandi. „Mér finnst reyndar vondur þrýstingur að það eigi að troða okkur öllum eldri borgurum í litlar íbúðir í blokkum. Við eigum að selja fallegu húsin okkar. Vissulega er dýrt að reka stórt hús en þegar maður er orðinn gamall vill maður hafa pláss í kringum sig. Við viljum geta boðið fjölskyldu og vinum sem búa langt í burtu að gista hjá okkur. Kannski verð ég komin í einhverja dalabyggð á níræðisafmælinu. Því miður óttast ég mjög að mín kynslóð eigi ekki eftir að fá sanngjarna meðferð hjá ráðuneytunum.

Ég minnist þess þegar ég var í námi í Bretlandi að fólk þar talaði um fátækt og að það hefði ekki efni á hinu og þessu. Mér fannst það mjög skrítið enda talaði ekki nokkur maður um fátækt á Íslandi. Maður var alinn upp við að ef fjölskylda ætti ekki neitt væri það bara þannig og alls ekki rætt. Við höfum alltaf verið stolt en maður vill samt ekki láta loka sig inni í einhverri fátækragildru. Verst finnst mér að mega ekki vinna sér inn aukapening ef maður getur það."

## SÖGUR ÚR STRÍÐI OG JÓLIN Í KALLAFJÖLLUM

Guðrún hefur verið með hverja uppákomuna á eftir aðra í Hannesarholti allt þetta ár. Í kvöld er hún til dæmis með „Og þá kom stríðið" en það er dagskrá með söngvum og sögum úr seinni heimsstyrjöldinni. Í desember verður hún með jóladagskrá sem nefnist Jól í kallafjöllum.

Sannarlega hefur Guðrún verið ötul við vinnu. Hún situr við skriftir og ritar fjársjóð minninganna, eins og hún kallar það. „Ég hef alltaf verið grúskari og mér finnst gaman að taka saman dagskrár og fá tónlistarfólk í lið með mér. Ég er sjálf sögumaður en með mér er yndisleg sópransöngkona sem heitir Alexandra Chernysova, hún býr í Hvalfirði en er frá Úkraínu. Við höfum unnið mikið saman og erum núna að búa til óperu sem heitir Skáldið og biskupsdóttirin. Með okkur í jólaverkinu verður Monica Abendorf hörpuleikari. „Það verður alveg rosaleg stemning hjá okkur enda erum við allar jólabörn. Sonardóttir mín, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, kemur einnig fram í þessu verki. Við verðum í Hannesarholti 6. og 13. desember og fríkum út í jólabransanum."



**FÁTÆKT ELDRI BORGARA** Guðrúnu finnst skömm að þeim lúsarlaunum sem eldri borgarar þessa lands þurfa að lifa á. Hún segir eldri borgara vera setta í fátækragildru.
MYND/ANTON



**GÓÐIR DAGAR** Þessi skemmtilega mynd var tekin árið 1964 af Guðrúnu og dóttur hennar, leikkonunni Sigrúnu Eddu.

Margar skemmtilegar uppákomur hafa verið með Guðrúnu í Hannesarholti og enn má búast við fleiru frá henni. Þá hefur hún einnig verið beðin að flytja þessa dagskrá hjá félagasamtökum og gerður er góður rómur að henni. Guðrún er sannarlega ekki hætt að skrifa þótt hún hafi ekki leikið lengi. „Að vera sögumaður gerir mann frjálsan. Maður velur yndislegt fólk með sér og ég nýt þess að eiga þennan fjársjóð minninganna. Í kvöld verða með mér fyrir utan Alexöndru Ásgeir Páll Ágústsson bariton og Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari."

## BESTA GJÖFIN

Guðrún er þrígift. Eiginmaður hennar er Birgir Matthíasson. „Hann er sá þriðji og besti þótt hinir hafi líka verið flottir," segir hún. Börn Guðrúnar eru Leifur, Sigrún Edda leikkona og Ragnar Kjartansson listamaður.

Guðrún á langan og glæstan leiklistarferil að baki. Húmorinn og jákvæðni er aldrei langt undan hjá henni. „Maður má ekki detta í biturleika," segir hún. „Ég hef séð vini og aðra detta niður í þann pytt en þá fer að verða leiðinlegt að vera gamall." Guðrún er ekkert farin að lúra lengur á morgnana þar sem ótal margt er að gerast hjá þessari farsælu og skemmtilegu leikkonu. „Mér myndi þykja besta afmælisgjöfin ef fólk kæmi að sjá jóladagskrána mína í Hannesarholti," segir hún. ■ elin@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# GET LOKSINS HALDIÐ EINBEITINGUNNI

**ICECARE KYNNIR** *New Nordic hefur þróað nýstárlega vöru, Clear Brain™, sem inniheldur mikið af næringarefnum fyrir heilann. Töflurnar hafa góð áhrif á andlega getu og vitræna starfsemi eins og minni, eftirtekt og einbeitingu. Henta jafnt ungum sem öldnum.*

Ingelise er sjötugur eftirlaunaþegi. Hún missti því miður ökuskírteinið eftir alvarlegt umferðarlagabrot. Ingelise þurfti að taka bílprófið aftur en átti erfitt með einbeitingu þegar hún þurfti að læra fyrir bóklegan þátt ökuprófsins. „Ég gat hreinlega ekki einbeitt mér og féll í fyrstu tilraun. Eftir að ég fór að taka inn Clear Brain™-töflurnar stóðst ég bæði bóklega og verklega prófið. Þetta er frábært,“ útskýrir hún.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að pakka niður í tösku og keyra af stað. Ég þarf á bíl að halda til að komast ferða minna, ég á eitt barn sem býr í Kaupmannahöfn og annað sem býr á Norður-Sjálandi. Það var því mikilvægt fyrir mig að fá ökuskírteinið aftur,“ segir Ingelise, sem var í stjórnunarstöðu hjá hreingerningafyrirtæki á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn áður en hún settist í helgan stein. Ingelise las um Clear Brain™ áður en hún ákvað að taka bílprófið á nýjan leik. „Ég las um Clear Brain á biðstofu tannlæknis og fékk strax áhuga á að prófa. Eftir að hafa tekið inn töflurnar í nokkrar vikur var ég orðin betri í sudoku, sem hefur reynst mér mikil áskorun. Ég átti auðveldara með að einbeita mér við lestur og muna það sem ég las. Ég stóðst síðan bóklega ökuprófið í annarri tilraun.“



**CLEAR BRAIN TAFLAN** Færir þeim hluta heilans sem stjórnar minni vítamín á einungis nokkrum klukkutímum.




**FANN FLJÓTT MUN**

„Það kom tímabil þar sem ég tók ekki inn Clear Brain-töflurnar og ég fann fyrir breytingu. Á þessu tímabili þurfti ég að læra fyrir verklega ökuprófið. Ég átti mjög erfitt með að einbeita mér og þurfti að æfa mig aftur og aftur að leggja bílnum í stæði, mér fannst þetta svo erfitt. Ég byrjaði því aftur að taka inn Clear Brain töflurnar og fann fljótt muninn. Nú hef ég staðist bæði prófin. Ég ætla aldrei að hætta að taka inn Clear Brain töflurnar og nýt þess að geta hoppað upp í bíl og keyrt þangað sem ég vil. Að leysa þrautir eins og sudoku er einnig orðin ánægjuleg skemmtun.“

Clear Brain™-taflan færir þeim hluta heilans sem stjórnar minninu vítamín á einungis nokkrum klukkutímum. Rannsóknarniðurstöðurnar eru áhrifamiklar. Í töflunni er amínósýran L-theanine (amino acid L-theanin), sem fæst á náttúrulegan hátt úr grænu tei. Þegar heili í heilbrigðum manneskjum er skannaður kemur greinilega í ljós að heilabylgjurnar sýna aukna virkni innan fárra klukkutíma eftir að efnið er tekið inn.



**ALLT ANNAÐ LÍF** Ingelise fann að hún hafði betri einbeitingu eftir að hún byrjaði að taka inn Clear Brain.




NEW NORDIC

# FEMARELLE ER FRÁBÆR LAUSN

**FEMARELLE** *er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum. Valgerður Kummer Erlingsdóttir hefur notað Femarelle í nokkurn tíma og finnur nú vel hve miklu máli það skiptir fyrir hana að taka það. „Ég var byrjuð að finna fyrir breytingum hjá mér, var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki af Femarelle á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin.“ Valgerður er svo ánægð með Femarelle að hún mælir með því við allar vinkonur sínar. „Ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“




**UNDRANDI HVAÐ ÞAÐ VIRKAR VEL**

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hefur lagast eftir að hún fór að taka Femarelle. „Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ég ákvað að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér.“

Gerður var mjög ánægð með að uppgötva að hún fyndi svo fljótt mun á sér, og ákvað að halda áfram að taka Femarelle.



**ÁNÆGÐ MEÐ LÍFIÐ** Gerður var ánægð með að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.



**LÍÐUR BETUR** Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA

„Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig,“ segir Gerður.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare

TRI
Schwalbe
- nagladekk frá 9.490kr -
WWW.TRI.IS





**SÆTT**
„Íslenska nammið er mitt uppáhald og þar trónir gamla góða suðusúkkulaðið í efsta sæti.. og lakkrísdraumurinn fylgir fast á eftir."

**SÖNGKONA** Hera Björk segir að ef hún færi út að dansa, sem hún gerir ekki mikið af, þá yrði Palla Ball fyrir valinu. MYND/STEFÁN

# PANTAR JÓLASNJÓ, FROST OG JÓLASÓL

**Á FLAKKI** *Hera Björk eyðir helginni í Kaupmannahöfn við söng og heimsóknir. Henni finnst annars best að verja helgunum með fjölskyldu og vinum.*

Það verður nóg að gera hjá söngkonunni Heru Björk Þórhallsdóttur um helgina en hún verður að syngja í Kóngsins Kaupinhafn. Auk þess er hún á fullu við að undirbúa jólatónleikana sína „Ilmur af jólum" sem verða laugardaginn 28. nóvember næstkomandi. „Ég er alsæl með viðtökurnar sem ég hef fengið við tónleikunum og hlakka gríðarlega til þeirra enda að koma úr algeru jólasöngsvelti frá Síle. Síðustu jól var lítið sem ekkert sungið, meira bara drukkið límonaði og borin á sig sólarvörn í jólasólinni í Síle. Þannig að nú skal njóta jólanna og ég panta hér með jólasnjó, frost og auðvitað jólasól," segir hún og hlær.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Ætli það sé ekki bara egg og lax, súrdeigsbrauð (er brjáluð í svoleiðis brauð), hráskinka, rjómaostur, pestó, avókadó, tómatur, kál – já og góður kaffibolli og ávaxtasmoothie.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Það sem er til þá stundina. Svo hendist maður nú oft af stað í bakaríið um helgar og kaupir eitthvað gott fyrir krúttin.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Mér þykir gaman að fara út að borða í góðra vina hópi. Annars er ég lítið í skemmtanalífinu þessa dagana enda yfirleitt að vinna um helgar. En kósí bústaðarferð með tilheyrandi trúnótrippi og keleríi er ávallt mjög heillandi.

**Sefur þú út um helgar?** Já, er mjög oft að vinna um helgar og kem seint heim þannig að það er venjan.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Hryggur með tilbehör á la mamma.

**Hvar er best að borða hann?** í foreldrahúsum.

**Vakir þú fram eftir?** Já, það er víst.

**Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá?** Að dansa, ég dansa nú bara mest í partíi hjá vinum og heima hjá mér – en ef ég færi út að dansa þá væri það pottþétt á Palla Ball.

**Hvernig er draumahelgin?** Með hele familien á ferðalagi í erlendri borg að krúttast á milli safna og kaffihúsa.

**Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Hvað þá?** Það er nú yfirleitt eitthvað sett í gogginn þegar maður kemur heim eftir gigg á kvöldin. Það fer alveg eftir því hvað var í matinn en vinsæll réttur á okkar heimili er Laugardags-lasanja eða Miss Heras quesadillas og þá er kroppað í þetta yfir mynd á meðan maður lætur leka úr sér „háhælaþreytuna".

**Ertu með nammidag?** Nei, enginn sérstakur nammidagur hér á bæ!

**Hvaða nammi færðu þér oftast?** Íslenska nammið er mitt uppáhald og þar trónir gamla góða suðusúkkulaðið í efsta sæti og lakkrísdraumurinn fylgir fast á eftir.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Í göngutúr í nágrenni Reykjavíkur og svo í sundi, eða bara uppi í sófa með „interior"-blað og kakóbolla.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Fjölskyldunni og vinunum. Já og stundum er bara æði að vera með sjálfum sér um helgar.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Vöfflur eru vinsælar og svo er gamla góða vínarbrauðið soldið í uppáhaldi eftir að við komum heim frá Síle þar sem ekkert slíkt fyrirfinnst.

**Stendur eitthvað sérstakt til um helgina?** Já, ég verð stödd í Kaupmannahöfn að syngja þannig að ég mun fá mér einhvern eðalmorgunmat á hótelinu eða fara á eitthvert dásemdar kaffihúsið í bröns upp á danska vísu. Ætla að nota tækifærið og heimsækja vini og ættingja og knúsa litlu frænkur mínar. Svo verður eflaust eitthvað kíkt í smørre.



Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði
FÁRANLEGA FLOTTUR PAKKI

365
365.is
Sími 1817

# Bókabúðin þín!

Höfundar bókanna *Amma óþekka* og *Viltu vera vinur minn?* bjóða þér og þínum í stórkostlega útgáfugleði í dag klukkan 15.00



Verð: 1.999 kr.
Verð áður: 2.490 kr.

Verð: 2.899 kr.
Verð áður: 3.390 kr.



Verð:3.699 kr.
Verð áður: 4.290 kr.

Verð: 3.699 kr.
Verð áður: 4.290 kr.

Verð: 3.699 kr.
Verð áður: 4.290 kr.

Verð: 3.299 kr.
Verð áður: 3.790 kr.



Verð: 3.999 kr.
Verð áður: 4.590 kr.

Verð: 3.999 kr.
Verð áður: 4.790 kr.

Verð: 2.199 kr. (hver fyrir sig)
Verð áður: 2.690 kr.

Tilboðsverð gilda til og með 20. nóvember.



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga
til kl. 22.00

facebook.com
/malogmenning

# SPENNA OG GLEÐI Í LOFTI

**HUNDASÝNING** *Mikkalína Mekkín Gísladóttir er ein þeirra fjölmörgu sem taka þátt í hundasýningu HRFÍ sem fram fer í reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Hún mætir meðal annars með Pollý sem er af hinni sjaldgæfu tegund Dandie Dinmont terrier.*

Mekkín er á leið með hundana sína í snyrtingu þegar blaðamaður nær á hana fyrir helgi. „Það er töluverður undirbúningur fyrir svona sýningar. Maður þarf að æfa sýningarþjálfun og svo þarf að huga sérstaklega að feldinum,“ segir Mekkín sem býr í Hveragerði en gerði sér ferð í höfuðstaðinn fyrir helgi til að láta snyrta feldinn á hundunum sínum. „Morguninn fyrir sýninguna baða ég þá svo aftur og blæs feldinn. Þeim finnst það svo sem ekki skemmtilegt en láta sig hafa það,“ segir hún glettin.

Mekkín hefur átt ástralska fjárhunda um nokkurt skeið en á nú líka tík af tegundinni Dandie Dinmont terrier sem er æði sérstök tegund. „Þetta er ein elsta terrier-tegund heims og er upprunnin í Skotlandi. Það var byrjað að rækta þessa hunda á sautjándu öld en þeir eru í dag fremur sjaldgæfir,“ segir Mekkín um tegundina sem heitir áhugaverðu nafni. „Nafnið er fengið úr bókinni Guy Mannering eftir Sir Walter Scott sem kom út um 1814. Aðalsögupersónan í henni heitir Dandie Dinmont en hann á sex terrierhunda sem allir heita annaðhvort Mustard eða Pepper, en það eru einmitt litirnir sem eru einkennandi fyrir tegundina í dag.“

Dandie Dinmont-hundarnir eru æði sérstakir í útliti. „Þeir eru með langan búk og stutta fætur. Framfæturnir eru styttri en afturfæturnir. Þeir eru með strýhærðan feld en silkimjúkan feld ofan á hausnum sem myndar hálfgerða kúlu,“ lýsir Mekkín en tilgangur þessa brúsks var að verjast þeim dýrum sem hundunum var ætlað að veiða. „Þegar dýrin snerust til varnar bitu þau í hausinn á hundinum en náðu ekki taki á neinu nema hárum.“

Mekkín á sjálf tíkina Pollý sem hún flutti inn í desember í fyrra. En auk þess er hún með einn lánshund, hann Iggý, enda ætlar hún sér að rækta tegundina.

En hvers vegna ákvað hún að fá sér þessa tegund? „Við höfum verið með ástralskan fjárhund en mig langaði í minni hund. Ég var að fara yfir tegundalistann á netinu hjá sænska kennelklúbbnum þegar ég sá þessa tegund, las mér til og horfði á vídeó og varð alveg veik,“ segir Mekkín sem heillaðist sérstaklega af stórum og blíðlegum augunum. „Þetta eru mjög vinalegir hundar og góðir fjölskylduhundar. Þeir eru vissulega mjög sjálfstæðir en blíðir, góðir og alltaf glaðir.“

Mekkín mun taka þátt í hundasýningu HRFÍ í reiðhöllinni í Víðidal um helgina. „Þetta er alltaf rosa gaman en maður er líka mjög spenntur hvernig muni ganga,“ segir hún og bendir á að sýningin sé einnig mjög skemmtileg fyrir almenning enda gaman að koma og skoða þessar fjölmörgu hundategundir samankomnar.



**VEL SNYRT** Mekkín með þau Iggý og Pollý eftir vel lukkaða ferð á snyrtistofuna. Pollý mun láta ljós sitt skína á hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands um helgina. MYND/GVA








## KAKÓ SEM BRAGÐ ER AÐ

*Nú er kakótíminn genginn í garð með tilheyrandi notalegheitum. Klassíski bollinn með þeyttum rjóma stendur alltaf fyrir sínu. Hins vegar eru til ýmis tilbrigði sem gaman er að prófa.*

**APPELSÍNUKAKÓ**
**2 dl mjólk**
**½ msk. sykur**
**½ msk. rifinn appelsínubörkur**
**60 g dökkt súkkulaði**
*Bræðið allt saman. Berið fram með rjóma ef vill.*

**BISMARKKAKÓ**
**2 dl mjólk**
**1 dl súkkulaði**
**Þeyttur rjómi**
**Mulinn Bismark-brjóstsykur**
*Bræðið saman mjólk og súkkulaði. Toppið með þeyttum rjóma og muldum brjóstsykri.*

**CHILIKAKÓ**
**2 dl mjólk**
**150 g dökkt súkkulaði**
**¼ tsk. kanilduft**
**Cayenne-pipar á hnífsoddi**
*Bræðið allt saman. Berið fram með rjóma.*

**BAILEY'S KAKÓ**
**2 dl mjólk**
**1 dl súkkulaði**
**Bailey's skvetta**
*Bræðið saman. Best að njóta með rjóma.*

**NUTELLAKAKÓ**
**2 dl mjólk**
**2 msk. nutella**
**1 tsk. kakó**
**Salt**
*Bræðið saman og smakkið til með salti.*

**HNETUSMJÖRSKAKÓ**
**2 dl mjólk**
**1 dl rjómi**
**100 g mjólkursúkkulaði**
**¼ dl hnetusmjör**
*Bræðið allt saman. Berið fram með rjóma ef vill.*

LÍFSVERK

Lífsverk lífeyrissjóður er sjóður háskólamenntaðra sérfræðinga. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum, tók upp sjóðfélagalýðræði og rafrænt stjórnarkjör. Sjóðurinn starfrækir samtryggingardeild og séreignardeild. Sjóðurinn stækkaði um 12,3% á árinu 2014 og nema eignir í stýringu yfir 60 milljörðum króna. Gildi sjóðsins eru: Heilindi, jákvæðni, ábyrgð. Sjá nánar á **www.lifsverk.is**

## Forstöðumaður eignastýringar

Lífsverk lífeyrissjóður leitar að talnaglöggum og ábyrgum einstaklingi með reynslu af verðbréfamarkaði.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með daglegri starfsemi eignastýringar
- Þátttaka í mótun fjárfestingarstefnu
- Greining markaða og fjárfestingarkosta innanlands sem utan
- Ákvarðanir um fjárfestingar
- Samskipti við innlend og erlend verðbréfafyrirtæki og aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf til stjórnenda sjóðsins

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi ásamt prófi í verðbréfaviðskiptum
- Umtalsverð reynsla af eignastýringu og greiningu fjárfestingarkosta
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

**Upplýsingar veitir:**
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

## Ráðgjafi á sviði upplýsingatækni

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Höfum verið beðin um að leita að ráðgjafa á sviði upplýsingatækni. Við leitum að einstaklingi með víðtæka þekkingu á uppbyggingu og rekstri upplýsingakerfa.

**Starfssvið**
- Úttektir og ráðgjöf á sviði upplýsingatækni
- Greiningar, hönnun lausna og tillögugerð
- Ráðgjöf um val á lausnum og samningagerð því tengd
- Ráðgjöf og stjórnun endurskipulagningar og breytingaverkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð stjórnunarreynsla á sviði upplýsingatækni
- Víðtæk þekking á sviði upplýsingatækni í kröfuhörðu fyrirtækjaumhverfi
- Góðir greiningarhæfileikar og hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon **(torfi@intellecta.is)** og Ari Eyberg **(ari@intellecta.is)** í síma 511 1225.*

*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is í síðasta lagi 22. nóvember 2015. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá.*

***Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

EFLA

*EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni.*

*EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 260 samhentra starfsmanna. Efla starfrækir dóttur- og hlutdeildarfélög í Noregi, Svíþjóð, Frakklandi, Póllandi, Tyrklandi og Dúbaí.*

*Sjá nánar um fyrirtækið á **www.efla.is***

## Deildarstjóri upplýsingatæknisviðs

EFLA leitar að öflugum stjórnanda, sem jafnframt er reyndur tæknimaður, til að stýra upplýsingatæknideild fyrirtækisins. Meginhlutverk þess er að reka og bera ábyrgð á tölvukerfi EFLU og veita starfsmönnum tölvuþjónustu.

**Starfssvið**
- Dagleg stjórnun upplýsingatæknideildar
- Yfirumsjón og þróun upplýsingatæknimála
- Áætlanagerð, verkefnastjórnun og innkaup
- Öryggis- og gæðamál
- Leiðandi hlutverk í störfum á sviði kerfisreksturs

**Hæfniskröfur**
- Góð þekking á rekstri upplýsingakerfa í Microsoft umhverfi; gagnagrunnum, sýndarumhverfi, Sharepoint o.fl.
- Haldgóð stjórnunarreynsla og reynsla í stefnumótun, áætlunargerð, innkaupum og verkefnastjórnun
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulipurð
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Kunnátta í norsku eða öðru Norðurlandamáli er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

*Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember nk. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

KLASI

# Verkefnastjóri

**Klasi ehf. leitar eftir öflugum verkefnastjóra til starfa í spennandi og fjölbreytt starf á sviði fasteignauppbyggingar.**
Verkefnastjóri hefur m.a. það hlutverk að hafa umsjón með uppbyggingarverkefnum auk þess að taka þátt í undirbúningi verkefna og hönnunarferli.

**Starfssvið:**
- Stýring/umsjón með verklegum framkvæmdum
- Þátttaka í hönnun og undirbúningi verkefna.
- Þátttaka í samningagerð og samskipti við verktaka
- Ýmis tengd verkefni á sviði fasteignareksturs og fasteignaþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk og/eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af samningagerð
- Þekking/reynsla af umsjón með framkvæmdum
- Fagleg og öguð vinnubrögð

Klasi er þekkingarfyrirtæki á fasteignamarkaði sem sérhæfir sig í fasteignaþróun, fasteignastýringu og rekstri fasteigna. Klasi veitir einnig sérfræðiráðgjöf vegna fasteignaverkefna. Þjónusta Klasa byggir á víðtækri reynslu starfsmanna auk rannsókna og greiningu félagsins á fasteignamarkaðinum. Klasi vinnur nú meðal annars að uppbyggingu 500 íbúða í Smárabyggð í nýjum miðbæ Kópavogs.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent.

capacent

FISKISTOFA

# Verkefnastjóri gæða og þróunar

**Laust er til umsóknar krefjandi starf verkefnastjóra á aðalskrifstofu Fiskistofu á Akureyri.** Starfið heyrir beint undir fiskistofustjóra. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð og yfirumsjón með gæðamálum Fiskistofu
- Umsjón með rekstri gæðakerfis ásamt þróun og viðhaldi þess
- Útgáfa gæðaskjala og ritstjórn gæðahandbókar
- Undirbúningur og umsjón með framkvæmd úttekta á gæðakerfi
- Eftirfylgni vegna ábendinga sem berast Fiskistofu
- Umsjón með umbóta- og þróunarstarfi Fiskistofu m.a. CAF (Common Assessment Framework) sjálfsmatslíkaninu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, menntun á sviði gæðamála er kostur
- Þekking og/eða reynsla af vinnu við gæðakerfi er kostur
- Þekking og reynsla af verkefna- og breytingastjórnun er kostur
- Reynsla af þróunarvinnu kostur
- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum sem og góð skipulagshæfni eru nauðsynleg
- Góðir samstarfshæfileikar og geta til að vinna í teymi
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna og miðla upplýsingum um framangreinda málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is. Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

capacent

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs

Dalvíkurbyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**
- Stjórnun og daglegur rekstur fræðslu- og menningarsviðs
- Umsjón með fræðslu-, íþrótta-, æskulýðs- og menningarmálum
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem falla undir fræðsluráð og íþrótta-, æskulýðs- og menningarráð
- Þátttaka í yfirstjórn sveitarfélagsins
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfið
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Leiðtogahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og lærdómssamfélag og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar er með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur. Dalvíkurbyggð er heilsueflandi samfélag. Gildi sviðsins eru virðing, jákvæðni og metnaður.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent.

capacent

KVIKA

# Eignastýring Kviku

Kvika óskar eftir að ráða sérfræðinga til starfa í eignastýringu bankans. Annars vegar er um að ræða nýtt starf verkefnastjóra í sérhæfðum fjárfestingum og hins vegar starf sérfræðings í eignastýringu. Störfin eru í senn fjölbreytt og krefjandi. Kvika leitar að einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á bankastarfsemi og metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

**VERKEFNASTJÓRI - SÉRHÆFÐAR FJÁRFESTINGAR**
**Starfssvið:**
- Verkefnastjórn tengd uppbyggingu sérhæfðra fjárfestinga
- Greining markaða og einstakra fjárfestingakosta
- Upplýsingagjöf, greining og skýrslugerð
- Samskipti við fjárfesta
- Önnur tilfallandi verkefni

**SÉRFRÆÐINGUR Í EIGNASTÝRINGU**
**Starfssvið:**
- Almenn greining markaða og fjárfestingakosta
- Upplýsingagjöf, greining og skýrslugerð
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur
- Haldgóð starfsreynsla á fjármálamarkaði og próf í verðbréfaviðskiptum
- Þekking og reynsla af rekstri fyrirtækja og greiningu fjárfestingakosta er æskileg
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfileiki til að útbúa vandað og greinargott kynningarefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli

**Í boði er:**
- Mjög góð starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Þátttaka í uppbyggingu á nýjum og framúrskarandi vinnustað

Kvika er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás Kviku er öflug eignastýring og bankinn veitir sparifjár- og innlánseigendum alhliða þjónustu. Hjá Kviku starfar samhentur hópur 80 sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu. Eignarhald Kviku er gagnsætt og er hann eini bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Nánar á: www.kvika.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

capacent

# Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent



# Chief Cabin Instructor

Air Atlanta is seeking qualified candidate to join the team as a Chief Cabin Instructor

**Job description**

The Chief Cabin Instructor supervises all cabin crew training of the Company. Supervising performance and standardization of cabin instructors are the main functions of the job. The Chief Cabin Instructor is also responsible for the training material for the Cabin training and is sometimes required to conduct training courses.

Chief Cabin Instructor reports to Director Crew Training.

**Qualification requirements**

- Fluent in written and spoken English
- Previous experience as Cabin Crew is preferred
- Broad knowledge of applicable Aviation Regulations is an asset
- Excellent computer skills: Outlook, Word, Excel, Power Point
- Extensive experience in developing, administrating and conducting training courses
- Positive attitude and good communication skills

**Application deadline is 22nd of November 2015**

For further information and application, please visit: **www.airatlanta.com**
All applications will be answered and treated as confidential

**About Air Atlanta Icelandic**

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of seventeen wide-body aircraft of three types; Boeing 747-400, Airbus A330-200 and Airbus A340-300. We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

---

Global Fuel

## Rekstrarstjóri

Global Fuel óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan aðila í starf rekstrarstjóra.

Starfssvið:

- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Eftirlit með flugvélaáfyllingum
- Áætlanagerð o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.

**Umsóknarfrestur til og með 28. nóvember.**
**Ferilskrá sendist á:** jobs@globalfuel.is

---

FASTUS

Fastus ehf. er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Hjá Fastus ehf. starfar fjölbreyttur og fjölhæfur hópur sérfræðinga sem leitast við að finna viðeigandi lausn fyrir sérhvern viðskiptavin félagsins. Nánari upplýsingar á **www.fastus.is.**

# Hefur þú þekkingu á rafmagnstækjum?

Fastus ehf. óskar eftir að ráða traustan aðila með reynslu af rafiðn til að sinna varahlutaafgreiðslu. Starfið felst m.a. í því að þjónusta viðskiptavini og afgreiða þá með varahluti í ýmis tæki s.s. eldhús- og lækningatæki. Viðkomandi sinnir ekki viðgerðum en þarf engu að síður að búa yfir góðri þekkingu á rafmagnstækjum.

**Starfssvið:**

- Afgreiðsla varahluta til viðskiptavina
- Pöntun og móttaka varahluta
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Skráningar vegna ábyrgðarviðgerða (claim)

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af einhverskonar rafiðn
- Reynsla af viðgerðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum og þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Akraneskaupstaður

# Byggingarfulltrúi á Akranesi

Akraneskaupstaður óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi bæjarfélagi. Leitað er að öflugum einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi.

**Helstu verkefni:**

- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum bæjarins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa ásamt staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, þá helst verkefni er lúta að skipulagsmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðkomandi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr.160/2010
- Æskilegt er að viðkomandi sé með réttindi í skipulagsmálum sbr. 7. gr. skipulagslaga nr.123/2010
- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu og reynslu á sviði byggingarmála
- Góð tölvukunnátta, sérstaklega í Microstation eða AutoCAD
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni ásamt frumkvæði og öguðum vinnubrögðum í starfi

**Upplýsingar veitir:**

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 25. nóvember nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# VIÐ LEITUM AÐ STARFSFÓLKI

## MARKAÐSFULLTRÚI/HÖNNUÐUR

Íslandshótel óska eftir að ráða grafískan hönnuð, margmiðlunarfræðing eða einstakling með menntun sem nýtist í starf markaðsfulltrúa.
Viðkomandi þarf að vera hugmyndaríkur, með næmt auga fyrir smáatriðum, með mikla skipulagshæfni og álagsþol. Þekking á Adobe Photoshop, Illustrator og InDesign er skilyrði auk þess að geta skilað af sér í prentun. Markaðsfulltrúi vinnur með markaðsstjóra Íslandshótela og sinnir fjölbreyttum verkefnum, meðal annars umsjón með vefsíðum fyrirtækisins og uppsetningu á markaðsefni.
Nánari upplýsingar á www.radum.is.

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Þjónustuver á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til starfa.
Helstu verkefni starfsmanns í þjónustuveri eru að svara símtölum sem berast þjónustuveri, greina erindi og þarfir innhringjenda og leysa málin hratt og vel.
Leitað er að áreiðanlegum og glaðlyndum þjónustufulltrúa með þægilega símarödd.
Viðkomandi þarf að hafa einstaka þjónustulund, mikla samskiptahæfni, góða tölvufærni og gott vald á íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli.
Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00.

## BÍLSTJÓRI - HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Múlakaffi óskar eftir að ráða duglegan og þjónustulundaðan bílstjóra í fullt starf.
Í starfinu felst m.a. útkeyrsla á tilbúnum mat til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er þörf á meiraprófi. Einnig sér viðkomandi um að bílnum sé vel við haldið og hann snyrtilegur. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 8:00-17:00.
Viðkomandi þarf að vera líkamlega hraustur og með hreint sakavottorð.
Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

## DEILDARSTJÓRI

Tískuvöruverslun í Reykjavík óskar eftir að ráða deildarstjóra í fullt starf. Helstu verkefni eru umsjón með framsetningu á vörum og útliti deildar, umsjón með vakta- og verkskipulagi starfsmanna, áfyllingar ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Leitað er að deildarstjóra með ríka sköpunar- og skipulagsgáfu, mikla samskiptahæfni og þjónustulund. Haldbær reynsla af sambærilegum störfum og brennandi áhugi á tísku er skilyrði fyrir ráðningu.

## NOTENDAÞJÓNUSTA

Fyrirtæki í Reykjavík á svæði 108 óskar eftir að ráða til sín starfsmann í notendaþjónustu.
Í starfinu felst öll almenn notendaþjónusta t.d. uppsetning á tölvum, skjávörpum og símum auk annars sem tilheyrir starfinu. Leitað er að starfsmanni sem hefur tæknilega þekkingu, er lipur í samskiptum og hefur hæfni og getu til að vinna í góðu teymi starfsmanna.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. desember nk.

## SHAREPOINT RÁÐGJAFI

Fyrirtæki í ráðgjöf á sviði viðskiptagreindar, Office 365 og SharePoint óskar eftir að ráða til sín starfsmann í ráðgjöf og þróun á hugbúnaðarlausnum í SharePoint.
Starfið krefst mikillar hópavinnu og samskiptahæfni. Tölvunarfræði eða sambærileg tæknimenntun er kostur en ekki skilyrði.

## MÓTTÖKURITARI

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða móttökuritara í fullt starf.
Í starfinu felst almenn móttaka og símavarsla, móttaka á pósti, umsjón með fundarherbergjum og önnur verkefni sem móttökuritara eru falin. Leitað er að vönum móttökuritara, með góða almenna tölvukunnáttu, reynslu af notkun á Excel og Word auk mjög góðrar íslensku- og enskukunnáttu.

## RAFVIRKI

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa í tæknideild.
Í starfinu felst öll almenn rafvirkjavinna sem snýr að endurnýjun, rekstri og viðhaldi tækjabúnaðar. Leitað er að starfsmanni með sveinspróf í rafvirkjun, kostur ef viðkomandi hefur reynslu af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar. Einnig þarf starfsmaðurinn að geta unnið sjálfstætt og búa yfir mikilli samskiptahæfni.

Ráðum ehf. er dótturfyrirtæki Expectus og sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini. Má þar nefna - starfsgreiningar, auglýsingagerð, úrvinnslu, viðtöl, umsagnir, hæfnismat og fleira.
Ráðum hóf starfsemi í mars árið 2012 og í apríl 2014 sameinuðu Ráðum og Expectus krafta sína í þeim tilgangi að bjóða viðskiptavinum fyrirtækjanna öflugri þjónustu til árangurs á sviði ráðninga og ráðgjafar. Fyrirtækin hafa það eitt að markmiði að skapa virði með viðskiptavinum sínum.

Nánari upplýsingar veita Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is og Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is.

ráðum
ráðningarstofa

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Ráðum **www.radum.is.**
Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




## Markaðsdeild Arion banka leitar að sérfræðingi

**Markaðsdeild Arion banka** leitar að sérfræðingi í markaðsmálum. Deildin er hluti af þróunar- og markaðssviði bankans. Hún setur fram markaðsstefnu bankans og sér um að markaðssetja vörur og þjónustu hans. Markaðsdeild annast einnig markaðsrannsóknir, kynningarmál, innri markaðssetningu og önnur tengd verkefni. Við leggjum áherslu á faglegt markaðsstarf og leitum að einstaklingi sem tekur virkan þátt í að móta og útfæra þennan málaflokk innan bankans.

**Hæfni og eiginleikar sem óskað er eftir**

- Frumkvæði, drifkraftur, jákvæðni og metnaður í starfi.
- Háskólanám sem nýtist í starfi. Sérhæfing í markaðsmálum æskileg.
- Reynsla af markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Færni til þess að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla af stafrænum markaðsmálum og beinni markaðssetningu.
- Greiningarhæfileikar, þekking á tölulegri úrvinnslu.

**Nánari upplýsingar veitir Jónas Hvannberg** mannauðsstjóri
Netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is
Sími **444 6376**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2015. Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans,** www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.** Samskipti og tengsl starfsfólks og viðskiptavina er kjarni starfseminnar. Allt sem við gerum tekur mið af því – **þannig látum við góða hluti gerast.** Við leggjum mikið upp úr fagmennsku, jákvæðum starfsanda og að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi. Arion banki leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa og hlaut nýverið Jafnlaunavottun VR.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR 100% STARF LEIKSKÓLARÁÐGJAFA LAUST TIL UMSÓKNAR.

Okkur, sem störfum í Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, bráðvantar kraftmikinn leikskólaráðgjafa í hópinn. Fyrir er samheldin, öflug liðsheild sérfræðinga sem samanstendur af sálfræðingi, talmeinafræðingi og kennsluráðgjafa grunnskóla og á næsta ári mun náms- og starfsráðgjafi væntanlega bætast við.

**Starfssvið:**
Ráðgjöf við starfsfólk leikskóla um hagnýt og fagleg málefni er varða skipulag og daglegt starf. Sérkennsluráðgjöf vegna fatlaðra barna og barna með sérþarfir. Ráðgjöf til foreldra og fræðsla til starfsfólk og foreldra. Aðstoð við nýbreytni- og þróunarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Krafist er menntunar í leikskólakennarafræðum, framhaldsnám í sérkennslufræðum væri frábært. Sjálfstæði, sveigjanleiki, skapandi og lausnamiðuð vinnubrögð og góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á gagnasöfnun, úrvinnslu og eftirvinnslu þroska- og hegðunarmælitækja, auk þekkingar á stjórnun leikskóla. Ekki sakar að hafa áhuga á garðyrkju, hrossum og bílum og unun af að keyra um fallegar, blómlegar sveitir.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags stjórnenda í leikskólum og launanefndar sveitarfélaga v. starfsfólks á skólaskrifstofum.

**Umsóknarfrestur er til 1. desember**, en gert er ráð fyrir að ráða í starfið frá næstu áramótum.
Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumanns, Ormsvelli 1, 860 Hvolsvelli.

**Nánari upplýsingar veitir Edda í netfanginu edda@ skolamal.is eða í síma 862-7522.**



## Starfsmaður í gestamóttöku

**101 Hótel auglýsir eftir brosmildum og lífsglöðum einstaklingi sem veitir framúrskarandi þjónustu.**
**Starfið er fjölbreytt og felst m.a í móttöku og aðstoð við gesti, bókunum, umsjón með minibar og símavörslu.**
**Unnið er á 2 -2 -3 vöktum allt árið um kring.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Góð tölvukunnátta / m.a reynsla af Navision
- Góð töluð og rituð íslenska og enska
- Snyrtimennska
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf
- Reyklaus

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá með mynd merkt **„Gestamóttaka 101 hótel“** á netfangið **job@101hotel.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2015**

101 hotel
reykjavik

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

## MÁLMIÐNAÐARMAÐUR

**Faxaflóahafnir sf. óska að ráða málmiðnaðarmann til starfa.**

Starfið felst í smíðum á verkstæði auk ýmissa viðhaldsverkefna. Starfsmaðurinn mun hafa starfsstöð í bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

**Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Jón Guðmundsson í síma 5258951, netfang jong@faxafloahafnir.is.**

## Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólinn Fossakot í Grafarvogi óskar eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- ***Leiðbeinendum***
- ***Leikskólakennurum***

**Umsóknir skulu berast fyrir 13. nóvember,** áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is

Fossakot

Fossakot · Fossaleyni · 112 Reykjavík

NÝHERJI

# SÖLURÁÐGJAFI **PRENTLAUSNA**

Við leitum að kröftugum einstaklingi til að vera hluti af prentlausnum Nýherja.

Starfið felur í sér sölu á búnaði og þjónustusamningum, úttektir á prentumhverfi viðskiptavina, yfirferð og greiningu á núverandi samningum og samskipti við viðskiptavini.

Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund, reynslu af sölustörfum, gerð samninga og tilboða.

Þekking á prentbúnaði og –þjónustu er æskileg.
Þekking á upplýsingatækni er kostur.

**Sótt er um starfið á nyherji.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember 2015.**

Öllum umsóknum er svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elva Tryggvadóttir
elva.tryggvadottir@nyherji.is

Nýherji | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | S. 569 7700

## AKTÍF

Nýherji er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Við höfum gaman af virkri hreyfingu og tökum þátt í hlaupum og hjólakeppnum.



## SÆLKERAR

Við elskum góðan mat og gott kaffi. Hjá okkur er ómótstæðilegt kaffihús og flott mötuneyti.



## VINNUGLEÐI

Hjá okkur er góður vinnuandi, öflugt félagslíf og töff leikherbergi.

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Vef- og nýmiðlastjóri

Við leitum að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á rafrænum samskiptum. Í boði er spennandi starf hjá kraftmiklu fyrirtæki.

### Við leitum að einstaklingi

- með brennandi áhuga á rafrænum samskiptum, markaðssetningu og þjónustu.
- með skipulagshæfileika og getu til að starfa sjálfstætt.
- sem hefur þekkingu á verkefnastjórnun.
- með góða tilfinningu fyrir íslensku máli.

### Starfið felur í sér

- þátttöku í þróun og mótun á stefnu í rafrænum samskiptum og þjónustu Sjóvá.
- framkvæmd á stefnu um rafræn samskipti og þjónustu.
- yfirumsjón vefsvæðis og samfélagsmiðla.
- samskipti við undirverktaka vegna vefmála.
- verkefni tengd innri og ytri markaðssetningu.

Umsóknafrestur er til og með **22. nóvember** næstkomandi. Sótt er um á **www.hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Andrésson markaðsstjóri, **sigurjon.andresson@sjova.is**.

SJÓVÁ

Endurhæfingargeðdeil

LANDSPÍTALI

## AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

*Starf aðstoðardeildarstjóra er laust til umsóknar á endurhæfingargeðdeild Kleppi. Deildin er 5 og 7 daga endurhæfingargeðdeild sem hefur rými fyrir 23 einstaklinga, þar af 12 rými á 7 daga þjónustu auk dagdeildarþjónustu. Á deildinni er unnið út frá hugmyndafræði batamiðaðrar nálgunar.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Aðstoðardeildarstjóri vinnur í nánu samstarfi við deildarstjóra. Hann aðstoðar deildarstjóra við að auka gæði klínískrar þjónustu og sinna mannauðsmálum deildarinnar.

**Hæfnikröfur**

- Faglegur metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfni, þá sérstaklega sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Áhugi á þverfaglegu samstarfi g teymisvinnu
- Reynsla af geðhjúkrun er æskileg
- Áhugi á geðhjúkrun og hjúkrunarstjórnun skilyrði
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2015.**

Nánari upplýsingar veita Díana Liz Franksdóttir, deildarstjóri (dianaliz@landspitali.is, 824 5579) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 825 9331)

Starfshlutfall er 100% og er starfið laust frá 15. desember 2015 eða eftir samkomulagi.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf".

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

## AÐSTOÐARFÓLK Í ELDHÚS / KITCHEN ASSISTANTS

HRAÐLESTIN ÓSKAR EFTIR ÁBYRGUM OG METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGUM TIL STARFA Í ELHÚSIÐ Á STÖÐUM SÍNUM FJÓRUM. UM ER AÐ RÆÐA FULLT STARF EÐA HLUTASTARF, DAG- OG KVÖLDVAKTIR. REYNSLA AF ELDHÚSSTÖRFUM ER ÆSKILEG. ENSKUKUNNÁTTA ER SKILYRÐI. ÁHUGASAMIR ERU BEÐNIR UM AÐ SENDA FERILSKRÁ Á STARF@HRADLESTIN.IS

HRAÐLESTIN

HVERFISGATA 64, LÆKJARGATA 8, HLÍÐASMÁRI 8 OG KRINGLAN

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

## STARFSKRAFTUR ÓSKAST Á VÖRUHÚS KORPUTORGI

Við leitum að starfskrafti á vöruhús okkar á Korputorgi. Leitum að jákvæðum, þjónustulunduðum einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.

**Sendið ferilskrá og umsókn á netfangið orn.solvason@rfl.is fyrir 25. nóvember nk.**



LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

# Spennandi störf hjá Lyfju

## Lyfsöluleyfishafar á Húsavík og Egilsstöðum

*Við viljum ráða metnaðarfulla og sjálfstæða lyfjafræðinga í tvær stöður lyfsöluleyfishafa, á Húsavík og á Egilsstöðum.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Lyfsöluleyfishafi ber faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sér til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og samkvæmt þeim rekstrarlegu markmiðum sem Lyfja setur.
Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfulla lyfjafræðinga. Í boði er krefjandi og áhugavert starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað í rótgrónum bæjarfélögum á landsbyggðinni.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Stjórnunarhæfileikar
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Áreiðanleiki og fagmennska
- Metnaður og skipulögð vinnubrögð

**Afgreiðslutími lyfjabúðanna er frá kl. 10–18 virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

## Lyfjafræðingur

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til starfa í verslunum Lyfju hf. um land allt.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.
Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað í góðu vinnuumhverfi.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og vera tilbúinn til að ferðast töluvert milli starfsstöðva um allt land.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
- Stjórnunarhæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

*Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til 29. nóvember og tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is*

HELSE PERSONAL AS

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge.

**Svært god sommerlønn og bonusordning fra uke 26 - 33**

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske et skandinavisk språk godt både skriftlig og muntlig.

**Helse Personal, post@helsepersonal.no**
**Tlf 00 47 902 80 287 www.helsepersonal.no**

KAFFI BRENNSLAN L.V.21 CAFÉ-KAFFIHÚS BAR

***Verslunarstjóri***

Kaffibrennslan óskar eftir að ráða verslunarstjóra. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri og starfsmönnum þess, umsjón með eldhúsi og innkaupum. Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, hugmyndaríkur og lipur í samskiptum. Sambærileg starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

***Ertu morgun eða kvöldhani***

Við leitum að starfsmanni á morgun- eða kvöldvaktir, virka daga og um helgar. Elskar þú gott kaffi og finnst gaman að vinna fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi?
Þá erum við að leita að þér.

Vinsamlegast sendið umsókn á kaffibrennslan@simnet.is fyrir 21. nóvember.

Kaffibrennslan er ört stækkandi fyrirtæki sem opnaði árið 2013, við leggjum metnað okkar í gott kaffi, góðar samlokur og að sjálfsögðu framúrskarandi þjónustu og við elskum að hafa gaman í vinnunni.

## SÖLUMANNESKJA MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND

Við leitum að starfsmanni í verslun okkar á Laugavegi.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Jákvæðni, heiðarleiki, stundvísi, snyrtileiki, reykleysi og færni í samskiptum.**

Eiga þessi atriði vel við þig? Ef svo er gætir þú verið sá/sú sem við erum að leita að?

Um er að ræða **dagvinnu (70-100%) alla virka daga** og helgar eftir samkomulagi.

Umsókn ásamt ferilskrá og mynd sendist á [illegible] fyrir **21. nóvember**

Ullarkistan
Laugavegi 25, 101 Reykjavík
JANUS
www.ullarkistan.is



## Úra og skartgripaverslun

**óskar eftir starfskrafti í fullt starf.**

**Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur.**
**Hafa góða þjónustulund og framtaksssemi.**

**Æskilegur aldur er 20 ára og eldri.**

**Upplýsingar og umsóknir sendist á meba@meba.is**



## Downtown Hotel - Reception

We are hiring to expand our reception team, we are known for our high standard and personal service.

We are looking for a person with excellent communication skills, good English, pleasant manners and well presented. Training offered for the suited candidate.

**Please send applications to box@frett.is with the reference: „Downtown 1411"**



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF

Óskar eftir að ráða
**sölufulltrúa í einstaklingsdeild**
**100% starfshlutfall - framtíðarstarf**

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu, gerir út fjölda hópferðabifreiða og rekur auk þess gistiheimili. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónusturekstri.

**Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi kostum:**

- brennandi áhugi á sölumennsku
- góð tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska
- góð tölvukunnátta, Word, Excel, Outlook o.fl.
- fjölhæfni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla og/eða menntun í ferðaþjónustu æskileg
- haldgóð þekking á landafræði Íslands og íslenskri ferðaþjónustu

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf á umsækjanda ásamt ítarlegri starfsferilskrá.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Lindberg, sölustjóri ferðaskrifstofu, en umsóknum skal skilað á netfangið **valgerdur@gjtravel.is**



TrackWell

## Spennandi störf
- fyrir fólk sem vill vaxa í starfi

### Vefforritari

Vefforritari mun starfa í viðmótsteymi, þar sem unnið er að hönnun, smíði og viðhaldi sveigjanlegra lausna. Verkefnin krefjast frumkvæðis í samskiptum og úrlausnum á tæknilegum útfærslum.

Við leitum að starfsmanni sem hefur a.m.k. eins árs starfsreynslu af vefforritun. Yfirgripsmikil þekking og reynsla af Python og JavaScript er nauðsynleg og æskilegt er að hafa grunnþekkingu á Django. Þekking á SQL, JSON/REST, WSDL, Java, Android, Spring, Linux og RabbitMQ er kostur.

### Viðskiptastjóri sjávarútvegslausna

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og hagsmunaaðila. Stór þáttur starfsins er sölu- og markaðsstarf á Íslandi og erlendis.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskipta- og skipulagshæfileika ásamt því að hafa góða kunnáttu í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku. Gerð er krafa um háskólamenntun. Þekking á sviði fiskveiða er kostur ásamt kunnáttu í spænsku og frönsku.

Umsóknir sendist á job@trackwell.com
Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember

Nánari upplýsingar á www.trackwell.is

Laugavegur 178 >> 105 Reykjavik >> Sími 5 100 600 >> www.trackwell.is



PÓSTURINN

## VERKEFNASTJÓRI ÓSKAST

Íslandspóstur óskar eftir að ráða reynslumikinn verkefnastjóra. Viðkomandi starfsmanni er ætlað að leiða umbótastarf og hafa yfirumsjón með stýringu umbótaverkefna. Jafnframt felst starfið í umsjón með gæðakerfi Íslandspósts, sem byggir á gæðastaðli ISO 9001.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. í verkfræði eða viðskiptafræði. Sérmenntun í verkefnastjórnun er kostur.
- Reynsla af rekstri gæðakerfa og þekking á ISO stöðlum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun, umbótavinnu og innleiðingu umbóta.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá skal senda á netfangið **andresm@postur.is**. Umsóknarfrestur er til og með **24. nóvember 2015.**

**www.postur.is**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 15-2805

# Forstöðumaður þjónustudeildar Reykjavík

VEGAGERÐIN

**Laust er til umsóknar starf forstöðumanns þjónustudeildar. Um 100% starf er að ræða.**

**Starfssvið**
Deildin sér um samræmingu á almennri þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegakerfinu í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Deildin sér um þjónustuflokkun vegakerfisins, skilgreiningu á færðarástandi og aðstæðum, gerð gæða- og þjónustustaðla, þjónustuhandbóka, verklags- og vinnureglna. Hefur umsjón með gagna- og upplýsingaöflun ásamt rekstri úrvinnslukerfa til að meta þjónustuþörf vegakerfisins og gerir tillögur að skiptingu fjárveitinga til þjónustu. Þá hefur deildin umsjón með samræmingu og framkvæmd vegvísunar og almennra vegmerkinga ásamt upplýsingaþjónustu til vegfarenda og öðrum tilfallandi verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðingur með meistarapróf
- Stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af rekstri og þjónustu samgöngumannvirkja
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt kunnáttu í Norðurlandamáli
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að fylgja málum eftir og til að finna bestu lausnir hverju sinni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

*Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið*

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2015.**

Umsóknin berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús V. Jóhannsson, framkvæmdastjóri í síma 522-1005**

**Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**




Við leitum að þjónustulunduðum einstaklingi í afgreiðslu og sölu á utanlandsferðum Bændaferða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Afgreiðsla og söluráðgjöf
- Utanumhald á bókunum og greiðslum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvuþekking, NAV kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Hugmyndaauðgi og geta til að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, metnaður, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@baendaferdir.is fyrir 30. nóvember 2015.

Ferðaþjónusta bænda - Bændaferðir er leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið á sér langa sögu og býður upp á breitt úrval ferða, gistingu og ýmsa afþreyingu á um 180 stöðum um allt land. Einnig eru í boði innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskri fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagsskapar og kynnast menningu og náttúru merkra áfangastaða.

Bændaferðir | Ferðaþjónusta bænda | Icelandic Farm Holidays
www.baendaferdir.is | www.sveit.is | www.farmholidays.is


# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is


# Atvinna í boði á einum skemmtilegasta vinnustað landsins

DV óskar eftir góðu og jákvæðu símasölufólki

- ➔ Söluhæfileikar eru mjög mikilvægir
- ➔ Ófeimin/n að tala við fólk í gegnum síma
- ➔ Reynsla af svipuðum störfum er kostur

*Laun eru árangurstengd. Góð laun í boði fyrir góðan og duglegan sölumann.*



MOSFELLSBÆR

## Vilt þú vinna hjá framsækinu bæjarfélagi?

**Laust er til umsóknar starf í fjármáladeild á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar.**

## Verkefnastjóri í fjármáladeild

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar eru í Kjarna að Þverholti 2 og þar starfa að jafnaði um 45 manns. Í boði er hvetjandi starfsumhverfi og haft að leiðarljósi að vinnustaðurinn sé eftirsóknarverður og aðlaðandi.

**Helstu verkefni**
Verkefnastjóri í fjármáladeild starfar náið með fjármálastjóra og aðalbókara og veitir faglega ráðgjöf til forstöðumanna. Hann er staðgengill fjármálastjóra, hefur faglega umsjón með innra eftirliti og afstemmingum reikninga ásamt því að bera ábyrgð á innheimtumálum. Hann ber ábyrgð á lánakerfi og lánveitingum og hefur umsjón með kostnaðargreiningu og móttöku rafrænna reikninga. Verkefnastjóri tekur þátt í undirbúningi og gerð fjárhagsáætlunar, ársreikningsuppgjörs og ársreiknings auk þess að sjá um öflun gagna, framsetningu þeirra og gerð greinargerða. Þá gegnir hann lykilhlutverki við gerð og innleiðingu gæðakerfis ásamt því að taka þátt í vinnu sem stuðlar að úrbótum í rafrænni þjónustu.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða er skilyrði.
- Mjög góð tölvukunnátta og sérþekking á Excel er skilyrði.
- Reynsla af Dynamics NAV er æskileg.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Reynsla af gerð og innleiðingu gæðakerfis er kostur.
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun er skilyrði.
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti er skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2015.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton, fjármálastjóri í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga BHM.

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# LÖGFRÆÐINGUR

## Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi með áhuga á vinnurétti og málefnum vinnumarkaðarins.

**Helstu verkefni:**
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Gerð og túlkun kjarasamninga

**Menntun og hæfni:**
- Meistarapróf/embættispróf í lögfræði
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi á íslensku atvinnulífi

Helstu verkefni vinnumarkaðssviðs eru þjónusta við félagsmenn við túlkun laga og kjarasamninga, þátttaka í kjaraviðræðum, umsagnir og þátttaka í nefndum og stjórnum f.h. SA, málflutningur fyrir Félagsdómi og almennum dómstólum f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Hjá SA starfa nú 6 lögfræðingar.

**Upplýsingar veitir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019.**
Umsóknir berist með tölvupósti til ragnar@sa.is. **Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk.**

Samtök atvinnulífsins eru í forystu um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör allra.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum. Yfir 2.000 fyrirtæki í fjölbreyttum greinum eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins eiga heima í Húsi atvinnulífsins.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna (**www.rannsokn.is**) er sjálfseignarstofnun, sem sér um klíníska hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðila innan heilbrigðiskerfisins. Starfsmenn miðstöðvarinnar annast samskipti við þátttakendur í rannsóknunum.



# við leitum að öflugu starfsfólki

**Við leitum að duglegu fólki sem hefur jákvætt viðmót og sýnir metnað og sjálfstæði í vinnubrögðum.**

## vilt þú vinna...

### ...í móttöku?

**Helstu verkefni:**
- Móttaka þátttakenda í rannsóknum
- Upplýsingagjöf
- Almenn skrifstofustörf og símavarsla

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í heilbrigðisþjónustu er kostur
- Góð tölvukunnátta

### ...við rannsóknir?

Framkvæmd á klínískum hluta erfðafræðirannsókna

**Helstu verkefni:**
- Fræðsla um rannsóknir
- Taka lífsýna og heilsufarsmælingar
- Viðtöl við þátttakendur

**Hæfniskröfur**
- Menntun og reynsla í heilbrigðisþjónustu, s.s hjúkrunarfræði, lífeindafræði, geislafræði, sjúkraliðastörfum eða sambærilegum greinum.
- Góð tölvukunnátta

### ...í þjónustuveri?

Um hlutastörf er að ræða

**Helstu verkefni:**
- Upplýsingagjöf um rannsóknir í síma
- Frágangur og dreifing kynningarefnis

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í heilbrigðisþjónustu er kostur
- Góð tölvukunnátta

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RANNSÓKNAVERKEFNA

Umsóknir óskast fylltar út á *www.hagvangur.is* eigi síðar en 29. nóvember 2015

**Frekari upplýsingar veitir:** Brynja Böðvarsdóttir í síma 5202800

HAGVANGUR

# Markaðsstjóri

Arctic Adventures er stærsta ferðaþjónustufyrirtæki Íslands á sviði ævintýraferða. Hjá fyrirtækinu og dótturfélögum starfa milli 70 og 150 manns eftir árstíðum og nálgast ársvelta fyrirtækisins tvo milljarða. Arctic Adventures hefur vaxið mikið á síðustu árum og því leitum við nú að markaðsstjóra til að leiða markaðsdeild fyrirtæksins og vefsölu. Við hvetjum bæði konur og karla sem hafa reynslu eða menntun á sviði markaðsmála og brennandi áhuga á netsölu til að sækja um þetta spennandi starf. Arctic Adventures er frábært fyrirtæki fyrir fólk sem hefur áhuga á að starfa í ferðaþjónustu.

**Helstu verkefni:**

- Leiða markaðsdeild Arctic Adventures og dótturfélaga.
- Stýra vefsölu „online sales“.
- Taka þátt í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.
- Styðja söludeild með gerð markaðsefnis.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla af svipuðu starfi eða góð menntun á sviði markaðsmála og sölu ásamt miklum drifkrafti.
- Góð enskukunnátta.
- Áhugi á vefsölu og vef-markaðsmálum.
- Frumkvæði og stjórnunarhæfileikar.

Allar umsóknir berist til starfsmannastjóra á netfangið jobs@adventures.is

Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2015




www.adventures.is | Vatnagarðar 8 | 104 Reykjavík

arctic adventures

# Bókari - Launaútreikningur

Við leitum að vönum bókara sem væri einnig með launaútreikning á sinni könnu.
Við erum rótgróið fyrirtæki með samhenta starfsmenn og erum í skemmtilegum geira.

Við erum vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík.

**Umsóknir sendist á netfangið: box@frett.is fyrir 24. nóv. nk. merkt: „Bókari 1411“**

# Krambúð

**Krambúðin á Skólavörðustíg 42 leitar að duglegu og metnaðarfullu starfsfólki í framtíðarstarf**

**Um er að ræða tvær stöður**

Hlutastarf (35%) Almennur starfsmaður.
Vinnutími: Dagvaktir aðra hverja helgi 10:00 - 17:00 og ein kvöldvakt í viku 17:00 - 23:30

Hlutastarf (50%) umsjónamaður Brauðdeild.
Vinnutími: Allir virkir dagar frá 7:00 - 11:00

**Áhugasamir sendi inn umsókn á krambud@krambud.is eða hjá verslunarstjóra virka daga frá 8:00 - 16:00**



SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

# Mannauðsstjóri Sjúkrahúsinu á Akureyri

**Sjúkrahúsið á Akureyri auglýsir stöðu mannauðsstjóra laust til umsóknar. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd mannauðsstefnu, ásamt skipulagningu og umsjón þátta sem hafa snertifleti við starfsmenn. Næsti yfirmaður er forstjóri. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðið er í stöðuna til fimm ára.**

**Helstu verkefni:**

- Fagleg forysta, stefnumótun og nýsköpun á sviði mannauðsmála.
- Ábyrgð á framkvæmd mannauðsstefnu.
- Ábyrgð á gerð og framkvæmd stofnanasamninga, ráðningarsamninga og annarra kjaratengdra samninga.
- Umsjón með ráðningarferli, gerð starfslýsinga, starfsmats, árangursmats og gerð starfsreglna um ýmis framkvæmdaatriði í starfsmannamálum.
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna á sviðum starfsmannamála.
- Umsjón með faglegum tengslum við aðrar stofnanir og fyrirtæki á sviði starfsmanna-/mannauðsmála.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla á sviði mannauðsstjórnunar skilyrði.
- Reynsla af kjarasamningagerð skilyrði.
- Þekking og/eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg.
- Stjórnunarhæfni, ögun og skipulag í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga.
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Sjúkrahúsið á Akureyri starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 4/2007 með síðari breytingum og er kennslusjúkrahús skv. 21. gr. laganna. Það veitir almenna og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins sem er reyklaus vinnustaður.
Einkunnarorð sjúkrahússins eru ÖRYGGI – SAMVINNA - FRAMSÆKNI.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk.**

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið rafrænt á www.sak.is
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni S. Jónasson, forstjóri í síma 463-0100 og á netfangi bjarnij@sak.is og Elsa B. Friðfinnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 463-0298 og á netfangi elsa@sak.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Hraunvallaskóli auglýsir eftir umsjónarkennara í 3. bekk

Skólinn hefur þá sérstöðu að innan veggja hans er rekinn bæði leik- og grunnskóli. Starfað er eftir hugmyndafræði opna skólans og er byggingin hönnuð með það í huga. Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga sem læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn. Dyggðir Hraunvallaskóla eru vinátta – samvinna – ábyrgð.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Annast almenna kennslu á yngsta stigi í samráði við skólastjórnendur, aðra kennara og foreldra.
- Vinnur að þróun skólastarfs í samstarfi við stjórnendur og samstarfsfólk
- Stuðlar að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk
- Vinnur samkvæmt stefnu skólans í SMT skólafærni sem ætlað er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks.

**Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Lipurð í samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi
- Stundvísi og samviskusemi

**Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk.** Um 100% starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lars J. Imsland skólastjóri, lars@hraunvallaskoli.is eða í síma 590 2800.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Sótt er um starfið á www.hafnarfjordur.is

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.*

# STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU

HÓTEL BORG
REYKJAVÍK - ICELAND

Keahotel ehf. óska eftir starfsfólki í gestamóttöku Hótel Borgar í Reykjavík. Um er að ræða framtíðarstarf á næturvakt.

Starfssvið er m.a.:
Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl.

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi.
Næturvakt frá kl. 19:30 til 07:30, viku í senn.
Frí aðra hverja viku.

Óskum eftir fólki sem hefur:
- Ríka þjónustulund
- Góða samskiptahæfni
- Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli
- Góða almenna tölvukunnáttu
- Þekkingu á Navision bókunarkerfi (æskilegt)
- Sjálfstæði og metnað til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 25 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember.

Umsækjendur sendi starfsferilsskrá á netfangið rakel@keahotels.is



hotelborg@hotelborg.is www.hotelborg.is

---

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

## Við leitum að sölumönnum og bókara !

**Við leitum** að sölumönnum til starfa í glæsilegum verslunum okkar í Kringlunni og á Laugarvegi. Um er að ræða 60% starfshlutfall og unnið verður skv. nánara samkomulagi. Um framtíðarstörf er að ræða. Einnig hlutastörf til lengri eða skemmri tíma s.s. um helgar og í desembermánuði nk.

**Störfin** felast í móttöku viðskiptavina og ráðgjöf við vöruval, eftirliti með framsetningu vöru, tiltekt og frágangi auk annarra tilfallandi verslunarstarfa. Boðið er jafnframt upp á þá fjölbreytni að starfa til skiptis í verslunum Michelsen úrsmiða í Kringlunni og á Laugarvegi.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á söluhæfileika, snyrtimennsku, þjónustulipurð, enskukunnáttu, jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

**Við leitum einnig að** reynslurríkum bókara í hlutastarf við bókhald, uppgjör og önnur fjármálatengd störf.

**Umsóknarfrestur** er til og með 23. nóvember nk. Gengið verður frá ráðningum sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilsskrár til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferli stendur.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.**

STRÁ

---



# Erum við **að leita að þér?**

*Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá stofnun árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Hjá okkur eru umbætur hafðar að leiðarljósi, þar sem umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Við leggjum mikið upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.*

**Við skiptum yfir í 8 tíma vaktir — frá og með 1. mars 2016**
Í sumar var undirritaður nýr kjarasamningur milli Alcoa Fjarðaáls og verkalýðsfélaga sem meðal annars minnkar vinnuskyldu starfsfólks á vöktum. Því skiptum við alfarið úr 12 tíma vöktum í 8 tíma, frá og með 1. mars á næsta ári. Um leið fjölgum við vakthópum.

Breytingin er bæði fjölskyldu- og samfélagsvæn og býður starfsfólki upp á meiri tíma með sínum nánustu og aukna þátttöku í samfélaginu.

**Við leitum að starfsfólki í framleiðslu, rafvirkjum og vélvirkjum**
Alcoa Fjarðaál mun á næstu vikum ráða inn starfsfólk til að mæta breyttu vaktakerfi. Ef þú hefur áhuga á að koma í fjölbreyttan hóp starfsmanna hjá okkur þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar og senda inn umsókn.

Skriflegum umsóknum skal skilað á **www.alcoa.is**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum **1. desember** og umsækjendur þurfa að geta hafið störf í janúar eða febrúar 2016. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.**

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir: **470 7700** og **valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com.**

**FJARÐAÁL**
alcoa.is

ALCOA




# Verkfræðingur / tæknifræðingur óskast til starfa á Austurlandi

EFLA leitar að áhugasömum starfsmanni til starfa hjá EFLU Austurlandi. Á EFLU Austurlandi starfa um 20 starfsmenn á tveimur starfsstöðvum, þ.e. á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Starfsemin er aðallega á sviði bygginga, umhverfis, samgangna, iðnaðar og rafkerfa. Saman mynda starfsmenn öflugt og samhent teymi, sem vinnur náið með öðrum sviðum EFLU.

**Hæfniskröfur:**

- M.Sc. eða B.Sc. gráða í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði.
- Haldgóð reynsla í burðarþolsfræðum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, ásamt því að geta unnið vel í hópi.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf þarf að berast í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 28. nóvember næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
28. nóvember 2015

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 270 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

# Rafvirkjar

Þurfum að bæta við okkur rafvirkjum.
Góð laun í boði fyrir góða menn.
Einnig kemur til greina að taka nema.
*Vinsamlegast sendið umsóknir á godirmenn@godirmenn.is eða hafið samband í síma 820 5900*




# Leikskólinn Aðalþing

óskar að ráða

**háskólamenntað fólk**

til starfa

Aðalþing er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, sem leggur áherslu á margskonar þróunarstarf og skemmtilega nýbreytni.

Við leitum að starfsfólki með margvíslega háskólamenntun, t.d. á sviði uppeldis- og menntavísinda, félags- eða heilbrigðisvísinda og listgreina.

Karlar jafnt sem konur eru sérstaklega hvattir til að skjóta um starf með okkur en nú þegar er hátt hlutfall karlmanna starfandi við skólann.

Upplýsingar veitir Hörður leikskólastjóri í síma 7703553 eða á netfanginu hordur@adalthing.is

Nánari upýsingar um starfið í Aðalþingi er að finna á heimasíðu skólans www.adalthing.

LEIKSKÓLINN AÐALÞING

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

# www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands

Laus er til umsóknar staða yfirlæknis Krabbameinsskrár Íslands hjá Krabbameinsfélagi Íslands.
Um er að ræða 20% starfshlutfall.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættispróf í læknisfræði
- Staðgóð þekking á krabbameinum og meinafræði þeirra
- Reynsla af faraldsfræðirannsóknum á sviði krabba meina
- Áhugi á framþróun krabbameinskráningar, til dæmis á upptöku klínískrar gæðaskráningar
- Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum

**Æskilegt er einnig að umsækjandi hafi til að bera:**
- Reynslu eða þekkingu á krabbameinsskráningu
- Sérfræðimenntun á sviði læknisfræði
- Gott vald á ensku og helst einnig einu norrænu tungumáli

Umsókn þarf að berast Krabbameinsfélaginu á netfangið atvinna@krabb.is fyrir **28. nóvember 2015**, merkt „Yfirlæknir Krabbameinsskrár".
Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni skýrslu um námsferil sinn, störf og vísindastörf.

**Upplýsingar um starfið eru veittar hjá:**
Jóni Gunnlaugi Jónassyni yfirlækni Krabbameinsskrár (jongj@landspitali.is) og
Laufeyju Tryggvadóttur framkvæmdastjóra Krabbameinsskrár í (laufeyt@krabb.is)

Krabbameinsfélagið

Krabbameinsskráin er rekin af Krabbameinsfélagi Íslands. Tilgangur og markmið Krabbameinsskrárinnar er að skrá í einn grunn öll krabbamein sem greinast á Íslandi og eftir atvikum skylda sjúkdóma eða viðurkenndar forstigsbreytingar æxlisvaxtar.

## Þjónustustjóri á gæslusviði

Securitas er stærsta öryggisfyrirtæki landsins, með um 450 starfsmenn. Fyrirtækið rekur útibú og starfsstöðvar víða um land, en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8, Reykjavík.

Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að ná árangri og að veita frábæra þjónustu og nú viljum við í ljósi aukinna verkefna bæta við liðsmanni í hópinn.

SECURITAS

**Starfið:**
- Daglegur rekstur tiltekinnar rekstrareiningar innan gæslusviðs fyrirtækisins
- Áætlanagerð, fjárhags- og starfsáætlanir
- Verkefnastjórnun
- Umsjón með starfsmönnum, vaktatöflugerð, vinnulýsingum og tengdum verkefnum
- Mönnun og innleiðing í nýjum verkefnum
- Samskipti við viðskiptavini
- Þátttaka í stefnumótun og framþróun

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Tölvufærni og gott vald á íslensku og ensku
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Geta til að vinna bæði sjálfstætt og undir álagi
- Þekking á öryggismarkaði er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir starfsmannastjóri, kristin@securitas.is.
Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, www.securitas.is.
Umsóknarfrestur er til 30. nóvember.

Starfið hentar jafnt báðum kynjum.

Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.

**www.securitas.is**

JAFNLAUNA VOTTUN VR — VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

## Vinnumálastofnun leitar að starfstækifærum fyrir

# flóttamenn

VINNUMÁLA STOFNUN



Stór hópur einstaklinga með margskonar menntun og starfsreynslu hefur komið til landsins undanfarna mánuði sem flóttamenn og fleiri eru á leiðinni. Mikilvægt er að þetta fólk fái störf sem fyrst þar sem reynsla þeirra fær notið sín og skapar þeim tækifæri til að tengjast hinu nýja búsetulandi. Fyrst í stað er leitað að störfum á höfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðinu.

Vinnumálastofnun leitar að starfstækifærum hjá áhugasömum fyrirtækjum og stofnunum sem geta gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa flóttafólki tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Áhugasamir hafi sem fyrst samband við Sigrúnu Rós Elmers *sigrun.elmers@vmst.is* og Gyðu Sigfinnsdóttur *gyda.sigfinnsdottir@vmst.is* atvinnuráðgjafa hjá Vinnumálastofnun. Símleiðis í síma 515-4800.

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

## » Ráðningarþjónusta

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða metnaðarfulla og vandvirka einstaklinga í starf vakstjóra og starfsmanns í sal.

# Vaktstjóri

Um vaktavinnu er að ræða og er unnið frá kl. 10:45 til kl. 21:30.
Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

### » Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgjöri

### » Hæfniskröfur

- Skipulag- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

# Starfsmaður í veitingasal

Vinnutími er frá kl. 12:00 til kl. 21:30 mánudaga og frá kl. 12:00 til kl. 20:00 þriðjudaga til föstudaga.

### » Starfssvið

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð í uppvaski og þrifum

### » Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Veitingastaðir Tokyo Sushi eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi.

TOKYO sushi

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201511/1181 |
| Sérfræðingar á endurskoð.sviði | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201511/1180 |
| Sérfræðingar á stjórnsýslusviði | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201511/1179 |
| Lektor í hagnýttri menn.miðlun | HÍ, Hugvísindasvið | Reykjavík | 201511/1178 |
| Sérfræðingur í stærðfræði | HÍ, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201511/1177 |
| Lektor í hagnýttri stærðfræði | HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið | Reykjavík | 201511/1176 |
| Heilsugæsluritari | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201511/1175 |
| Félagsráðgjafi | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201511/1174 |
| Sérfræðilæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201511/1173 |
| Sálfræðingur | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201511/1172 |
| Framhaldsskólakennarar | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201511/1171 |
| Varðstjórar | Fangelsismálastofnun | Eyrarbakki | 201511/1170 |
| Háskólamenntaður ritari | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201511/1169 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201511/1168 |
| Tæknimaður | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201511/1167 |
| Lögreglumaður, varðstjóri | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Kirkjub.klaustur | 201511/1166 |
| Verkefnastjóri gæða og þróunar | Fiskistofa | Akureyri | 201511/1165 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, endurhæfingargeðdeild | Reykjavík | 201511/1164 |
| Girðingamaður/Vélamaður | Landgræðsla ríkisins | Gunnarsholt | 201511/1163 |
| Hjúkrunarfræðingur á sjúkradeild | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201511/1162 |
| Mannauðsstjóri | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201511/1161 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201511/1160 |
| Sjúkraflutningamaður | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201511/1159 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201511/1158 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201511/1157 |
| Skurðhjúkrunarfræðingur | Landspítali, skurðstofur kvennadeildar | Reykjavík | 201511/1156 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201511/1155 |
| Forstöðumaður þjónustudeildar | Vegagerðin | Reykjavík | 201511/1154 |
| Sérfræðingur | Veiðimálastofnun | Reykjavík | 201511/1153 |
| Skrifstofustjóri þjóðhagsmála | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201511/1152 |
| Saksóknari, tvær stöður | IRR, embætti ríkissaksóknara | Reykjavík | 201511/1151 |
| Saksóknari, tvær stöður | IRR, embætti héraðssaksóknara | Reykjavík | 201511/1150 |

## SÖLUMANNESKJA MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND

Við leitum að starfsmanni í verslun okkar á Laugavegi.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Jákvæðni, heiðarleiki, stundvísi, snyrtileiki, reykleysi og færni í samskiptum.**

Eiga þessi atriði vel við þig? Ef svo er gætir þú verið aðilinn sem við erum að leita að!

Um er að ræða **dagvinnu (70-100%) alla virka daga** og helgar eftir samkomulagi.

Umsókn ásamt ferilskrá og mynd sendist á **olga@ullarkistan.is** fyrir **21. nóvember**.

Ullarkistan
Laugavegi 25, 101 Reykjavík
JANUS
www.ullarkistan.is

## VERSLUNARTÆKNI

Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

## Sölumaður / Stóreldhús

Fyrirtækið óskar eftir að ráða sölumann til starfa við sölu á vörum fyrir stóreldhús, mötuneyti, hótel, matvinnslur og veitingastaði.
Leitað er að duglegum og framsæknum einstaklingi sem er tilbúinn til að leggja töluvert á sig til að ná árangri í starfi sínu.
Reynsla af sölumennsu er nauðsynleg ásamt þekkingu á umhverfi þeirra vöru sem til sölu er hjá okkur í þessum vöruflokki.

Upplýsingar um umsækjenda, menntun og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is
Frekari upplýsingar veitir Sigurður í síma: 896 5400

*Verslunartækni er 25 ára gamalt fyrirtæki sem er leiðandi á markaðnum í sölu á kælum og innréttingum í verslanir, vöruhús/vörulagera, einnig tækjum fyrir matvinnslu og veitingastaði, stóreldhús, hótel og mötuneyti.
Um er að ræða fyrsta flokks vörumerki sem mörg hafa áratuga reynslu hér á landi.*

4527#

25 ÁRA 1990 - 2015
2014 Framúrskarandi fyrirtæki

**www.verslun.is**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólasérkennari í leikskólann Núp
Eign sem hefur verið vandað til

Nánari upplýsingar:
**í síma 845 8958**
**Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali
Verð: **49,9 millj.**



**OPIÐ HÚS**
**þriðjudaginn 17.nóv. Kl.17:30-18:00**

## Skeiðarvogur 61

Fallegt og vel skipulagt endaraðhús
við Skeiðarvog
Mikið endurnýjað á síðustu árum
6 herbergja - 165 fm
Góður garður með palli
Góð staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð: **56,5 millj.**



## Nönnugata

Falleg og vel skipulögð íbúð í góðu húsi við
Nönnugötu. Mikið endurnýjuð
2 herbergja 53 fm
Góð staðsetning í hjarta miðbæjarins

Nánari upplýsingar:
**í síma 899 5856**
**Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali
Verð: **29,1 millj.**

www.miklaborg.is | - með þér alla leið - | MIKLABORG

# BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

# 519 5500


**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
777 2882


**Brandur Gunnarsson**
Löggiltur fasteignasali
897 1401


**Gunnlaugur Þráinsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
844 6447


**Héðinn Birnir Ásbjörnsson**
Löggiltur fasteignasali
848 4806


**Sigurður Fannar Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
897 5930


**Ingimar Ingimarsson**
Hrl.
519 5501


**Þórunn Sigurðardóttir**
Aðstoðarmaður fasteignasala
778 7707


**Vilborg G. Hansen**
Löggiltur fasteignasali
853 7030


**Stefán Páll Jónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
781 5151


**Úlfar Þór Davíðsson**
Löggiltur fasteignasali
897 9030


**Stefán Jóhann Ólafsson**
Löggiltur fasteignasali
864 8808


**Gísli Elí Guðnason**
Aðstoðarmaður fasteignasala
698 5222


**Axel Axelsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
820 6478


**Birgitta Ásgrímsdóttir**
Ritari
519 5500


**María Mjöll Guðmundsdóttir**
Ritari
519 5500



Til sölu eða leigu skrifstofuhúsnæði - LAUST STRAX

## Alfabakki

Til sölu eða leigu á annari hæð 97,4 fermetra skrifstofuhúsnæði við Álfabakka. Húsnæðið skiptist í fimm skrifstofur þar af ein rúmgóð sem hægt er að nýta sem fundarherbergi. Móttaka er við inngang-inn á rýminu ásamt eldhúsi/kaffistofu. Salerni og aðstaða fyrir ræstingu.

**Brandur**
Fasteignasali
897 1401

**Verð: 15.900.000**




## Hraunprýði

178 fermetra raðhús við Hraunprýði 6 í Garðabæ. Húsið er byggt 2012 á einni. hæð með opnu bílskýli. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónaherbergi, alrými þ.e.stofa og eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús, opið bílskýli og geymsla.

**Brandur**
Fasteignasali
897 1401

**Verð: 61.900.000**



Opið hús mánudaginn 16. nóv kl. 18:00 -18:45

## Lyngmóar 6

Falleg íbúð með flottu útsýni úr stofu á annari hæð í góðu fjölbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er með 3 svefnherbergjum og má taka fram að svalir eru yfirbyggðar sem stækkar nýtanlegt rými þó nokkuð.

**Stefán Páll**
Aðst.fasteignasala
781 5151
**Héðinn Birnir**
Fasteignasali
848 4806

**Verð: 38.800.000**




## Nesbali 124

Sérstaklega vel staðsett og glæsilegt raðhús að Nesbala 124, Seltjarnarnesi. Húsið er 251 fermetra í steinsteyptu þriggja íbúða raðhúsi. Húsið er á tveimur hæðum og innbyggður bílskúr á neðri hæð.

**Gunnlaugur**
Aðst.fasteignasala
844 6447
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: Tilboð**




## Funalind 1 - Lyftuhús

Glæsileg 4ra herbergja íbúð í lyftuhúsi, íbúð er á efstu hæð í fjölbýlishúsi með lyftu ásamt sérbyggðum bílskúr. Heildarstærð er 145,5 fm, þar af er íbúðin 117,6 fm og bílskúrinn 29,9 fm.

**Gunnlaugur**
Aðst.fasteignasala
844 6447
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 44.800.000**




## Sveighús 12

Glæsilegt einbýlishús að Sveighúsum 12, á þessum vinsæla stað í Grafarvogi. Húsið er innst í götunni, gott útsýni, svalir og verönd á móti suðri. Húsið á pöllum og bílskúr á neðri hæð. Stofa, borðstofa og eldhús í alrými, aukin lofthæð. Hús sem vert er að skoða

**Gunnlaugur**
Aðst.fasteignasala
844 6447
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 84.900.000**



Opið hús mánudaginn 16. nóv. kl. 17:00-18.00

## Barmahlíð 8

Mikið endurnýjuð sérhæð með bílskúr á rólegum stað í Hlíðinum. Íbúðin er með 3 svefnherbergi, 2 stórar stofur, eldhús, baðherbergi, sér þvottahús og rúmgott hol og forstofuherbergi sem 4 herbergið. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjð 2008.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 54.900.000**



Opið hús þriðjudaginn 17. nóv. kl 12.00-12.30

## Álftamýri 6

Nýlega uppgerð íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Íbúðin er björt með glggum á tvo vegu. Forstofa með skápum, lítið svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og tengi fyrir þvottavél, alrými með stofu og eldhúsi er rúmgott.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 22.500.000**



Opið hús þriðjudaginn 17. nóv. kl 17.30-18.00

## Hlíðarbyggð 38 - Auka íbúð, sér inngangur

Endaraðhús innst í botnlanga við grænt svæði – gróinn suður garður og skjólgóð verönd. Húsið hefur verið töluvert mikið endurnýjað – eldhús ca 2007 er með frábæru útsýni til norðurs, Baðherbergi, þvottahús og forstofa eru glæsilega endurnýjuð 2012.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 61.500.000**




## Iðufell - 111 Reykjavík

3ja-4ra herb íbúð á efstu hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Íbúðin er 83 fm þar ef geymsla í sameign 5.9fm. Íbúðin er upphaflega 3ja herb en búið er að útbúa eitt auka barna-herbergi.

**Siggi Fannar**
Aðst.fasteignasala
897 5930
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 22.900.000**




## Víðihlíð 6

Glæsilegt einbýlishús á eftirsóttum stað í Reykjavík. Húsið telur tvær hæðir auk kjallara. Það er steinsteypt, byggt 1983. Flatarmál hússins er 428 fm, kjallari er 132 fm en bílskúr 44.3. fm. Miklir möguleikar eru í nýtingu á kjallara.

**Siggi Fannar**
Aðst.fasteignasala
897 5930
**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 109.000.000**



Opið hús þriðjudaginn 17. nóv. kl. 17:30- 18.00

## Þrastarás 46 b

Glæsilega 4ra herbergja, 110,5 fm íbúð á þriðju hæð í Þrastarási 221 Hafnafirði. Hér er á ferðinni mjög falleg eign.

**Héðinn Birnir**
Fasteignasali
848 4806

**Verð: 34.900.000**



Einstakt sjávarútsýni

LIND Fasteignasala kynnir:

# Garðatorg 4a-4b-4c

## *Nýjar íbúðir í fjögurra og fimm hæða húsum.*



Stórar svalir

Bjartar og fallegar íbúðir, stórir gluggar, stórar svalir, granít í eldhúsi, myndavéladyrasími.
Allur frágangur til fyrirmyndar.
Byggingaraðili ÞG VERK.

Íbúðir í fjögurra og fimm hæða lyftuhúsi við Garðatorg.
Eignirnar eru einstaklega veglegar og vandaðar.
Eignunum verður skilað fullbúnum, án gólfefna, gólf í baðherbergjum og þvottahúsum verða flísalögð.
Öllum íbúðum fylgir sérmerkt bílastæði í upphituðu bílastæðahúsi.
Mjög vandaðar innréttingar og skápar.
Fyrsta flokks blöndunar og eldhústæki.



**Stærðir frá 101 til 136 fm.**
**Verð frá 44,3 til 64,4 m.kr.**

OPIÐ HÚS



Sýningaríbúð 203

## Opið hús sunnudaginn 15. nóvember milli kl.14 -15 *vertu velkomin*

ÞG-VERK
www.tgverk.is



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari.
Aðstoðarmaður fasteignasala
892 9966
stefan@fastlind.is



Kristján Þ. Hauksson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Gunnar Valsson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
699 3702
gunnar@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

| Þórunn | Andri | Hannes | Bjarni | Þórey | Ólafur | Stefán | Kristján | Jóhanna | Arna | Gunnar | Kristín | Vernharð | Lára | Harpa | Magnús |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |







## Atv.húsnæði/Snyrtistofa
110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 79,8 fm FJÖLDI HERBERGJA: 0

Gamalgróin en nýuppgerð snyrtistofa með 4-6 vinnurýmum. **Hægt er að kaupa rekstur og húsnæði saman eða í sitthvoru lagi.**

Heyrumst
Arna › 692 5515 Tilboð kr.
Aðstoðarmaður fasteignasala

OPIÐ HÚS › 15. nóv 14:00 – 14:30



## Berjarimi 32
112 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 67 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Falleg 2. herbergja íbúð með sér inngangi. Suð-vestur svalir með frábæru útsýni yfir flóann. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar

Heyrumst
Bjarni › 662 6163 24.900.000 kr.
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 15. nóv 15:00 – 15:30



## Lækjasmári 62
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 107,6 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Rúmgóð 95,6 fm íbúð á 2.hæð með 12 fm bílskýli. Suður svalir. Risloft. Þvottahús í íbúð. Botnlangagata. Skjólsæll staður.

Heyrumst
Bjarni › 662 6163 34.900.000 kr.
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 16. nóv 17:30 – 18:00





## Baugakór 1
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 97,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Glæsileg þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhús með lokuðum viðarpalli. Dökkt harðparket á gólfum og eikar innréttingar. Stutt í leik og grunnskóla ásamt íþróttasvæðis.

Heyrumst
Kristján › 699 1122 33.500.000 kr.
Aðstoðarmaður fasteignasala

OPIÐ HÚS › 15. nóv 15:30 – 16:00





## Álfkonuhvarf 63
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 120,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 4-5

Mjög falleg 4ra-5 herb. endaíbúð með sérinngangi af svölum ásamt stæði í bílageymslu í 3ja hæða fjölbýlishúsi. GLÆSILEGT ÚTSÝNI. Möguleiki á fjórða svefnherberginu.

Heyrumst
Andri › 690 3111 38.900.000 kr.
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 14. nóv 15:00 – 15:30





## Selvað 1
110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 114,2 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Falleg íbúð með sérinngangi af svölum og stæði í bílageymslu. Eikar innréttingar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Geymsla í sameign 7,1 fm. Stutt í leikskóla og skóla.

Heyrumst
Kristján › 699 1122 37.500.000 kr.
Aðstoðarmaður fasteignasala





## Haustakur 7
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 267,6 fm EINBÝLI HERB: 6

Glæsilegt einbýlishús ásamt bílskúr á einni hæð. Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi, Instabus raflagna- og hússtjórnarkerfi, svört gler Alnó innrétting, vönduð tæki o.fl.

Heyrumst
Andri › 690 3111 115.000.000 kr.
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 17. nóv 17:30 – 18:00





## Kambsvegur 6
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 143,4 fm SÉRHÆÐ HERB: 5

Falleg hæð ásamt bílskúr í þriggja íbúða húsi. Sér inngangur, þrjú góð herbergi ásamt einu litlu forstofu herbergi. Eldhús var endurnýjað árið 2012, Tvær samliggjandi stofur.

Heyrumst
Kristján › 696 1122 47.900.000 kr.
Aðstoðarmaður fasteignasala

Bókið skoðun



## Háholt 21
230 REYKJANESBÆR

STÆRÐ: 227,6 fm EINBÝLI HERB: 5-6

Fallegt sérbýli á góðum stað. 4-5 svefnherbergi, 3 stofur. Glæsilegur pallur og pottur. Stór sérstæður bílskúr. Stutt í skóla og íþóttasvæði. Skipti á eign á höfuðborgarsvæðinu möguleg.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 Tilboð óskast kr.
Löggiltur fasteignasali

Bókið skoðun



## Kleifarsel 1
109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 207,1 fm RAÐHÚS HERB: 6

Fallegt sérbýli á tveim hæðum með bílskúr. 4 svefnherbergi, stofa og sjónvarpsherbergi, 2 baðherbergi. Frábært fjölskylduhús – göngufæri í skóla. Skipti á minni eign koma til greina.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 49.900.000 kr.
Löggiltur fasteignasali

## Uppspretta ánægjulegra viðskipta

**STAKFELL**
FASTEIGNASALA | 1984

535 1000
stakfell@stakfell.is



# HÓTEL TIL SÖLU

Vorum að fá í einkasölu, vegna sérstakra aðstæðna, eitt stærsta og áhugaverðasta hótelið á Suðurnesjum. Eignin er með töluverða sérstöðu og mikil tækifæri framundan. Hótelið samanstendur m.a. af 48 rúmgóðum tveggja manna herbergjum sem öll eru með sérbaðherbergjum og tveimur 50 fm íbúðum. Mjög gott viðhald hefur verið á eigninni og má segja að eignin hafi verið endurnýjuð að mestu leyti á síðustu misserum. Eignin er um 2.200 fm brúttó. Hótelið selst með öllum búnaði, húsgögnum, tækjum og tölum ásamt pöntunum/viðskiptavild. Eignin er í vaxandi og fullum rekstri.



Upplýsingar gefur
**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri,
Hdl. löggiltur fasteignasali
stefan@stakfell.is
Sími: 895 2049


365

Vild

Skráðu þig á 365.is

Sjálfvirka fríðindakerfið

SKRÁÐU ÞIG Í VILD

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen

Efnalaugin Björg – 40% AFSLÁTTUR Gluggatjaldahreinsun
Einar Ben Restaurant – 30% AFSLÁTTUR
KÓL Kitchen • Bar – 25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Serrano Fresh • Happy • Mex – 10% AFSLÁTTUR
name it. – 10% AFSLÁTTUR
10-11 – 10% AFSLÁTTUR

Vild

PIPAR\TBWA • SÍA


# VINDAKÓR 10 - 12 – KÓPAVOGI - NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR

## SÖLUSÝNING Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 14.00 -15.00



**SÖLUSÝNING Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 14.00 -15.00**



Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi. Um er að ræða 4ra og 5 herbergja íbúðir sem ýmist eru með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum nema íbúð nr. 0204.

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**

- **4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR**
  **eru frá 113,7 fm. upp í 118,6 fm.**
  **Verð frá kr. 35.500.000.- upp í kr. 39.800.000.-**

- **5 HERBERGJA ÍBÚÐIR**
  **eru frá 139,5 fm. upp í 141,9 fm.**
  **Verð frá kr. 43.800.000.- upp í kr. 44.800.000.-**

- Eikarinnréttingar frá HTH innréttingum.
- Vönduð AEG eldhústæki.
- Fataskápar eru í svefnherbergjum og forstofu.
- Þvottaherbergi innan íbúðar með innréttingu.
- Lóð er frágengin með grasþökum og gróðri og hellulögðum gangstéttum.

**Frábær staðsetning við mikla útivistar paradís með Elliðavatn og Heiðmörk er í göngufæri.**

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.**

**Verið velkomin.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

2014 Framúrskarandi fyrirtæki




# Opið hús að Vatnsstíg 20

## sunnudaginn 15. nóvember kl. 13–14

Skuggahverfið er vinsælt hverfi á einum besta útsýnisstað borgarinnar. Útsýni yfir miðborgina og út á Faxaflóann.

Stutt er í alla þjónustu; verslanir, veitingastaði, heilsugæslu og afþreyingu af ýmsu tagi.





### VEL BÚNAR ÍBÚÐIR Í MIÐBORGINNI:

1. Fjölbreytt efnisval í innréttingum. Íslensk sérsmíði og steinn á borðum.
2. Hiti í gólfum og hágæða-gluggar fyrir breytilegt veðurfar.
3. Vönduð heimilistæki frá Miele.
4. Stæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum.
5. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

**Hafðu samband við sölumenn Eignamiðlunar í síma 588 9090.**
**Nánari upplýsingar er einnig að finna á eignamidlun.is**



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali. sverrir@eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteingasali. GSM 824 9093 kjartan@eignamidlun.is



Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteingasali. GSM 824 9098 hilmar@eignamidlun.is



Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteingasali. GSM 864 5464 gudlaugur@eignamidlun.is


LÉTTBYLGJAN
VIÐ PÖKKUM INN JÓLUNUM
MEÐ BESTU JÓLATÓNLISTINNI
Í svörtum fötum
Jólin eru að koma
NÓI SÍRÍUS
Kringlan
SJÓNVARP
LÉTTBYLGJAN.IS
BYLGJUAPPIÐ
ÚTVARP
HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER
LÉTT
BYLGJAN
967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!




# 15 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ Á INNRÉTTINGUM & RAFTÆKJUM

FRÍFORM ER 15 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI ÞÁ BJÓÐUM VIÐ 15% AFSLÁTT AF INNRÉTTINGUM OG RAFTÆKJUM ÚT NÓVEMBER

- 2015 -



KA scan domestic SNAIGĖ ELBA nettoline

**Opið:**
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

Fríform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# METSÖLULISTI
## BÓKABÚÐAR MÁLS OG MENNINGAR

1. **Sorcerer's Screed** Skuggi
2. **You are Nothing** Hugleikur Dagsson
3. **My pussy is hungry** Hugleikur Dagsson
4. **Stúlka með höfuð** Þórunn Jarla Valdimarsdóttir
5. **Íslensk litadýrð** Elsa Nielsen
6. **Þarmar með sjarma** Giulia Enders
7. **Hettumáfur lærir á litina** Íbbagoggur
8. **Hundadagar** Einar Már Guðmundsson
9. **Núvitund** Chade-Meng Tan
10. **Iceland Small World** Sigurgeir Sigurjónsson

6. - 12. nóv 2015

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18




**ÓSKALÖG ÞJÓÐARINNAR** Íslenskar blásarasveitir koma fram á maraþontónleikum í Hörpu á morgun. MYND/SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS

# PITSUVEISLURNAR SKEMMTILEGRI

**TÓNLEIKAR** *Blásarasveit Tónskólans í Neskaupstað stígur á svið í Hörpu á morgun en áratugahefð er fyrir blásarasveit þar í bæ. Sextíu ára aldursmunur er á meðlimum sveitarinnar sem stjórnandinn segir mikinn kost.*

Til þess að vera með öfluga blásarasveit í fimmtán hundruð manna sveitarfélagi verða bæði núverandi og fyrrverandi nemendur skólans að vera með. Yngsti hljómsveitarmeðlimurinn sem mun koma fram á tónleikunum í Hörpu er 12 ára og sá elsti 72 ára,“ segir Hildur Þórðardóttir tónlistarkennari og stjórnandi Blásarasveitar Tónskólans í Neskaupstað en sveitin er ein fjórtán blásarasveita sem koma fram á maraþontónleikum í Hörpunni á morgun, Óskalög þjóðarinnar. Hildur segir breitt aldursbil styrkja sveitina frekar en hitt.

„Það hefur ýmsa kosti að nemandi á áttræðisaldri sitji við hliðina á fimmtán ára unglingi á æfingu. Þeir eldri eru kannski farnir að gleyma og yngri nemendur geta minnt þá á. Á móti geta þeir eldri miðlað af reynslunni. Þetta gerir starfið bara skemmtilegra, pitsuveislurnar verða skemmtilegri,“ segir hún sposk.

„Það er sterk hefð fyrir blásarasveit í Neskaupstað en hér var stofnuð lúðrasveit fyrir meira en fimmtíu árum, þegar síldin var hér í blóma og mikið menningarlíf í bænum. Blásarasveitin er því löngu orðin órjúfanlegur partur af öllu starfi hér í sveitarfélaginu,“ segir Hildur og bætir við að því hafi sveitarfélagið brugðist vel við fyrirhuguðu ferðalagi suður. „Hljómsveitin er styrkt til ferðarinnar og við ætlum því að sleppa tíu tíma rútuferðinni sem annars yrði og fljúga. Eldra fólkið var ánægt með það,“ segir Hildur og viðurkennir að talsverður spenningur sé í hópnum fyrir tónleikunum. Eldra fólkið hlakki ekki minna til.

„Þau yngri eru orðin svo „sjóuð“ í að koma fram og einhver þeirra hafa spilað áður í Hörpu. Þeim eldri finnst þetta jafnast á við að eiga að spila



**ÁRATUGA SAGA** Myndin er tekin á fyrstu árum Lúðrasveitar Norðfjarðar, sennilega kringum 1960. Fyrir miðju með trommu fyrir framan sig er Haraldur Guðmundsson, stofnandi sveitarinnar og höfundur marsins sem fluttur verður á morgun. Á myndinni er einnig sonur hans, Guðmundur, þá ungur trompetleikari þriðji frá hægri í aftari röð en hann spilar með sveitinni enn í dag. MYND/TÓNSKÓLINN Í NESKAUPSTAÐ



**GÓÐUR HÓPUR** „Yngsti hljómsveitarmeðlimurinn sem mun koma fram á tónleikunum í Hörpu er 12 ára og sá elsti 72 ára,“ segir Hildur Þórðardóttir, tónlistarkennari Tónskólans í Neskaupstað. MYND/TÓNSKÓLINN Í NESKAUPSTAÐ

fyrir forsetann, ætli ég verði ekki að útvega þeim róandi fyrir tónleikana,“ segir Hildur létt.

Tónleikarnir hefjast klukkan 11 og standa til klukkan 17.30. Blásarasveit Tónskólans í Neskaupstað stígur á svið klukkan 13.30. „Við opnum með marsi eftir Harald Guðmundsson, einn af stofnendum sveitarinnar en sonur hans, Guðmundur Haraldsson er enn í sveitinni, kominn yfir sjötugt.“

## UNGIR OG ALDNIR

„Það hefur ýmsa kosti að nemandi á áttræðisaldri sitji við hliðina á fimmtán ára unglingi á æfingu. Þeir eldri eru kannski farnir að gleyma og yngri nemendur geta minnt þá á. Á móti geta þeir eldri miðlað af reynslunni.“

## BÍLAR & FARARTÆKI


Bílalíf



**SJÁLFSKIPTUR - STW**
TOYOTA Corolla stw SOL. Árgerð 2005, ekinn aðeins128 Þ.KM, sjálfskiptur. tilboðsverð 1.190.000. Rnr.250259. Til sýnis og sölu á Bílalíf.



**FRÍTT Í STÆÐI :)**
TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2006, ekinn 129þ,km, 5 gírar. Lítur mjög vel út! Sniðugur, eyðslugrannur, frítt í stæði! Verð 790.000. Rnr.250253. Til sýnis og sölu á Bílalíf.



**VERÐ AÐEINS 490Þ !!!!**
MERCEDES-BENZ SPRINTER 412D 17 MANNA. Árgerð 1998, DÍSEL, 5 gírar. VERÐ AÐEINS 490Þ.KR. 100% LÁN MÖGULEGT Rnr.127037. TIL SÝNIS OG SÖLU HJÁ BÍLALÍF BÍLASÖLU - SÍMI 562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

100bílar.is bílasala



BMW X5 3,0 D,8/2007, ek 112 þús km, Mjög vel búinn, Comfort sæti, Panorama, krókur ,mjög flottur og vel búinn bíll, ásett verð 6190 þús, er á staðnum, raðnr 119052.



Toyota Land Cruiser 120 VX, sjsk, dísel, leður, mjög flott eintak, 2 eigendur, tilboðsverð 4990 þús, ásett verð 5390 þús, er á staðnum, raðnr 220424.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

ICEHOBBY



Pro-Lite 900 árg. 2014 lengd 162" Ekinn 1700 km. Verð kr. 2.800.000



Polaris 800 RMK Assault 155" árg. 2013 Ekinn 5.500 km. Fullt af aukahlutum, Nýjir stimplar og fl. Afar vel með farinn. Verð kr. 1.700.000



Arctic Cat XF 800 141" árg. 2013 Ekinn 1.500 km. Rafstart, naglar í belti og fl. Verð kr. 1.990.000



Polaris RMK Assault 800 155" árg. 2013 Ekinn 5.500 km. Styrkingar á skúffu. Nýjir stimplar. Verð kr. 1.790.000

**Icehobby - Tæki**
**Draupnisgötu 6, 603 Akureyri**
**Sími: 462 4600**
**http://www.icehobby.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2007, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.991362.



PORSCHE Cayenne turbo s. Árgerð 2006, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991479.



MERCEDES-BENZ A 250. Árgerð 2014, ekinn 8 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.240743.



Kia Sorento EX classic. Árgerð 2011, ekinn 97 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.450.000. Rnr.270147. 3 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BÍLALIND BÍLASALA



SUBARU LEGACY LUX OUTBACK bensín/metan Nýskr. 12/2012, Ek. 248 þkm, bensín, sjálfskiptur, leður, topp þjónustubók. Verð 2.890.000.- Rnr.401794.



NÝTT POLARIS RZR Turbo. Árgerð 2016, bensín, sjálfskipt, stærri kúpling, stærri öxlar, sterkari reim og 144 hö. Verð 5.900.000. Rnr.412304.

**BÍLALIND**
**Kletthálsi 2,, 110 Reykjavík**
**Sími: 511-0000**
**www.bilalind.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



LAND ROVER Range rover sport s tdv6. Árgerð 2013, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.900. umboðsbíll og 1 eigandi Rnr.115017.



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi. Árgerð 2014, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Rnr.330366.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2010, ekinn 79 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.450. Rnr.211030.



VW Passat highline 4motion. Árgerð 2007, ekinn 160 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.690.mikið endurnýjaður Rnr.211032.



POLARIS Sportsman 800 efi 6x6. Árgerð 2014, Nýtt bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000.Verð án VSK 1.846.774 Rnr.211026.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**


## Bílar til sölu



Kangoo 1,4, 2005. Ek. 138 þús. Ný tímareim, headpackning og allur yfirfarin. Skipti koma til greina á biluðum bíl. Upplýsingar í síma: 8979252



Chevrolet Spark árg 2010 ekinn 85þ km. Lítur mjög vel út og vel með farinn. Flottur sparibaukur. Verð kr. 1.190.þ. Uppl í síma 840-1801.



VW Polo 1400, ný skoðaður. Árg 2007 til sölu. Ek. 120 þús. Verð 850 þús. Uppl. í s. 865 5873



Honda Jazz Comfort Skráður 06.2010, ekinn aðeins 66þ. km, beinskiptur. Útlit og ástand mjög gott, þjónustaður af Bernhard. Góð ónelgd vetrardekk, allt í bremsum nýtt. Skoðaður 09.2016. Ásett verð kr. 1.690.000. Söluverð 1.490.000 Uppl. Þorsteinn s: 8639305



Kia sportage 2014. Bílinn er með öllum aukahlutum, ek. 636 km. Ótjónaður bíll Hefur alltaf verið geymdur inni, engin skipti. Uppl, Gylfi 899 0902



**BESTU KAUPIN.**
Toyota LC 120 Árgerð 2005. Ek. 203.000. Verð 2.750.000. S. 824 4790.



Til sölu Toyota LC 120 GX árg 2007. Díesel, sjálfsk. Ekinn 158.000 km. Útlit og ástand mjög gott. Fæst á 3.650.000.- stgr. Uppl. Haukur s: 820-6802

## til sölu


bilauppbod.is

Bjóddu í bíl

Uppboð á ökutækjum og öðrum munum fyrir tryggingarfélög, fjármögnunarfélög og aðra aðila fara fram alla virka daga. **Uppboði á þessum bifreiðum lýkur -sjá nánar á uppboðsvef.**



**Ford Explorer**
árgerð 2008 bensín sjálfskiptur ekinn 104720 km.



**Benz G-G4000 cdi**
árgerð 2002 dísel sjálfskiptur ekinn 173708 km.



**Opel Astra**
árgerð 2006 bensín sjálfskiptur ekinn 106013 km.



**VW Golf GTI**
árgerð 2006 bensín beinskiptur ekinn 136093 km.



**MMC Pajero**
árgerð 2007 dísel sjálfskiptur ekinn 181134 km.



**VW Polo**
árgerð 2011 bensín beinskiptur ekinn 116628 km.

Hægt er að skoða uppboðsmuni alla virka daga frá 8.30-17.00 í húsnæði Króks að Suðurhrauni 3, Garðabæ.

bilauppbod.is


## til sölu


GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í …svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Bílar til sölu

Hyundai Elantra Wagon árg 1996, dökkgrænn, sjálfss., ek. 84 þús.km. Nagladekk á felgum fylgja. Tilboð. S. 566 6590

**RAUÐUR KONUBÍLL.**
Opel Corsa 1,2, árg '02, 4 dyra, nýtt í bremsum og nýjir gormar að framan. Ný smurður. Verð 450 þús. S: 660 1380

Skoda octavia 2005, ekinn 270. skoðaður 16', sumar og vetrardekk. Nýleg tímareim og smurbók. verð 600þúsund. Möguleg skipti á 200þ króna jeppa + pening. Sími 7751516



Ford Transit-Langur sendibíll. Mjög vel farinn, nánast nýr. Keyrður 30.000km. 2012 árgerð. Verð: 2.950.000 kr. Upplýsingar í síma 866-0471.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



BluCamp 2016 Nýr, Lengd 7,35 mtr 2 stór rúm + hjónarúm Sér sturta 130 hestöfl 6 gíra Loftkæling Hraðastillir Samlæsingar Útvarp, Cd, Mp3 Aðgerðastýri og mart fl. Verð 11,5 m. einnig fleiri stærðir í boði. Uppl. gefur Bóas Sími 777 5007 boas@b1.is, b1.is




## Vinnuvélar




**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is




**VINNUVÉLA OG VÖRUBÍLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Vélsleðar







# ÞJÓNUSTA

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Garðyrkja



**JÓLATRÉ Í POTTI**
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er að selja lifandi jólatré í potti. Tilvalið til skreytinga utandyra fyrir jólin. www.skogmos.net og S:866-4806 og 867-2516

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Ráðgjöf

**EIGNASKIPTA-YFIRLÝSINGAR**
Tek að mér að gera eignaskiptayfirlýsingar gegn hóflegu verði.

MSc Byggingartæknifræðingur. Guðjón, s: 7775066

Netfang: gudjonr2@internet.is

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Eftirfarandi námskeið eru í boði:**



## Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga 10:30-12:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:30-12:00
Þriðjudaga og Fimmtudaga 13:00-14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00

## Framhaldsnámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30-19:00

**Námskeiðin hefjast 16 & 17 nóvember og lýkur 10. des.**

**Verð á mann: 22.500 krónur**

**Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**LOK Á HEITA POTTA**



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**Er vandamál með neysluvatnið?**

Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.

HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.

S: 519-6480
hreinarlagnir.is



Vantar þig smiði, múrara, málara...

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta

proventus.is
782 8800

**VARAHLUTIR**

Iveco • Benz • Man • Renault

*Varahlutaþjónusta*

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is





XPRENT - hönnun og merkingar



**LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN**

*Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu*

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**

alhliða bílaviðgerðir

Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid

BÖKUNARSETT

*Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.*

*Sanseraðir litir*

**FULLT VERÐ ... 107.990**

( Hrærivél 92.995 + bökunarsett 14.995 )

**TILBOÐSVERÐ .. 92.995**

*Litir* **FULLT VERÐ .... 104.990**

( Hrærivél 89.995 + bökunarsett 14.995 )

**TILBOÐSVERÐ ... 89.995**

**HÁGÆÐA PHILIPS**

ErgoRange

**RYKSUGA**

*ORKUSPARANDI*

20%

**FULLT VERÐ ... 19.995**

**TILBOÐ ......... 15.995**

**PHILIPS ÞRÁÐLAUS DECT SÍMI**

MEÐ AUKATÓLI

25%

**VERÐ ÁÐUR ... 7.995**

**TILBOÐ ......... 5.995**

# RAFTÆKJADAGAR

# ÖLL RAFTÆKI

## Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

## LÝKUR UM HELGINA!

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

**PHILIPS**

**550W TÖFRASPROTI**

MEÐ FYLGIHLUTUM

20%

**FULLT VERÐ ..... 9.995**

**TILBOÐ ........... 7.995**

40%

BABYLISS

**HÁRBLÁSARI**

EXPERT 2100W

**VERÐ ÁÐUR ... 7.995**

**TILBOÐ ......... 4.795**

Princess

**BLANDARI**

Pro 4

800W

**ÖFLUGUR MYLUR KLAKA**

20%

**VERÐ ÁÐUR ... 11.995**

**TILBOÐ ........... 9.595**

40%

TRISTAR VÖFFLUJÁRN

EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR

**VERÐ ÁÐUR ... 9.995**

**TILBOÐ ......... 5.995**

25%

MELISSA

**KAFFIKVÖRN**

**VERÐ ÁÐUR ... 3.995**

**TILBOÐ ......... 2.995**

**SEVERIN** BRAUÐRIST

20%

**VERÐ ÁÐUR ... 6.995**

**TILBOÐ ......... 5.595**

20%

Wilfa

**HRAÐSUÐU-KANNA**

1 LÍTER

**VERÐ ÁÐUR ... 6.995**

**TILBOÐ ......... 5.495**

**iRobot**

**RYKSUGU VÉLMENNI**

**HREIN SNILLD!**

ÞÚ SPARAR 15.000

**Roomba 631**

Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Fallskynjari.

**VERÐ ÁÐUR ... 69.995**

**TILBOÐ ......... 54.995**

**GEORGE FOREMAN**

HEILSUGRILLIN

*Ný lína með losanlegum plötum*

30%

Russell Hobbs

***COMPACT***

38sm² grillflötur

**FULLT VERÐ ... 13.995**

**TILBOÐ ............ 9.795**

30%

***FAMILY***

51sm² grillflötur

**FULLT VERÐ ... 16.995**

**TILBOÐ .......... 11.995**

30%

***ENTERTAINMENT***

64sm² grillflötur

**FULLT VERÐ ... 18.995**

**TILBOÐ .......... 13.295**

***FRANCIS FRANCIS X7.1 ESPRESSO KAFFIVÉL***

***GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR***

**illy MJÓLKURFLÓARI að andvirði 15.995**

illy

**VERÐ ÁÐUR ... 36.995**

**TILBOÐ .......... 29.595**

Soehnle

ELDHÚSVOG

50%

**VERÐ ÁÐUR ... 8.995**

**TILBOÐ ......... 4.495**

Soehnle

BAÐVOG

50%

**VERÐ ÁÐUR ... 7.995**

**TILBOÐ ......... 3.995**

25%

MELISSA

**GUFUSTRAUJÁRN**

2200W

**VERÐ ÁÐUR ... 3.995**

**TILBOÐ ......... 2.995**

20%

DANTAX **ÖRBYLGJUOFN**

**VERÐ ÁÐUR ... 13.995**

**TILBOÐ ......... 10.995**

ÞÚ SPARAR 10.000

**Roomba 760**

Með iAdapt gervigreind og tímastilli. Sýndarveggur. AeroVact Series 2. Fallskynjari. Dirt Detect óhreinindaskynjari.

**VERÐ ÁÐUR ... 89.995**

**TILBOÐ ......... 79.995**

ARIETE

**PIZZAOFN**

Ekta pizza á örfáum mínútum!

20%

**VERÐ ÁÐUR ... 16.995**

**TILBOÐ ......... 13.595**

REMINGTON SLÉTTUJÁRN IONIC

50%

**VERÐ ÁÐUR ... 14.995**

**TILBOÐ ........... 7.495**

SAECO

**KAFFIVÉL**

Intelia

ÞÚ SPARAR 20.000

**VERÐ ÁÐUR ... 99.995**

**TILBOÐ ......... 79.995**



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Ég er óléttur

**Henrý Steinn** er átján ára og ber barn undir belti. Hlé hefur verið gert á kynleiðréttingarferli hans á meðan á meðgöngu stendur. Hann hefur sjaldan verið eins hamingjusamur. Hann segir hugmyndir samfélagsins um kyn oft á tíðum á villigötum.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Henrý Steinn er 18 ára Eyfirðingur sem fæddist stelpa. Henrý kom út úr skápnum sem transmaður fyrir nokkru þegar hann sagði fjölskyldu og vinum frá aðstæðum sínum. Frá því hann opnaði sig um eigin tilveru segist hann hafa losnað úr hlekkjum, hann hætti á þunglyndislyfjum og segist sjaldan hafa verið jafn hamingjusamur.

Hann var byrjaður í kynleiðréttingarferli, þeirri vegferð að láta breyta líkama sínum í karlkyns, þegar hann varð hann óléttur. Núna er hann kominn rúmar 20 vikur á leið og Henrý Steinn lítur framtíðina björtum augum.

Hann segist ungur hafa áttað sig á að eitthvað væri bogið við líf sitt en ekki áttað sig á hvað það væri nákvæmlega sem ekki passaði. „Ég áttaði mig ekki á að þetta væri til. Síðan fór umræðan í samfélaginu að opnast um þessi mál. Ég fór að sjá umræðu í fjölmiðlum og á internetinu. Það var á þeim tíma sem ég fann að eitthvað í mér var ekki eins og það átti að vera. Svo fór ég á Google. Það var út frá því sem ég áttaði mig á því að eitthvað þyrfti ég að gera,“ segir Henrý.

Það er um eitt og hálft ár síðan Henrý viðurkenndi fyrir fjölskyldu og vinum að hann væri transmaður. Tíminn sem leið frá því að Henrý áttaði sig sjálfur á því að hann væri trans og þar til hann opnaði sig fyrir fjölskyldu sinni var erfiður. Hann reyndi hvað hann gat til að passa inn í ákveðin mót sem samfélagið hefur sett um ímynd stúlkna og hvernig þær eigi að vera og líta út. „Á þessum tveimur árum flakkaði ég á milli þess að vera alveg hinum megin á skalanum og reyndi að passa inn eins og ég gat. Fór alveg í steríótýpuna, eða reyndi það. Ég hef aldrei verið mikið fyrir sitt hár og þaðan af síður verið hrifinn af kjólum en ég reyndi. Svo fór ég að átta mig á því að þetta væri ekki ég og fikraði mig yfir í hina áttina. Síðan var það í sögutíma í menntaskóla sem mér varð ljóst að þetta gengi ekki lengur. Ég þurfti að gera eitthvað og þá fór ég að segja að ég væri kynsegin.“

Karl — Kona

**HVAÐ ER KYNSEGIN?** Non-binary, eða kynsegin, er orð sem notað er yfir stóran og fjölbreyttan hóp fólks sem á einhvern hátt fylgir ekki kynjatvíhyggjunni um að þú sért annaðhvort karl eða kona.

**HVAÐ ER HÁN?** Það getur verið að fólk vilji hvorki láta ávarpa sig með kvenkyns né karlkyns fornöfnum. Þá getur fornafnið hán komið að góðum notum, en það er hvorugkyns fornafn og notast á eftirfarandi hátt: Hán hló / Ég hringdi í hán / Taskan háns er þung. Mikilvægt er þó að virða óskir og val fólks á sínum fornöfnum.

### Hugmyndin um kyn á villigötum

Hann segir allt of marga rugla saman kyni fólks og kynhneigð. Um tvö aðskilin mál sé að ræða. „Þarna er um að ræða tvo skala sem eiga í raun ekkert sameiginlegt. Ég er transmaður og er í sambúð með karlmanni,“ segir Henrý.

„Samfélagið virðist oft líta á kyn svart-hvítum augum – en það er ekkert svart og hvítt. Þarna er grár skali á milli. Við sem hrærumst í þessu viljum meina að allir séu þarna einhvers staðar á skalanum og fólk geti líka rokkað fram og til baka á lífsleiðinni. Maður er ekki fastmótaður hvað þetta varðar.

Það sem er erfitt er að það er ekki hægt að tala um sig í hvorugkyni. Svíar hafa tekið það upp og það er komið fornafn á Íslandi sem er „hán“ og er kynlaust. Þetta er fornafn sem margir sem eru kynsegin nota um sig en samt alls ekki allir. En lýsingarorðin í íslensku eru þannig að það er erfitt að nota þetta.“

### Mamma mesti stuðningurinn

Henrý segir mömmu sína hafa verið hans stoð og stytta í gegnum allt saman. Faðir hans sé ekki kominn eins langt í því að meðtaka þetta, sem Henrý segir skiljanlegt. Hann vilji gefi pabba sínum þann tíma sem hann þarf.

„Það tekur á en ég vissi alveg að mamma væri ekki að fara að vísa mér á dyr eða eitthvað. Mamma er besti vinur minn. Eina spurningin sem hún hafði var hvort ég þyrfti að vera með konu en þegar ég útskýrði það að þetta tengdist ekki kynhneigð, þá var það útrætt. Ég hef fengið mikinn styrk frá mömmu og svo frá vinum. En pabbi er að taka aðeins lengri tíma í þetta. Hann er eldri, úr minna bæjarfélagi og svona. Hann umgengst mig ekki jafn mikið þannig að hann tekur skiljanlega meiri tíma í þetta. Gæti alveg tekið jafn mikinn tíma og það tók mig að átta mig á þessu. Það er lítið sem maður getur gert í því en ég er farinn að heyra hann leiðrétta sig öðru hvoru þannig að það er jákvætt. Þannig að þetta mjakast.“ Henrý segir það skipta sig miklu máli að faðir hans samþykki þessa breytingu. „Það væri frábært og það á eftir að gerast einhvern tímann.“

Henrý segir auðskilið að það taki fólk tíma að átta sig á breyttri stöðu. Það var erfitt fyrir hann persónulega að losna úr þessum hlekkjum eins og hann orðar það, en á sama tíma er hann að umbreyta hugmynd annarra um sig. „Þetta mun auðvitað taka tíma því ég er að snúa þessu algjörlega á hvolf fyrir fólkið í kringum mig.“

### Þung skref

Þetta voru þung skref að stíga en að hans mati hefur hann verið heppinn miðað við aðra sem hafa gengið í gegnum það sama. „Ég er heppinn því það er lítið um trú í minni fjölskyldu og ég þurfti ekki að takast á við þannig pakka. Ég veit alveg um einstaklinga sem hafa fengið þvert nei þar sem Guð skapaði einstaklinginn svona og svona og því eigi ekki að breyta. Þannig að ég er þakklátur fyrir að þurfa ekki að takast á við það. Svo á ég fjögur eldri systkini og það hefur líklega verið jafn mikið mál fyrir þau og foreldra mína.“

Að mati Henrýs er auðveldast að láta yngstu börnin vita af þessari breytingu því þau taka þessu vel. Hins vegar hafi margar spurningar vaknað hjá fjölskyldumeðlimum á unglingsaldri. Að mati Henrýs er staðalímyndum um kyn, sem hafa prentast inn í hug þeirra á skólagöngunni, um að kenna en auðvelt sé að útskýra þetta fyrir þeim. „Þetta á ekki að vera neitt feimnismál.“

### Mikið léttari andlega

Henrý segir að andleg líðan hans hafi ekki verið góð í síðustu bekkjum grunnskóla, eða þar til hann kom út sem kynsegin. „Ég byrjaði að finna fyrir þunglyndi í sjöunda bekk og fór á lyf. Eftir að ég kom út sem kynsegin fann ég ekki þörf fyrir að taka þessi lyf. Líkaminn var alltaf að hækka í þoli gagnvart lyfjum og því þurfti alltaf að hækka skammtinn.“ Hann segir vendipunktinn hafa verið þegar hann fann sig kynsegin. „Ég fór að gleyma að taka lyfin og allt í einu skipti það engu máli. Eftir að ég kom út þá losnaði ég úr hlekkjum, varð ég sjálfur aftur. Það gladdi mig að annað fólk tók líka eftir því að ég var orðinn hamingjusamari. Í dag þarf ég engin lyf.“

Henrý segir mikilvægt að allir finni sig og geti lifað því lífi sem þeir kjósa.

### „Ég er óléttur“

Henrý Steinn er í greiningarferli um kynleiðréttingu og hefur verið það í nokkurn tíma. Nú er hins vegar ferlið stopp þar til annað kemur í ljós. „Ferlið hjá mér er núna í pásu í bili vegna þess að ég er óléttur,“ segir Henrý og skellir upp úr. „Það gengur ekki að fara á hormón núna og flækja hlutina fyrir öllum. Það er því tekin pása í ferlinu. Ég mun hitta Óttar Guðmundsson geðlækni, sem sér um ferlið, í janúar og við skoðum hvernig við höldum áfram eftir að meðgöngu lýkur,“ segir Henrý.

„Ég er búinn með helming meðgöngunnar og á von á stelpu,“ segir Henrý en staldrar við þegar hann segist eiga vona á stelpu. Henrý hefur vafalaust aðra sýn á líffræðilegt kyn en margir. „Ég nota oftast orðið „krakkinn“ eða „barnið“ en nota orðið stelpa ef aðrir í kringum mig nota það orð.“

Meðgangan gengur nokkuð vel og ljósmæður á Akureyri hafa sýnt mikinn skilning. Þetta er auðvitað einkennileg staða, að vera óléttur karlmaður. „Mér finnst þetta lítið öðruvísi. Aðalströgglið er að þurfa að útskýra þetta fyrir öllum sem koma að meðgöngunni. Ég er ekki skráður Henrý Steinn í neinum gögnum heldur með allt öðru nafni. Þannig að ég þarf að útskýra þetta dálítið oft en það er bara allt í lagi.“

### Síðasti séns

Henrý segir það gjöf að geta þekkt tilfinninguna að ganga með barn. Fylgja uppvextinum áfram með brjóstagjöf og öðru. Undirbúningur er hafinn og móðir hans er búin að kaupa föt á barnið í útlöndum og þar af nokkuð af bleikum fötum. „Ég er mjög ánægður með að vera í pásu í kynleiðréttingarferlinu á meðan ég er óléttur, það á eftir að borga sig,“ segir Henrý, og horfir á meðgönguna sem síðasta séns. „Því ef ég fer alla leið í kynleiðréttingunni þá verður auðvitað mun erfiðara að eignast börn. Alla langar til að eiga blóðskylt afkvæmi. Það eru heldur ekki allir sem geta sagt að pabbi sinn hafi haft sig á brjósti,“ segir Henrý og hlær.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gjafakort Bónus

## er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

**Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus**

**VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS**







**300 kr.** Verðlækkun pr. kg

**100%** Ungnautahakk

**1.598** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

**GOTT VERÐ Í BÓNUS**




**2.998** kr. 2 kg

**Mackintosh Konfekt,** 2 kg




**1.398** kr. 700 g

**Rose Kjúklingalæri**
Frosin, 700 g




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**400 kr.** Verðlækkun pr. kg

**1.498** kr. kg

**Ali Grísalundir**
Ferskar
Verð áður 1898 kr.kg



**1.895** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar



**698** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **15. nóvember** eða meðan birgðir endast




ÞVÍ VAR NIÐURSTAÐA SOVÉTMANNA AÐ ÞEIR YRÐU AÐ SMÍÐA GEYSISTÓRAR SPRENGJUR. EF MJÖG FÁAR NÆÐU ALLA LEIÐ YRÐU ÞÆR AÐ VERA ÞEIM MUN STÆRRI TIL AÐ VALDA NÆGJANLEGA MIKLU TJÓNI.

# Tsar Bomba

## Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** rifjar upp að tilraunir með kjarnorkuvopn eru ekkert grín.



Það var nokkru eftir dagmál mánudaginn 30. október 1961. Hátt uppi í fjalli á Breiðholtsskaga milli Mjaðarlyngsfjarðar og Laxafjarðar nyrst í Noregi var Klemetti Keskitalo einn á ferð. Það hafði frést af hreindýrstarfi sem var sagður illa særður eftir úlfa og hafði hrakist út á nesið. Keskitalo hafði lagt af stað úr Samabyggðinni og þefaði fljótlega uppi slóð tarfsins en var nú orðinn úrkula vonar um að finna hann á lífi. Fyrst dýrið var komið svona hátt upp í fjall var það bersýnilega viti sínu fjær og eflaust dauðvona. Blóðið varð sífellt dekkra í sporum tarfsins í snjónum þar á fjallinu.

Þá hrökk Keskitalo allt í einu í kút. Í norðaustri hafði skyndilega kviknað undarlegur ljósglampi niðri við sjóndeildarhring. Það var ekki orðið að fullu bjart þótt sólin ætti að heita komin upp og skini í suðaustrinu, en þessi glampi var eitthvað allt annað. Já, eitthvað allt, allt annað. Keskitalo hafði aldrei áður séð svona skrýtinn ljósagang á himninum og var hann þó kominn á sextugsaldur. Það var eitthvað verulega ónáttúrulegt við þetta og Keskitalo stóð heillengi sem steini lostinn og rýndi út í fjarskann þar sem blossinn logaði enn. Þá var allt í einu eins og eitthvað dökkt kæmi æðandi að honum, hann fékk svo mikinn og snöggan vindsveip í fangið að hann hentist aftur á bak og féll loks um koll.



Eldkúlan af sprengingunni var átta kílómetrar í þvermál.



Risavetnissprengjan Tsar Bomba eða keisarasprengjan.

Niðri við mynni Mjaðarlyngsfjarðar, nánar tiltekið á Magereyju, þar sem heitir Kameyjaver var eitt minnsta þorp heimsins, bara fáein hús sem sneru móti Íshafinu í norðvesturátt. Greta Jakobsen var á táningsaldri, dóttir fiskimanns sem hafði farið í róður í býtið, dætur fiskimanna voru sýknt og heilagt að líta til sjávar til að sjá hvort nokkuð væri óveður í aðsigi, og nú leit hún einmitt út um gluggann og í norðvestur. Þarna niðri við sjávarmál bar minna á ljósbjarmanum sem Klemetti Keskitalo uppi í fjallinu var að furða sig á svo Greta átti sér einskis ills von þegar rúðan sem hún horfði út um sundraðist allt í einu og glerbrotunum rigndi yfir hana. Þykkur og þungur gustur ruddist inn í húsið svo þar lék allt á reiðiskjálfi. Og það hitnaði merkjanlega í lofti. Greta grenjaði hástöfum og beygði sig í keng þótt hún væri svo heppin að hafa ekki skorist illa, þannig hnipraði hún sig saman, löngu eftir að þessi höggþungi gustur var farinn leiðar sinnar. Uppi í fjallinu á Breiðholtsskaga var Klemetti Keskitalo að skreiðast á fætur, bjarminn var enn á sínum stað í fjarskanum.

### Svakalegasta kjarnorkutilraunin

Það sem þarna hafði gerst var að íbúar nyrst í Noregi höfðu orðið óviljandi vitni að svakalegustu kjarnorkutilraun allra tíma, þegar Sovétmenn sprengdu Tsar Bomba, eða Keisarasprengjuna. Tilraunin átti sér stað yfir eyjunni Novaja Semlja sem var í þúsund kílómetra fjarlægð frá byggðunum í Norður-Noregi þar sem rúður brotnuðu og fólk hentist til jarðar þegar höggbylgjan frá sprengingunni reið yfir. Ef slík sprengja hefði verið sprengd yfir Reykjavík hefðu rúður brotnað í Glasgow í Skotlandi.

Haustið 1961 stóð kalda stríðið sem hæst og bæði Sovétríkin og Bandaríkin reiknuðu með að allsherjar kjarnorkustríð gæti fyrirvaralaust brotist út milli ríkjanna. Í slíku stríði fælist: þurrka sem allra flestar borgir andstæðingsins út – í þeirri fánýtu von að hægt yrði að knýja hann til uppgjafar áður en honum tækist að þurrka út meginhlutann af borgum manns sjálfs.

### Fáar kæmust á leiðarenda

Sovétmenn sáu vitanlega í hendi sér að landafræðin var Bandaríkjamönnum hliðholl. Þá voru langdrægar eldflaugar sem báru kjarnorkuvopn milli heimsálfa varla enn þá komnar til sögunnar, svo sprengjuflugvélar yrðu enn um sinn þau vopn sem Sovétmenn myndu helst notast við til að koma sprengjum að skotmörkum sínum. Vélarnar yrðu að fljúga mjög langa vegalengd til að komast frá Sovétríkjunum inn yfir bandaríska grund og búast mætti við að meirihluti þeirra yrði skotinn niður á leiðinni. Kannski kæmust aðeins örfáar á leiðarenda. Bandaríkjamenn gátu hins vegar komið sínum kjarnorkusprengjum fyrir í meðaldrægum eldflaugum og flugvélum sem hefðu aðsetur nálægt landamærum Sovétríkjanna og mjög erfitt yrði fyrir sovéska flugherinn að skjóta þær allar niður í tæka tíð.

Því var niðurstaða Sovétmanna að þeir yrðu að smíða geysistórar sprengjur. Ef mjög fáar næðu alla leið yrðu þær að vera þeim mun stærri til að valda nægjanlega miklu tjóni.

Sovétmenn ákváðu því rétt fyrir 1960 að smíða 100 megatonna vetnissprengju sem átti síðan að verða aðalvopnið í kjarnorkuvopnabúri þeirra.

Það yrði engin smá sprengja – hvorki meira né minna en 6.600 sinnum öflugri en sprengjan sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hírósjíma 15 árum fyrr.

### Sérútbúin sprengjuflugvél

Svo fór að Sovétmenn ákváðu að minnka við sig. Þeir voru ekki vissir um að þeir kynnu neitt með slíkt ógnarvopn að fara. Því var ákveðið að smíða í bili „aðeins“ 50 megatonna sprengju.

Hún yrði samt meira en þrisvar sinnum öflugri en sterkasta kjarnorkusprengja sem Bandaríkjamenn hafa nokkru sinni sprengt, en það var hin svonefnda Castle Bravo sprengja árið 1954. Sú var 15 megatonn.

Sprengjan var átta metra löng og tveggja metra breið þegar hún var tilbúin. Og hún vó 27 tonn. Hún var svo stór að þegar henni var komið fyrir í Tupolev-95 sprengjuvél – sem á Vesturlöndum var kölluð „Björninn“ – þurfti að fjarlægja sprengjuhlera og eldsneytisgeyma svo hún rúmaðist í sprengjuhólfi vélarinnar. Vélin var máluð með sérstakri hvítri ofurmálningu sem átti að endurkasta sem mestu af þeirri ógurlegu hitageislun sem skella myndi á vélinni þegar hvellurinn yrði.

Síðan var flogið með hana í rúmlega 10 kílómetra hæð og þar var henni sleppt í fallhlíf. Til að bera ferlíkið þurfti 800 kílóa fallhlíf sem sá um að vagga sprengjunni niður í 4,5 kílómetra hæð yfir sjávarmáli. Tíminn sem það tók sprengjuna að svífa þessa vegalengd átti að duga flugmanni Bjarnarins, Durnovtsev, til að komast í 45 kílómetra fjarlægð sem talið var nægjanlegt til að hann slyppi lifandi frá sprengingunni.

### Þriðju gráðu bruni í 100 km fjarlægð

Raunar munaði litlu að hann færist. Þegar sprengjan sprakk elti höggbylgjan vélina uppi á svipstundu, og þá missti Durnovtsev vald á vélinni. Vélin hrapaði um kílómetra á örskotsstundu, en eftir mikla baráttu náði Durnovtsev um síðir að rétta hana við og náði að fljúga burt og lenda í hæfilegri fjarlægð.

Sprengjan sprakk þar sem heitir Mitjúsjíkaflói. Eldkúlan af sprengingunni varð átta kílómetrar í þvermál. Allt sem lent hefði innan þeirrar eldkúlu hefði einfaldlega leyst upp í ægibálinu. Allar byggingar innan 35 kílómetra radíuss hefðu eyðilagst. Bara allar – sama hve traustar og vel byggðar þær hefðu verið. Hvert einasta hús í þorpinu Serverny á Novaja Semlja hrundi, bæði steinhús og timburhús. Raunar splundruðust timburhús í mörg hundruð kílómetra fjarlægð undan höggbylgjunni og þök rifnuðu af steinhúsum í álíka fjarlægð. Hitinn sem myndaðist var svo mikill að hann hefði valdið þriðju gráðu bruna hjá fólki í 100 kílómetra fjarlægð. Slík sprenging yfir Reykjavík hefði sem sagt skaðbrennt fólk austur á Hellu – og hvert einasta hús við Faxaflóa hrunið. Austur í Síberíu, í 700 kílómetra fjarlægð frá Novaja Semlja, sáu menn höggbylgjuna trylla hjá í andrúmsloftinu þennan mánudagsmorgun árið 1961. Og í þorpum í Norður-Noregi og Finnlandi sem voru þúsund kílómetra frá Mitjúsjíkaflóa brotnuðu rúður undan högginu. Ég bjó að vísu til persónurnar Klemetti Keskitalo og Gretu Jakobsen en lýsingar á því sem henti þau eru samt sannferðugar.

### Sakharov blöskraði

Sveppaskýið fræga sem fylgir kjarnorkusprengingum reis í 65 kílómetra hæð. Niðri við jörð var það 40 kílómetrar í þvermál en toppurinn var tæpir 100 kílómetrar á breidd. Höggbylgjan fór þrisvar kringum jörðina áður en hún dó út.

Sovétmenn sprengdu aldrei framar neina kjarnorkusprengju í líkingu við Tsar Bomba. Þeir sögðu við sjálfa sig að vopnið væri þrátt fyrir allt ekki mjög praktískt því stærstur hlutinn af hinni ógnarlegu orku sem losnaði hefði tæst út í loftið án þess að koma að „gagni“ sem eyðileggingartól. En í og með blöskraði þeim einfaldlega sá hryllilegi eyðingarmáttur sem þeir höfðu leyst úr læðingi. Einn af helstu sprengjusmiðunum var eðlisfræðingur að nafni Andrei Sakharov. Eftir að Tsar Bomba sprakk hætti hann störfum og hóf að berjast gegn þeirri ríkisstjórn sem hafði látið sér til hugar koma að smíða slíkt vopn.

Kannski eru menn núorðið svolítið farnir að gleyma hvað kjarnorkuvopn voru, eru og verða alltaf brjálæðisleg vopn. Þá er hollt að rifja upp Tsar Bomba. Við skulum því leggja allt kapp á að kjarnorkutilraunir hefjist ekki á ný.




Borgaraleg ferming
Það er dýrmætt að hafa val!

Kynningarfundur fyrir tilvonandi fermingarbörn, foreldra þeirra og aðra áhugasama verður í stóra salnum í Háskólabíói, sunnudaginn 15. nóvember, kl. 12.



SIDMENNT.IS



Nýtt Diletto – kaffið sem kemur á óvart




DILETTO

Þú færð Diletto í BÓNUS

## Merkisatburðir



**1665** Konungslögin um einveldið í Danmörku undirrituð af Friðriki III.
**1894** Sjómannafélagið Báran stofnað í Reykjavík.
**1917** Staðfest lög um sjálfræði og fjárræði manna. Samkvæmt þeim verða menn sjálfráða 16 ára og fjárráða 21 árs. Síðar lækkar fjárræðisaldur í 20 ár hinn 19. desember 1967 og í 18 ár hinn 1. október 1979.
**1922** Breska ríkisútvarpið BBC hefur útsendingar.
**1930** Hitaveita Reykjavíkur tekin í notkun með 2.800 metra langri heitavatnslögn frá þvottalaugunum í Laugardal. Þetta var fyrsta hitaveita á Íslandi og tengdust henni 70-80 hús, þar á meðal Sundhöllin og Landspítalinn.
**1956** Togarinn Fylkir siglir á tundurdufl norður af Straumnesi og sekkur. Öll áhöfnin bjargast um borð í togarann Hafliða.
**1963** Ríkisstjórn undir forsæti Bjarna Benediktssonar tekur við völdum og situr í tæplega sjö ár.
**1970** Bílgreinasambandið er stofnað á Íslandi.
**1972** Dow Jones-vísitalan fer yfir þúsund stig í fyrsta skipti.
**1985** Hólmfríður Karlsdóttir er kjörin ungfrú heimur.
**2007** Jarðskjálfti upp á 7,7 á Richter ríður yfir Chile.
**2009** Haldinn er um 1.500 manna þjóðfundur í Laugardalshöll í Reykjavík um framtíðarstefnu Íslands.

# Ýmsar myndir af Kjarval í nýju útvarpsleikriti

**Síðustu dagar Kjarvals, nýtt íslenskt leikrit eftir Mikael Torfason, verður frumflutt í Útvarpsleikhúsinu á Rás 1 á morgun, sunnudag. Þar er skyggnst inn í ævi málarans mikla.**

„Þó síðustu stundir Jóhannesar Kjarval séu kjarninn í þessu leikriti þá er farið vítt og breitt um ævi hans í því og verkið er svo vel skrifað að það gengur fullkomlega upp,“ segir Sigurður Sigurjónsson leikari, sem er í hlutverki Kjarvals í útvarpsleikriti um líf listmálarans. Sigurður tekur fram að þó að hann leiki aðalmanninn séu fleiri í burðarrullum og herskari af úrvalsleikurum túlki samferðamenn hans.

Kjarval bjó einn lengi, að sögn Sigurðar, síðustu árin á Hótel Borg og svo á spítala í talsverðan tíma áður en hann lést. „Hann var orðinn veikur undir lokin en við kynnumst honum áður, bæði úti í Danmörku og þegar hann er að mála hér heima. Það birtast ýmsar myndir af honum í þessu leikriti,“ segir Sigurður en hvernig finnst honum að leika þennan mikla listamann?

„Mér finnst það alveg stórkostlegt. Þetta er engin eftirhermuleiklist og við túlkum hann á okkar hátt. Eins og margir vita var hann afskaplega litríkur persónuleiki og merkilegur maður. Ég náði ekki að sjá til hans í lifanda lífi en hef heyrt ógrynni af sögum af honum og grúskaði í heimildum um hann, meðal annars ævisögum og hlýddi á röddina hans í útvarpi. Það var spennandi og fræðandi glíma fyrir mig að kynnast honum og Kjarval var svo stór listamaður í öllum skilningi að leikritið er áhugavert á að hlýða.“
**gun@frettabladid.is**

**Leikritið um síðustu daga Kjarvals er frumflutt núna til að minnast þess að 130 ár eru liðin frá fæðingu hans, útsending á því hefst klukkan 13 á morgun.**



**„Það var spennandi og fræðandi glíma fyrir mig að kynnast honum,“ segir Sigurður Sigurjónsson sem leikur Kjarval.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Álfheiður Gísladóttir prjónar vettlinga í góðum hannyrðahópi.**

# Handverk og kökur

Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn í Efstaleiti 9 í dag, 14. nóvember, frá klukkan 13 til 16. Félagar kvennadeildarinnar hafa lagt hart að sér undanfarnar vikur við að útbúa og safna saman prjónavörum og öðru handverki sem tengist jólunum auk þess sem bakstur er kominn á fullt og til sölu verða bæði smákökur og gómsætar hnallþórur að íslenskum sið.

Allur ágóði rennur til mannúðarstarfs innanlands til þess að allir geti átt þess kost að eiga eins gleðileg jól og kostur er.









Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingiríður Hansína Kristmundsdóttir**
frá Glaumbæ í Staðarsveit, Þórólfsgötu 12 a, Borgarnesi,

andaðist miðvikudaginn 11. nóvember í Brákarhlíð, Borgarnesi. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Salóme María Einarsdóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Helgi Sigurvin Einarsson** **Halldóra Guðrún Ólafsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Jóhann Pálsson**
**Ingveldur Einarsdóttir**
**Jón Einarsson** **Inga Jóna Guðlaugsdóttir**
**Kristmundur Einarsson**
**Guðmundur Einarsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Margrét Ásmundsdóttir**
til heimilis að Hnitbjörgum, áður Húnabraut 34, Blönduósi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjartadeild Landspítalans miðvikudaginn 11. nóvember 2015. Útför auglýst síðar.

**Ragney Guðbjartsdóttir**
**Þórhalla Guðbjartsdóttir**
**Jónína Margrét Guðbjartsdóttir**
**tengdasynir og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Friðþjófs Max Karlssonar**
Suðurlandsbraut 58.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks sem kom að umönnun Friðþjófs í Friðuhúsi sem og á deild B4 á Borgarspítala og deild L4 á Landakotsspítala.

**Ásdís Jónasdóttir**
**Sigurlaug Regína Friðþjófsdóttir**
**Jónas Gauti Friðþjófsson** **Ragnhildur Georgsdóttir**
**Kristín Helene Kjartansdóttir Bergtun**
**Kjetil Andreas Kjartansson Bergtun**
**Birta Marlen Lamm**
**Maximilian Klimko**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður Magnúsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Lundi 9. nóvember. Hjartanlegar þakkir fær starfsfólk Lundar fyrir góðan vinskap og einstaka umönnun. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Magnús Guðmundsson og Sigrún Guðmundsdóttir**
**Lilja Guðmundsdóttir og Eggert Guðmundsson**
**Gróa Guðmundsdóttir**
**Gottskálk Guðmundsson og Sigurlaug Magnúsdóttir**
**Jóna G. Torfadóttir og Sverrir Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

HJÁLPAÐU
okkur
að hjálpa ÖÐRUM

# Landssöfnun Samhjálpar

## TIL UPPBYGGINGAR MEÐFERÐARHEIMILIS Í HLAÐGERÐARKOTI



*„Ef ekki væri fyrir starfsemina í Hlaðgerðarkoti væri ég ekki hér í dag. Vertu með og styrktu gott málefni.“*

KATRÍN INGA HÓLMSTEINSDÓTTIR



Að jafnaði eru um 60-70 manns á biðlista eftir meðferð í Hlaðgerðarkoti. Yfir árið er ekki hægt að sinna um 400 einstaklingum. Þörfin er því mikil.

Árið 1974 keypti Samhjálp Hlaðgerðarkot af mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og hefur rekið þar meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur allar götur síðan.

Elsti hluti húsakosts Hlaðgerðarkots er frá árinu 1955. Húsnæðið er nú í slæmu ástandi og starfsemin rekin á undanþágu yfirvalda. Því er löngu tímabært að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og nýbyggingu til að hægt sé að uppfylla kröfur yfirvalda.

Ef engin hjálp fæst er fyrirséð að starfsemin muni leggjast af. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga nýrrar byggingar er um 100 milljónir króna.

**Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson er verndari landssöfnunarinnar.**

DYNAMO REYKJAVIK

# TAKTU ÞÁTT!

**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.**

**HRINGDU Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

**ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á SÖFNUNARREIKNING KENNITALA 551173-0389 BANKAREIKNINGUR 0322-26-58000**

**FRJÁLS FRAMLÖG Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

Nánari upplýsingar á samhjálp.is

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR HLAÐGERÐARKOTS

A4 | BL | ICELANDAIR | EIMSKIP | KFC | BLUE LAGOON ICELAND | BYKO

Samhjálp

samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Stefáns Jóhanns Sigurðssonar**
byggingameistara,
Engihlíð 16e, Ólafsvík.

Jóni Hrafnkelssyni krabbameinslækni færum við bestu þakkir fyrir góða þjónustu og yndislegt viðmót. Starfsfólk Göngudeildar LSH, 11 c-B og starfsfólk á lyflækningadeild HVE á Akranesi fær þakkir fyrir einstakt viðmót og frábæra umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðrún Alexandersdóttir**



Ástkær sambýliskona, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Ásgerður Garðarsdóttir**
Silungakvísl 6,
110 Reykjavík,

lést á líknardeild LSH sunnudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Ljósið líknarfélag njóta þess.

**Þóroddur Stefánsson**
**Garðar Hinriksson** **Hulda Jónsdóttir**
**Ásgeir Jóel** **Þrúður Arna Briem**
**Tinna Rut Þóroddsdóttir** **Jóhann Kröyer Halldórsson**
**Rakel Þóroddsdóttir**
**Blær Örn Ásgeirsson** **Kolka Prema Ásgeirsdóttir**
**Birna tvíburasystir, Jón Hinrik og Sigrún**



Þökkum innilega auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hansínu Óskar Lárusdóttur Hönnu**
áður til heimilis að Urðarbakka 28,
109 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild A-2 á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alúð og umhyggju.

**Sigrún M. Ingjaldsdóttir** **Magnús Ásgeirsson**
**Helga Ingjaldsdóttir** **Ólafur Daðason**
**Íris Ösp Ingjaldsdóttir** **Friðrik I. Þorsteinsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Vegna andláts og útfarar okkar ástkæra og yndislega sonar, bróður, stjúpbróður og ástvinar,

**Daníels Freys Sigurðarsonar**
sem lést þann 19. september síðastliðinn, sendum við hjartans þakkir öllum þeim fjölmörgu sem minnst hafa hans og stutt okkur með ást, umhyggju og kærleik á þessum erfiða tíma.
Guð blessi ykkur.

**Svanhildur Benjamínsdóttir** **Sigurður Lárusson**
**Valdimar Þorkelsson** **Ásta Björk Ólafsdóttir**
**Benjamín Gunnar** **Þórunn Birta**
**Matthías** **Elísa Rut**
**Þorkell** **Guðrún**
**Bára Björg Jóhannsdóttir og fjölsk.**



Elskuleg systir okkar og frænka,

**Unnur Svava Jónsdóttir Cannada**
Fifumóa 7,
Njarðvík,

lést fimmtudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

**Þórdís Halldórsdóttir**
**Steinunn Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Önnur af tveimur sveitum Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts sem koma fram á tónleikunum.** MYND/SNORRI HEIMISSON

# Börnin gera óskalögum þjóðarinnar góð skil

**Fjórtán íslenskar skólalúðrasveitir koma fram á maraþontónleikum í Hörpu á morgun og leika þar íslensk lög sem þjóðin elskar. Jón Ólafsson tónlistarmaður verður kynnir.**

„Þema tónleikanna er þátturinn Óskalög þjóðarinnar sem var í sjónvarpinu síðasta vetur. Sveitirnar sem koma fram eru fjórtán og allar spila einhver lög úr þeim þætti, þannig að efnisskráin endurspeglar tónlistaráhuga þjóðarinnar frá stofnun lýðveldisins til ársins 2015,“ segir Snorri Heimisson, stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts. Hér er hann að lýsa maraþontónleikum 14 skólalúðrasveita landsins sem verða í Norðurljósasal Hörpu á morgun. Fyrsta sveitin stígur á svið klukkan 11 og spilar í hálftíma, þá tekur ný við og sú síðasta lýkur leik um klukkan 18.

Reiknað er með að um 500 börn og unglingar komi fram á tónleikunum. Snorri segir lagavalið verða fjölbreytt því auk óskalaganna leiki allar sveitirnar einnig lög sem ekki tengjast þættinum. „En að sjálfsögðu mun sigurlagið Þannig týnist tíminn hljóma ásamt lögum á borð við Braggablús, Dimmar rósir og og Jungle Drum,“ segir Snorri og telur líklegt að sum lögin heyrist oftar en einu sinni yfir daginn. „Það er bara skemmtilegt því sveitirnar eru misstórar og þá hljóma lögin á ólíkan hátt,“ fullyrðir hann og segir Össur Geirsson og Einar Jónsson hafa komið að útsetningum laganna fyrir lúðrasveitir og að Þórður Magnússon hafi útsett lagið Tvær stjörnur, sem er eftir föður hans, Megas.

Þó flestar hljómsveitirnar séu af höfuðborgarsvæðinu leggja sveitir frá Akureyri og Neskaupstað líka sitt af mörkum í fjörinu ásamt hljómsveitum úr Reykjanesbæ og Árborg. Jón Ólafsson, sem sá um óskalagaþáttinn í sjónvarpinu síðasta vetur, verður kynnir.

*Aðgangur að tónleikunum ókeypis og þeir eru öllum opnir.*



Við þökkum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar

**Guðbjarts Hannessonar**
alþingismanns og fyrrverandi skólastjóra.

**Sigrún Ásmundsdóttir**
**Birna Guðbjartsdóttir** **Ólafur Axel Jónsson**
**Hanna María Guðbjartsdóttir** **Stefán Már Möller**
**Dagur Sölvi Ólafsson, Bjarki Ólafsson**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Þorsteinn Smári Þorsteinsson**
Dalbraut 27,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 5. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Gunnar Laxfoss Þorsteinsson** **Hólmfríður María Hjaltadóttir**
**Hannes Hlífar Gunnarsson**
**Kolbrún Gunnarsdóttir**
**Kolfinna Rán Gunnarsdóttir**
**og systkini hins látna.**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er auðsýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulegu

**Eddu Maríu Einarsdóttur**
(frá Krosshúsum, Grindavík),
Laufvangi 14, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítalans, Karitas hjúkrunarþjónustu og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

**Haukur Árnason**
**Einar Waldorff** **Ragnheiður Anna Georgsdóttir**
**Hermann Waldorff** **Dóra Birna Jónsdóttir**
**Dóra Waldorff** **Magnús Sigurðsson**
**Þórður Waldorff**
**barnabörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,

**Eyrún Anna Gunnarsdóttir**
Berjavöllum 6, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 7. nóvember. Útför hennar fer fram í Vídalínskirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 13.

**Davíð A. Baldursson** **Jenný H. Ómarsdóttir**
**Brynjar D. Baldursson** **Heiðdís R. Guðmundsd.**
**Ásta M. Gunnarsdóttir** **Oddur Halldórsson**
**Jóna B. Gunnarsdóttir**
**Trausti M. Kristjánsson** **Therese Grahn**

LG
Life's Good

# HIN FJÖGUR FRÆKNU FRÁ LG




IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD 1200Hz PMI DVB-T2

**LG 55UF695V**
3D Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Quad-Core örgjörvi. NetCast nettenging með opnum vafra. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. 4K HEVC þjöppun. Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 2 x USB 2.0, USB 3.0 og 3 x HDMI. Magic Remote og síma- / spjaldtölvu app.

55"
TILBOÐ
**209.990**
FULLT VERÐ 249.990



IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler webOS 2.0 1500Hz PMI DVB-T2
Sound Designed by harman/kardon

**LG 55UF800V**
55" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn. 1500Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. ULTRA Luminance / Tru Black Control. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn netvafri. Wi-Fi Þráðlaus móttakari innbyggður. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth tenging. Sound Sync Wireless. 4K HEVC þjöppun.

55"
TILBOÐ
**239.990**
FULLT VERÐ 299.990

# HVAÐA 55" TÆKI LANGAR ÞIG Í?



LG OLED TV 4K ULTRA HD 4K Upscaler Perfect Black Lifelike Color Clear Motion DVB-T2

**LG 55EG920**
55" bogið OLED 3D Smart sjónvarp og Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Tru ULTRA HD Engine Pro - 4K uppskölun. Perfect Black / Triple XD Engine. ULTRA Luminance / Natural Color. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra. Wi-Fi Þráðlaus móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth þráðlaus tenging. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB 2.0, 3 x 3.0 tengi. Apple eða Android App. 2 stk. 3-D gleraugu fylgja.

55"
TILBOÐ
**449.990**
FULLT VERÐ 549.990



EISA AWARD
Best Product 2015-2016
SMART TV
LG 55UF950V

IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler True Black Control 2300Hz PMI ColorPrime NANO SPECTRUM DVB-T2
Sound Designed by harman/kardon

**LG 55UF950V**
55" SUHD 3D Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Tru ULTRA HD Engine Pro - 4K uppskölun. ULTRA Luminance / Tru Black Control. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 nettenging - opinn netvafri. 60w auditorium hljóðkerfi. Wi-Fi þráðlaus móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth þráðlaus tenging. 2 stafrænir DVB-C/T2//S2 móttakarar. Gerfihnattamóttakari. 2x USB 2.0, USB 3.0 og 4 x HDMI. Magic Remote og Apple/Android App.

55"
TILBOÐ
**499.990**
FULLT VERÐ 549.990

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LG
Life's Good

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Kraftjukk þarf að þynna til drykkjar (10)
**9** Gróðurblettur Fjallkonunnar kætir Bieber (10)
**10** Tel són um sund og fjárhagsstöðu ekki gild rök (11)
**12** Finn leið fyrir túristatrukkana (10)
**13** Hefur seðlabankastjóri verið menntastofnun? (11)
**14** Þessi himneski hliðvörður er einsog klettur (5)
**16** Stjórn beittra og spakráðra (11)
**17** Fylla forríkan karl (8)
**21** Romsið nú upp ykkar rugli um mislangt pípið (6)
**22** Strákhnokkinn Addi Arason (9)
**27** Feta mig eftir reipisreipi yfir festargrynningar (8)
**28** Dragi þau er eta má andann, þá éta þau mig (6)
**31** Hér eru keröldin og vellirnir sem eitt (8)
**32** Reykdrýslar vilja heilar konur (6)
**33** Er með nokkrar klárar sem hún bendir á (6)
**35** Fangaðir svo oft að þeir finnast vart lengur (9)
**36** Mylur undir ruglið í smáormi (5)
**37** Skrifað eins í fyrsta, öðru og þriðja lagi (6)
**38** Rembast við að lyfta syðsta hluta Noregs (9)
**40** Axlalakk? Nei, seiðaframleiðsla (8)
**42** Mín mildi er ætíð jöfn, segir hin milda (7)
**45** Hvort skyldi glampa eða merla á glerhúðað rugl? (8)
**46** Fær blæbrigði svo fremi sem hljómagangur finnst (8)
**47** Fullfeit nær yfir allt (6)
**48** Finn til nálægðar við brjálaðan dárann (6)
**49** Tel daga tunglsins eftirbáta daga sólarinnar (10)
**50** Borg englanna, sá snjólausi staður, er umvafin ríkidæmi (6)

**LÓÐRÉTT**

**1** Mikil duga á dugmikla (9)
**2** Peninganefndirnar hafa áhrif á ráðstöfunartekjurnar (9)
**3** Stífur biður mér gæfu með fljótin á báða bóga (9)
**4** Er til sérstakt kvennasorp, kerlingarangi? (9)
**5** Ekkert rugl, lestir Krists eyðast aldrei (11)
**6** Eignaðist afkvæmið snemma (9)
**7** Gekk á með krapabylgjum á kuldaskeiðum (7)
**8** Skynja að Norðurlandabúinn að austan er fyrir utan (7)
**9** Hóa stundum í karl sem kann á svona hluti (10)
**11** Föl sækja í föla (9)
**15** Leita fiska ofar fjallsbrúna (4)
**18** Megintilgangurinn er að afhjúpa kóngaslektið (10)
**19** Dreg upp mynd af raunveruleika þess sem máli skiptir (10)
**20** Suð fyrir þá sem sokknir eru (10)
**23** Passa uppá öngvit og ýldu (8)
**24** Tel eina sem tryllt er af ríkidæmi veika fyrir (8)
**25** Af tiltölulega saklausum og friðsömum tímum (12)
**26** Um blíðutak fanga sem ég dunda mér við af alúð (12)
**29** Gefa gjarna minna til ringluðu fátæklinganna (11)
**30** Rófukarlar og aðrir uppskafningar (11)
**34** Bý botna undir málningu (6)
**39** Afrek Arnar verður æ vinsælla (6)
**40** Af djöfulgangi folafúsra mera (5)
**41** Þetta eðla gas á frátekið sæti 54 (5)
**43** Meðal magnaðra járna og tjalda (5)
**44** Vegið hvert orð áður en þið látið það út úr ykkur (5)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | U | L | T | A | R | D | R | O | P | A | ■ | S | ■ | U | ■ | H | ■ | G | ■ |
| P | ■ | É | ■ | U | ■ | Ó | ■ | F | ■ | S | Í | V | I | N | S | Æ | L | A | R |
| Æ | T | T | A | R | F | L | Æ | K | J | A | ■ | Í | ■ | D | ■ | Ð | ■ | R | ■ |
| L | ■ | T | ■ | G | ■ | A | ■ | Æ | ■ | L | U | N | D | A | B | A | G | G | I |
| E | Y | S | T | E | I | N | ■ | L | ■ | A | ■ | A | ■ | N | ■ | R | ■ | A | ■ |
| G | ■ | V | ■ | L | ■ | D | Ó | T | T | U | R | D | Æ | T | R | A | N | N | A |
| G | L | E | Y | M | N | I | R | ■ | ■ | S | ■ | A | ■ | E | ■ | N | ■ | D | ■ |
| I | ■ | I | ■ | I | ■ | ■ | A | ■ | ■ | A | ■ | L | Í | K | V | A | K | A | N |
| N | Æ | T | U | R | L | Í | F | S | I | N | S | ■ | S | ■ | Ö | ■ | Ó | ■ | Ý |
| ■ | R | ■ | T | ■ | J | ■ | R | ■ | N | ■ | Ö | S | K | U | K | A | R | L | S |
| Á | S | T | A | R | Ó | Ð | A | ■ | N | ■ | G | ■ | R | ■ | U | ■ | I | ■ | E |
| ■ | L | ■ | N | ■ | S | ■ | M | Ý | F | L | U | G | U | ■ | L | ■ | N | ■ | L |
| S | A | M | F | E | L | L | T | ■ | J | ■ | B | Ó | M | U | L | E | N | G | D |
| ■ | B | ■ | E | ■ | | ■ | Í | T | Ö | L | U | M | ■ | T | ■ | S | ■ | E | ■ |
| V | E | F | R | I | T | I | Ð | ■ | R | ■ | R | A | K | A | S | P | A | Ð | A |
| ■ | L | ■ | Ð | ■ | ■ | L | ■ | Ú | Ð | A | Ð | R | A | R | ■ | A | ■ | Þ | ■ |
| ■ | G | R | I | F | F | L | U | M | ■ | S | ■ | ■ | L | ■ | P | R | J | Ó | N |
| ■ | I | ■ | N | ■ | ■ | U | ■ | B | Ó | K | A | J | Ó | L | A | ■ | ■ | T | ■ |
| S | N | Ú | N | I | N | G | A | R | ■ | U | ■ | ■ | N | ■ | K | V | I | T | T |
| ■ | N | ■ | I | ■ | ■ | I | ■ | A | U | R | A | B | A | U | K | ■ | ■ | A | ■ |

Lausnarorð síðustu viku var

**HAFNSÖGUMAÐUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Oona og Salinger eftir Frédéric Beigbeder** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnur Ringsted, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist risavaxið náttúrufyrirbæri. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „14. nóvember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.







# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SKIPTINGARSPIL

Þetta mikla skiptingarspil kom fyrir í svk. Bridgefélags Reykjavíkur sem lauk í gær. Vestur hefur sagnir og hann hefur sjaldgæfa skiptingu. Margir kusu að opna á alkröfu í vestur til að sýna spaðageim á einni hönd. Vestur gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ -
♥ K9862
♦ ÁG875
♣ KDG

**Vestur**
♠ ÁKDG10963
♥ Á1074
♦ -
♣ 4

**Austur**
♠ 872
♥ -
♦ KD109642
♣ 1083

**Suður**
♠ 54
♥ DG53
♦ 3
♣ Á97652

Þar sem Hrannar Erlingsson var í vestur, kaus hann að opna á 2 laufum (alkröfu) og félagi hans, Sverrir Kristinsson, ákvað að freista gæfunnar í 6 spöðum stuttu síðar í sögnum. Útspil norðurs var laufkóngur. Suður þurfti að yfirdrepa og spila spaða til að hnekkja slemmunni, þar sem norður á ekki spaða, en gerði það ekki.
Hrannar gat trompað 3 hjörtu í blindum og staðið slemmuna. Ætla mætti að gróði fengist við að standa spaðaslemmu, en spilið féll í samanburðinum, 6 spaðar sagðir og staðnir í hinu borðinu í leiknum. Nokkrir aðrir freistuðu gæfunnar í 6 spöðum með misjöfnum árangri, en 4 spaðar var algengasti samningurinn.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 8 | | | | | 4 | |
| 5 | | | 8 | | 2 | 9 | | |
| 1 | 2 | | | | | | | |
| | 4 | | 2 | 7 | | 6 | | 5 |
| | | 5 | | | 9 | 2 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | 5 | 7 | | |
| | | | 5 | 2 | 4 | 1 | 7 | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | 6 | 9 | | | | | 8 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | 8 | | | 4 | |
| | | | 6 | | 9 | | | |
| 5 | | 9 | 1 | | | | | |
| | 5 | 4 | | | 1 | | 3 | 8 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 8 | 3 | | | | 1 | | |
| 8 | | | | | | 3 | 5 | |
| | 2 | | 5 | | 3 | | 9 | |
| 1 | | | 9 | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | | | | | 4 | 9 | |
| 9 | | | | 1 | | | 5 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | | 9 | | | | 6 | | |
| 3 | | | 2 | | | | | |
| 4 | 5 | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | | 3 | | | 4 | | | 1 |
| | | | | | 8 | | 7 | 5 |
| | | | 9 | | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Kjúklinga-veisla

Gerðu góð kaup

20% afsláttur

**789** kr. kg

Verð áður ~~985~~ kr. kg

Krónu kjúklingur með grillkryddi

Stórkaup

**1898** kr. kg

Krónu kjúklingabringur, stórkaup

**699** kr. kg

Krónu kjúklingur, heill, ferskur

25% afsláttur

**999** kr. kg

Verð áður ~~1347~~ kr. kg

Krónu kjúklingalærleggur, án mjaðmabeins

15% afsláttur

**2199** kr. kg

Verð áður ~~2598~~ kr. kg

Ali kjúklingalæri, úrbeinuð, 100% hreint

**299** kr. kg.

Krónu kjúklingavængir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Ef þú kaupir Coke eða Coke light 4x2 lítra þá færðu eitt jóladagatal í kaupauka

**999** kr. 4x2 lítrar

4x2 lítrar Coke eða Coke light og eitt jóladagatal

Kaupauki

Jóladagatal

Nýtt jólatilboð

alla mánudaga og fimmtudaga til jóla

*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

33% afsláttur

**99** kr. stk.

Verð áður ~~149~~ kr. stk.

Jólajógúrt með jarðarberjum, 165 g

*Til 15. nóvember 2015

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 174

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | | 5 | | | 9 | | 4 |
| | | 8 | 2 | | 3 | | | 7 |
| 4 | | 7 | | | 8 | 2 | | |
| 2 | | | 3 | 1 | | | 9 | |
| | 8 | 3 | | | 7 | 4 | | 1 |
| | 4 | | 8 | 6 | | 7 | 2 | |
| 8 | | 9 | | | 6 | 1 | | 2 |
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | 8 |
| 1 | | 6 | 7 | | 2 | | 4 | |



## Brandarar

**Ég var að frétta að maðurinn þinn hefði misst málið í sex vikur.**
Nú, hann sagði mér ekkert frá því.

**Hvernig brenndi drekinn sig á höndinni?**
Hann hélt fyrir munninn á sér þegar hann hnerraði.

**Maðurinn:** Hvað ert þú nú gamall, góði minn?
**Drengurinn:** Ég er of ungur til að vera gamall.

**Óli:** „Það eru til hundar sem eru vitrari en eigendur þeirra."
**Kári:** „Já, ég veit það, ég á einn."






Hallgerður á nokkra uppáhaldsstaði, einn þeirra er Grænaborg. Þessi mynd er tekin nálægt henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Er kölluð Hallgerður en heiti Gló Magnaða

**Hallgerður Hafþórsdóttir** er oft úti í Flatey á Breiðafirði, þar hjálpar hún afa sínum að sækja kartöflur og ömmu að baka pönnsur.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hvað ertu gömul?** Ég er kölluð Hallgerður Hafþórsdóttir en ég heiti Gló Magnaða og ég er fimm ára.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að leika í varúlfaleik og búa til marglit bönd, það heitir að loom-banda.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn?** Leikskólinn minn, Grænaborg, og Flatey og líka Berlín því ég er að fara þangað og það er í fyrsta skipti sem ég fer til útlanda.

**Hvað er mest gaman að gera í Flatey?** Að klappa Diego lambhrútnum mínum, að sulla í sandkassanum með Áróru og Sóldísi, skvetta vatni og vera í alls konar búð. Ég er oft dugleg að leika mér og ef vinkonur mínar eru ekki í Flatey fer ég bara til ömmu, hún á heima þar.

**Ertu stundum að hjálpa til við sveitastörfin?** Jebb. Ég smala kindum, gef þeim og rek þær inn í girðingu. Svo hjálpa ég afa að sækja kartöflur og svo setjum við þær í pott og borðum þær. Ég er líka dugleg að hjálpa ömmu að baka pönnsur og hjálpa Hrönn með Lúkas og Kára – þeir eru hundar.

**Hvað er það ævintýralegasta sem þú hefur gert í sveitinni?** Einu sinni þegar ég fór á traktorinn hans Magnúsar og fór í heimsókn til hans, þar fæ ég alltaf kakó og að klappa Vaski.

**Hefurðu farið á sjóinn að fiska?** Jebb. Ég fer oftast með pabba, stundum með öllum hinum. Við erum að veiða þorsk, ég hef sko veitt nokkra og líka makríl. Einu sinni fékk pabbi lifandi sel í netið sitt og ég fékk að klappa honum áður en hann fór aftur í sjóinn.

**Ertu aldrei sjóveik?** Nei, nei.

# the Bellamy Brothers



## Eldborg 26. mars 2016

Hinir heimskunnu Bellamy Brothers eru á leið til landsins og munu flytja alla sína helstu smelli í Eldborg, þann 26. mars. Bræðurnir David og Homer Bellamy slógu rækilega í gegn á 8. áratugnum og hafa æ síðan heillað áheyrendur upp úr skónum með lögum á borð við Let Your Love Flow, If I Said You Had a Beautiful Body Would You Hold It Against Me og ótal fleirum. Ekki missa af þeim bræðrum í Eldborg ásamt hljómsveit í heimsklassa.

**Eldborg Hörpu, 26. mars 2016, kl. 21:00.**

**Miðasala hefst miðvikudaginn 18. nóv. á Harpa.is, Tix.is og í miðasölu Hörpu**

DÆGURFLUGAN · BELLAMY BROTHERS BB · HARPA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðlæg átt 5-13 metrar á sekúndu í dag. Él um landið norðan- og vestanvert og sums staðar skúrir við ströndina. Stöku skúrir eða él suðaustanlands, en annars víða þurrt og bjart veður. Vægt frost til landsins, en annars 0 til 5 stiga hiti.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 9° | Oslo 4° | Stokkhólmur 6° | Gautaborg 9° | Helsinki 9° | Þórshöfn 7° | Nuuk -16° |
| London 10° | Amsterdam 12° | París 12° | Berlín 10° | Madríd 16° | Brussel 12° | Róm 17° |
| Boston 6° | New York 7° | Orlando 15° | Moskva 1° | Singapúr 27° | Tókýó 13° | Sydney 17° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **07.38** | **01.29** |
| 3,93m | 0,45m |
| **19.54** | **13.57** |
| 3,64m | 0,49m |
| **Akureyri** | |
| **11.55** | **05.43** |
| 1,47m | 0,36m |
| **00.24** | **18.14** |
| 1,33m | 0,28m |
| **Ísafjörður** | |
| **09.31** | **03.27** |
| 2,20m | 0,34m |
| **21.46** | **16.01** |
| 1,96m | 0,36m |

### Tunglstaða

Vaxandi
21%

Sólarupprás:
09.51

Sólarlag:
16.30

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↖ 0 | 2° ↙ 10 | -3° ↙ 10 | -4° ← 12 | -4° ↙ 12 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↙ 15 | -2° ↙ 14 | -6° ↙ 11 | -8° ↙ 10 | -7° ↙ 10 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↙ 6 | -1° ↙ 10 | -6° ↓ 9 | -8° ↙ 3 | -7° ↙ 4 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ← 10 | 0° ↓ 15 | -4° ↓ 10 | -11° → 5 | -4° ↓ 12 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ← 4 | 1° ↙ 6 | -6° ↓ 8 | -7° ↙ 9 | -5° ↙ 12 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LEGO VÉLMENNI
# LIFNA VIÐ

## Í HÁSKÓLABÍÓI
Í DAG KL. 9.00–15.30

ENNEMM / NM71953

**Hvaða lið vinnur *FIRST* LEGO LEAGUE tækni- og hönnunarkeppni grunnskólanna?**

Keppt er með forrituðum Lego-vélmennum sem leysa flókin viðfangsefni. Þema keppninnar í ár er *Úrgangur er auðlind*. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Komdu og fylgstu með spennandi keppni!

Krumma sýnir Mindstorms vélmenni
Efnafræðitilraunir Sprengju-Kötu
Vísindasmiðja Háskóla Íslands
Rafknúinn kappakstursbíll Team Spark
Sorpa kynnir starfsemi sína
Gestir spreyta sig á smíði vindmylla



Einnig er hægt að fylgjast með beinni útsendingu á firstlego.is eða á facebook.com/FLLaIslandi

#FirstLegoIceland

HÁSKÓLI ÍSLANDS FLL NÝHERJI

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Nær ekki að hrista undirheimana af sér

**Sextánda bók Stefáns Mána, Nautið, er komin út. Í bókinni blandast saman tvö sögusvið í gegnum aðalsöguhetju bókarinnar, íslenskur bóndabær og undirheimar Reykjavíkur.**



Stefán Máni segir erfitt að hrista undirheimana alveg af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég næ aldrei að hrista þessa undirheima alveg af mér. Mér finnst þeir alltaf pínu spennandi og hef gaman af því að skrifa um þá," segir Stefán Máni Sigþórsson. Á fimmtudag kom út spennusagan Nautið, sem er sextánda bók Stefáns Mána.

Aðalsöguhetja bókarinnar er Hanna, sveitastelpa sem flytur til borgarinnar þar sem hún lendir í vafasömum félagsskap. Sögusviðin eru tvö, bóndabær á Íslandi og undirheimar Reykjavíkur. „Þetta fléttast síðan allt saman. Bókin byrjar á því að tvær túristastelpur koma á bóndabæ þar sem skelfilegir atburðir hafa gerst. Hanna ólst upp á þessum bóndabæ en hrökklast þaðan.

Hún reynir að fóta sig í borginni en er óláníð uppmálað og flækist í vondan félagsskap. Hún á kærasta sem er glæpamaður og er sjálf að fikta í dópi. Hennar heilbrigðasta samband í lífinu er við bróður hennar sem er þroskahamlaður og býr enn þá í sveitinni," segir hann.

„Það er heilmikið plott í bókinni og það spilast inn í þetta flétta í undirheimunum sem snýst um demanta sem er rænt í innbroti á Seltjarnarnesi. Þetta er mikið kapphlaup og spenna í kringum þessa demanta sem skipta um eigendur og hverfa svo. Þetta fléttast síðan allt inn í örlagasögu Hönnu."

Undirheimarnir hafa verið áberandi í bókum Stefáns Mána og það er engin undantekning frá því í þessari bók. „Það virkar alltaf vel að blanda saman heiminum okkar og undirheimunum. Þessi barátta góðs og ills í bland við samfélagslegar sundrungar hentar vel í drama," segir Stefán Máni sem sækir sér meðal innblástur í fréttir af undirheimunum. „Ég fylgist með fréttum og heyri sögur. Ég bý líka enn að öllum rannsóknunum sem ég gerði í kringum Svartur á leik."

Ofbeldi er líka áberandi í bókinni líkt og hefur gjarnan verið í bókum hans. Af hverju allt þetta ofbeldi? „Ofbeldi er frábært skemmtiefni innan gæsalappa. Mér finnst ofbeldi skelfilegt og er hræddur við það en er að hluta til að skrifa um það því mér finnst það óþægilegt en líka heillandi út frá sálfræðilegu og mannlegu sjónarhorni," segir hann.

viktoria@frettabladid.is

Nýr VPG MV1
með hjólastólaaðgengi



- Fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn sem er úthugsaður fyrir hjólastólanotkun.
- Getur tekið 1 hjólastól og 5 farþega eða 2 hjólastóla og 3 farþega.
- Þú situr frammí.
- Bíllinn er eins og fólksbíll að innan.
- Rafknúin rampur.
- Bíllinn er á staðnum.

Verð miðað við fulla niðurfellingu 4.254.000 með fullum styrk um 1.700.000

SPARIbíll
www.sparibill.is
Fiskislóð 16 · Sími 577 3344



Hanna Dóra og Gerrith Schuil syngja og spila í Hannesarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Túlka margar hliðar Mignon

„Þetta er fallegt prógramm og það er skemmtilegt að flytja tónsetningar eftir ólík tónskáld við sömu ljóðin," segir Hanna Dóra Sturludóttir mezzo-sópransöngkona um dagskrána sem hún og Gerrit Schuil píanóleikari verða með í Hannesarholti á morgun, sunnudag.

Það eru Söngvar Mignon sem um ræðir. Þeir eru lagðir í munn persónu í einni af frægustu skáldsögum Goethe. Tónskáldin Franz Schubert, Robert Schumann og Hugo Wolf spreyttu sig á því að tónsetja ljóðin á 19. öld og Hanna Dóra segir magnað hvernig hver og einn þeirra les þennan karakter á sinn hátt. „Við Gerrit komum því til með að túlka margar hliðar stúlkunnar Mignon," segir Hanna Dóra og kveðst hlakka til.

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og standa í klukkutíma. Hanna Dóra og Gerrit munu kynna söngvana. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

– gun

# LÍNUDANS ÞÓRUNNAR




**BERSÖGUL OG HISPURS-LAUS!**

Opinskáar minningar Þórunnar Valdimarsdóttur, ofnar trega og hamingju, léttleika og djúpum söknuði

**„Maður getur eiginlega ekki lagt bókina frá sér ...“**
FB / Kiljan um *Stúlku með maga*

**„... ótrúlega markverð bók.“**
EH / Kiljan um *Stúlku með maga*

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



Arnar og Heiðar Kári með kokteila sem eru hluti af sýningu þeirra í Harbinger. Bak við þá er verk eftir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einhvers konar dagdraumur

Promesse du bonheur, eða Loforð um hamingju, nefnist sýning sem myndlistarmennirnir Heiðar Kári Rannversson og Arnar Ásgeirsson hafa opnað í Harbinger sýningarrýminu á Freyjugötu 1.

„Við erum með um það bil tíu listaverk af mismunandi toga,“ segir Heiðar Kári og tekur fram að um samvinnuverkefni sé að ræða sem vinnist á milli miðla, þangað til eitthvað verður til.

„Fyrst verður kannski til texti, svo verður til mynd, síðan hefur myndin áhrif á textann og textinn aftur áhrif á myndina á móti. Úr þessu ferli verður einhvers konar dagdraumur sem má skoða sem heildstætt verk,“ segir hann afar skáldlega.

Þegar ljósmyndarinn mundar myndavélina grípa þeir félagar ílát með litríkum kokteilum, sem þeir fullyrða að séu hluti af sýningunni. „Þessir kokteilar eru ekki alvöru svo það er bannað að smakka á þeim. Þetta eru göróttir drykkir,“ segir Heiðar Kári ábúðarfullur.

Sýningin í Harbinger á Freyjugötu stendur til 13. desember og hún er opin fimmtudaga til laugardaga frá klukkan 14 til 17 og einnig eftir samkomulagi. – gun

**FYRST VERÐUR KANNSKI TIL TEXTI, SVO VERÐUR TIL MYND, SÍÐAN HEFUR MYNDIN ÁHRIF Á TEXTANN OG TEXTINN AFTUR ÁHRIF Á MYNDINA Á MÓTI.**

# Sprengikraftur í Norræna húsinu

**TÓNLIST**

**Tónleikaröðin Klassík í Vatnsmýrinni**

★★★★☆

**Flytjendur** Auður Gunnarsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir
11. nóvember.



„Söngur Auðar var ferskur og tilfinningaríkur. Leikur Helgu Bryndísar var líka framúrskarandi,“ segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líf og ástir konu, Frauenliebe und Leben, eftir Schumann er lagaflokkur sem er svo oft fluttur að hann nálgast að vera klisja. Það er til marks um fagmennsku og hæfileika Auðar Gunnarsdóttur sópran og Helgu Bryndísar Magnúsdóttur píanóleikara að lögin hljómuðu nánast eins og maður væri að heyra þau í fyrsta sinn. Auður og Helga Bryndís komu fram á tónleikum í röðinni Klassík í Vatnsmýrinni. Tónlist Schumanns var aðalatriðið fyrir hlé.

Lagaflokkurinn samanstendur af átta lögum. Ástin er í forgrunni. Ástarvíman nær hámarki í sjötta og sjöunda laginu, en sorgin knýr svo dyra í því síðasta. Einkennandi fyrir lögin er hve píanóröddin er allt öðruvísi en söngröddin. Þetta er enginn undirleikur, ó nei. Þarna eru ekki bara einhverjir hljómar og fylgiródd. Píanóleikarinn er eins og mótleikari í leikriti. Rödd hans skapar fullkomið mótvægi við sönginn svo úr verður einstaklega fögur heild.

Söngur Auðar var ferskur og tilfinningaríkur. Röddin hljómaði fallega, hún var tær og safarík. Leikur Helgu Bryndísar var líka framúrskarandi. Hann var fullur af nostursamlega mótuðum litbrigðum sem voru unaðsleg áheyrnar.

Lagaflokkur Schumanns fer á vissan hátt í hring. Það eru sömu tónahendingar í síðasta laginu og því fyrsta. Endirinn vísar þannig í upphafið. Engu að síður vantar oft upp á heildarsvipinn þegar flokkurinn er fluttur. Kannski er það vegna þess hve fjölbreytt lögin eru. En hér slitnaði rauði þráðurinn aldrei. Söngurinn og píanóleikurinn héldu athygli manns allan tímann.

Annað á dagskránni var eftir þessu. Þrjú lög úr Pétri Gaut, sem Hjálmar H. Ragnarsson samdi fyrir uppfærslu Þjóðleikhússins á leikriti Ibsens árið 1991, voru ákaflega lýrísk og dreymandi. Fjórir gamansöngvar eftir Wolf-Ferrari voru kostulegir og Poema en forma de canciones, söngljóð eftir Turina, voru mögnuð. Einleikur Helgu Bryndísar á undan var tilþrifamikill og lögin voru þrungin ástríðum. Söngurinn var gæddur sprengikrafti og píanóleikurinn var svo vandaður og fágaður, svo lifandi og skáldlegur að það var einfaldlega frábært. Þetta var skemmtileg kvöldstund. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA** Sérlega fallegur, innblásinn flutningur.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-2081

# Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz GLK er ríkulega búinn og einstaklega öflugur sportjeppi með mikla veghæð og dráttargetu upp á heil 2,4 tonn. Öllum notuðum GLK **fylgja vetrardekk** og þeir hafa staðist **þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

Að auki fylgir **flug fyrir tvo með WOW Air** öllum notuðum Mercedes-Benz í eigu Öskju í nóvember. Tilboðið gildir fyrir bifreiðar að verðmæti 1,5 milljónir eða meira.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

**GLK 220 4MATIC árgerð 2012,**
**ekinn 41 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Dráttarbeisli, inniljósapakki, krómpakki, Parktronic, hiti í framsætum, skyggðar rúður, Offroad pakki o.fl.

**Verð 5.890.000 kr.**
**Afb./mán. 55.300 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar 11,03%

WOW air **Flug fyrir 2** til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
